FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

246. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 19. OKTÓBER 2017



Tugir þúsunda mótmæltu því í Barcelona í gærkvöldi að tveir leiðtogar sjálfstæðisbaráttu héraðsins hefðu verið hnepptir í gæsluvarðhald af spænskum stjórnvöldum. Katalónar þurfa að gefa afdráttarlausa yfirlýsingu í dag um hvort þeir lýsi yfir sjálfstæði eður ei. Spænsk stjórnvöld eru reiðubúin til að afnema sjálfstjórn héraðsins ef sjálfstæði verður lýst yfir. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Kúnst að tækla erfiða kúnna

**LÍFIÐ** „Sumir lenda í erfiðum viðskiptavinum oft á dag og ég held ég þori að fullyrða að allir lenda í slíkum viðskiptavinum einhvern tímann,“ segir Margrét Reynisdóttir, sérfræðingur í þjónustustörfum. Margrét segir góðan undirbúning vera númer eitt, tvö og þrjú þegar tækla á dónalega og erfiða viðskiptavini. – bb / sjá síðu 54



Margrét Reynisdóttir

## Mysa verður vín

**IÐNAÐUR** „Þær niðurstöður sem liggja fyrir lofa mjög góðu,“ segir Ari Edwald, forstjóri MS sem ásamt Kaupfélagi Skagfirðinga stefnir að framleiðslu á etanóli eða alkóhóli úr mjólkursykri mysu.

Etanólframleiðslan á að nema um 1,5 milljónum lítra á ári. Íslenskir áfengisframleiðendur geti þá þróað vörur úr alíslenskum spíra. – hg / sjá síðu 6

# Freyja fær ekki að vera fósturforeldri og stefnir

Freyja Haraldsdóttir, fyrrverandi varaþingmaður, höfðar mál gegn Barnaverndarstofu sem synjaði henni um stöðu varanlegs fósturforeldris. Úrskurðarnefnd velferðarmála er sammála Barnaverndarstofu en Freyja telur á sér brotið.

**MANNRÉTTINDI** Freyja Haraldsdóttir, fyrrverandi varaþingmaður Bjartrar framtíðar og baráttukona fyrir bættum réttindum fatlaðs fólks, hefur stefnt Barnaverndarstofu vegna ákvörðunar stofnunarinnar um að neita henni um að gerast varanlegt fósturforeldri.

Freyja telur brotið á mannréttindum sínum.

„Hún óskaði þess að gerast fósturforeldri en því var hafnað af Barnaverndarstofu. Þeirri synjun var skotið til úrskurðarnefndar velferðarmála sem staðfesti síðan synjun Barnaverndarstofu,“ segir Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu.

Freyja var varaþingmaður fyrir Bjarta framtíð árin 2013-2016 og lagði fram frumvarp árið 2015 um bann við mismunun og réttindi fatlaðs fólks.



Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastýra

Einnig barðist hún fyrir innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir fatlað fólk. Bragi segist ekki geta rætt ástæður þess að Barnaverndarstofa synjaði ósk Freyju.

„Hins vegar tel ég líklegt að þessar málsástæður Barnaverndarstofu komi allar fram við meðferð málsins fyrir dómstólum. Þá geta menn lagt mat á þetta. Mér er ekki heimilt að greina frá ástæðum sem lúta að persónulegum þáttum einstaklinga sem varða mál á okkar borðum.“

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólk er rætt um réttindi fatlaðra til fjölskyldulífs. Aðildarríki skulu gera ráðstafanir til að uppræta mismunun gagnvart fötluðu fólki í öllum málum sem lúta að fjölskyldu og foreldrahlutverki á sama hátt og gildir um aðra. Einnig mun jafnræðisregla stjórnarskrárinnar líka verða tekin til skoðunar við meðferð þessa máls.

Sigrún Ingibjörg Gísladóttir, lögmaður Freyju, segir málið snúast að miklu leyti um réttlæti og jafna stöðu borgaranna.

„Við viljum ekki tjá okkur um málið á þessu stigi að öðru leyti en því að í hnotskurn snýst þetta um það hvort fatlað fólk fái sömu meðferð og sama umsagnarferli og ófatlað fólk,“ segir Sigrún Ingibjörg. - sa

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Grætur gests auga, skrifar Phil Nuttridge. 22

**SPORT** FH þarf að fara aftur til St. Pétursborgar í Rússlandi. 34

**MENNING** Þetta er allt annað samfélag, segja Mikael Torfason og Þorleifur Örn Arnarsson, höfundar leikritsins Guð blessi Ísland. 40

**LÍFIÐ** Álitsgjafar velja best klæddu frambjóðendurna. 50

**PLÚS SÉRBLAÐ** ● **FÓLK**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015



PLAKAT FYLGIR BLAÐINU

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

GJÖF SEM GEFUR ÓTAL MÖGULEIKA



SMÁRALIND

## Veður




Stíf austanátt í dag, en stormur syðst á landinu. Rigning, einkum á Suðausturlandi og Austfjörðum þar sem búast má við talsverðri eða mikilli rigningu, líklega með tilheyrandi vatnavöxtum. SJÁ SÍÐU 38

# Heiðruðu kórstjórann



Fjölmenni var komið saman í Menntaskólanum í Hamrahlíð í gær til að heiðra Þorgerði Ingólfsdóttur. Þorgerður hætti á dögunum sem kórstjóri skólans eftir fimmtíu ára starf. Núverandi og fyrrverandi meðlimir kórsins létu sjá sig og þöndu raddböndin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Lúðuát bannað vegna eiturefna

**NOREGUR** Veiðar á bæði stórlúðu og smálúðu hafa verið bannaðar á veiðisvæðinu Sklinnabanken við Namdalsströnd í Noregi. Ekki er óhætt að neyta fisksins vegna mikils magns umhverfiseiturs í honum.

Sérfræðingur hjá norska matvælaeftirlitinu segir koma á óvart að eitur skuli vera í smálúðu á þessu afmarkaða svæði en minnir á frétt frá 1971 er hollensku skipi sem var á leið til fyrrgreinds veiðisvæðis með úrgang frá plastverksmiðju í Rotterdam var snúið við. Ekki er vitað í hversu langan tíma tunnum með umhverfiseitri var sökkt á fiskveiðisvæðinu.

Árið 1971 var einnig greint frá því að sænskt fyrirtæki hefði árið 1970 sökkt mörgum þúsundum tonna af plastúrgangi á svæðinu. – ibs

## Kaupa land af Seðlabankanum

**SVEITARSTJÓRNIR** Seðlabankinn mun selja Hveragerðisbæ svokallað Kambaland fyrir 200 milljónir króna. Þetta kemur fram á bloggsíðu Aldísar Hafsteinsdóttur bæjarstjóra. Rætt var á þriðjudag um greiðslufyrirkomulag.

„Náðum góðri niðurstöðu sem vonandi gerir að verkum að einfaldara verður að eignast landið. Síðan er gaman að geta þess að með því að taka góðar ákvarðanir nokkuð hratt á næstunni væri mögulega hægt að úthluta þarna fyrstu lóðunum í byrjun næsta árs,“ skrifar bæjarstjórinn. – gar



**Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri Hveragerði**

## Ákæra formann hjólreiðafélags

**DÓMSMÁL** Formaður Hjólreiðafélags Akureyrar hefur verið ákærður fyrir hafa tekið ófrjálsri hendi tæplega þrjár milljónir króna.

Maðurinn er sagður hafa millifært af reikningi hjólreiðafélagsins yfir á sinn reikning rúmlega tvær og hálfa milljón króna í 53 færslum á árinu 2016. Einnig er hann ákærður fyrir eitt hundrað þúsund króna reikning frá Olís og fyrir viðskipti til eigin nota upp á 225 þúsund krónur með úttektarkorti hjá Olís á nafni hjólreiðafélagsins. – sa

**3,0**

**milljónir króna eru sagðar hafa verið teknar í óleyfi.**

# Möndlumjólk skilin frá dýramjólk í verslunum

**Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði segja Möndlumjólk villandi heiti á vörutegund. Neytendastofa tekur undir kvörtun SAM og beinir til verslana að laga hillumerkingar. Maður mjólkar ekki möndlur, segir framkvæmdastjóri SAM.**

**NEYTENDAMÁL** Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði (SAM) kvörtuðu til Neytendastofu vegna villandi hillumerkinga í íslenskum verslunum. Töldu samtökin beitt villandi viðskiptaháttum þar sem merkingar í hillu bentu til að um mjólkurafurðir væri að ræða sem sannarlega væru ekki búnar til úr mjólk.

„Málið snýr að nokkrum vörum,“ segir Bjarni R. Brynjólfsson, skrifstofustjóri SAM.

„Til að mynda eins og möndlumjólk, sem er gerð úr möndlum og sannarlega ekki mjólk, sjáðu til, maður mjólkar ekki möndlur. Einnig er um að ræða ólífusmjör sem er ekki smjör heldur smjörlíki og einnig höfum við séð búðing, sem búinn er til úr haframjöli, merktan sem jógúrt.“

Í Evrópureglugerðum eru mjólkurafurðir varðar gegn því að menn noti heiti þeirra á vörur sem eru gerðar úr öðru en mjólk. Þær ESB-reglur hafa ekki verið innleiddar í íslensk lög að sögn Bjarna.

Hins vegar eru til lög sem vernda neytendur fyrir blekkingum og villandi viðskiptaháttum. SAM hafi því kvartað á grundvelli þeirra laga.

„Það hefur verið þannig að merkingar á tilteknum erlendum vörum hafa verið hárréttar. Hins vegar hafa merkingar á hillum í verslunum innanlands verið rangar. Því hafa ekki verið sömu vöruheiti á merkingum og á vörunum sjálfum. Á grunni þess bentum við Neytendastofu á það að hér sé um villandi viðskiptahætti að ræða,“ segir Bjarni.

Á síðustu árum hefur nokkur fjölgun orðið í hópi þeirra sem neyta engra dýraafurða. Hafa því komið á markað, til að anna þeirri eftirspurn, vörur eins og möndlumjólk, haframjólk, sojamjólk og aðrar vörutegundir sem staðgenglar kúamjólkur.

Bjarni segir Neytendastofu hafa tekið undir gagnrýni SAM á þessa viðskiptahætti og sent bréf til verslana í landinu.

„Bónus hefur þegar brugðist mjög vel við og ætlar að leiðrétta hillumerkingar sínar. Þeir hjá Bónus eru sammála okkur um að þetta kemur mjólkurafurðum ekkert við,“ segir Bjarni. sveinn@frettabladid.is



Afurðir, sem ekki eru gerðar úr dýramjólk, má ekki kalla mjólk, jógúrt, smjör eða ost, segja Samtök afurðastöðva í mjólkuriðnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Þeir hjá Bónus eru sammála okkur um að þetta kemur mjólkurafurðum ekkert við.**
>
> Bjarni R. Brynjólfsson, skrifstofustjóri SAM



Jóhann Ólafsson & Co

Rafvirkjar

LED flóðkastarar




Jóhann Ólafsson & Co.
Krókháls 3, 110 Reykjavík
533 1900
olafsson.is

LEDVANCE OSRAM





## Stopover Buddy

Euro Effie awards 2017

Brand Experience - Gullverðlaun
Leisure & Entertainment - Gullverðlaun
Small Budget - Gullverðlaun
David vs. Goliath - Silfurverðlaun

euro effie awards







# Við vinnum vel saman

Við hjá Íslensku auglýsingastofunni erum stolt og glöð yfir því að Icelandair Stopover Buddy herferðin hlaut fern verðlaun á hinni virtu Euro Effie auglýsingahátíð í ár.

Herferðin var tilnefnd í fjórum árangurstengdum flokkum og hlaut verðlaun í þeim öllum: þrenn gullverðlaun og ein silfurverðlaun. Hún var unnin í samstarfi við The Brooklyn Brothers í London og voru stofurnar saman einnig útnefndar þriðja besta auglýsingastofan í Evrópu 2017.

Stopover Buddy herferðin var afar farsæl vefmarkaðsherferð. Hún tengdi farþega við gestrisið starfsfólk Icelandair sem sýndi þeim land og þjóð. Stopover-bókunum fjölgaði um 42% í kjölfar hennar.

Við þökkum Icelandair og The Brooklyn Brothers fyrir ánægjulegt og uppskeruríkt samstarf.

Íslenska

# Reglur um viðbrögð við kynferðislegri áreitni í Skagafirði

**SKAGAFJÖRÐUR** Sveitarfélagið Skagafjörður hefur sett leiðbeiningar um hvernig skuli bregðast við brotlegri eða ósiðlegri hegðun í sundlaugum og öðrum íþróttamannvirkjum. Tilefnið eru tvö atvik sem komu upp í sundlaugum sveitarfélagsins.

Í leiðbeiningunum er meðal annars kveðið á um hvernig skuli bregðast við ef vart verður við mynda- eða hljóðupptökur, gægjur, áreitni eða sýniáráttu á áðurnefndum stöðum. Meta verði hverju sinni til hvaða ráðstafana skuli gripið en þar skipti máli hvort um sé að ræða gest eða starfsmann.

„Við höfum lent í því að tilraunir hafa verið gerðar til að taka myndir í búningsklefum. Í báðum tilfellum var brugðist skjótt og vel við en okkur þótti rétt að hafa skýrt verklag á blaði,“ segir Gunnar Sandholt, félagsmálastjóri Skagafjarðar.

**»» Komist hefur upp um myndatökur af sundlaugagestum í búningsklefum lauga í Skagafirði.**

Í kjölfar fyrra atviksins hófst vinna við gerð leiðbeininganna sem nú liggja fyrir. Sambærilegt mál kom síðan upp í sumar, meðan vinna stóð yfir, en þá var starfsmaður sundlaugar grunaður um að mynda sundlaugargesti.

„Við unnum leiðbeiningarnar alfarið innanhúss þó stefna og viðbragðsáætlun sveitarfélagsins gegn einelti, ofbeldi og kynferðislegri áreitni hafi verið höfð til hliðsjónar,“ segir Gunnar. Honum er ekki kunnugt um að önnur sveitarfélög hafi svipaðar leiðbeiningar hjá sér. **– jóe**



**Myndavélar eru bannaðar í búningsklefum sundlauga.**

## Gagnrýni ÖSE alvarlegt mál

**DÓMSMÁL** Formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis segir að taka verði gagnrýni Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu á stöðu fjölmiðla hér á landi alvarlega. Stofnunin telur að lögbann á umfjöllun Stundarinnar og Reykjavik Media upp úr gögnum Glitnis banka grafi undan frelsi fjölmiðla og rétti almennings til upplýsinga.

„Það er ekki gott þegar alþjóðlegar stofnanir sem fylgjast með framkvæmd kosninga og fjölmiðlun gera athugasemdir við þennan framgang. Það er alvarlegt mál og að sjálfsögðu eigum við að taka það alvarlega,“ segir Jón Steindór Valdimarsson, formaður stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar sem ætlar að funda um málið í dag.

Ingólfur Hauksson, forstjóri Glitnis Holdco, segir ekki standa til að falla frá málinu. Ekki hafi verið krafist lögbanns á breska dagblaðið The Guardian sem einnig hefur birt fréttir af málinu. **– hks**



**Jón Steindór Valdimarsson**

## Skuldbindingar lækka milli ára

**EFNAHAGSMÁL** Hrein fjáreign innlendra aðila var neikvæð um rúma 736 milljarða í lok árs 2016, rúmum hundrað milljörðum minna en árið áður.

Hagstofan segir að heildarskuldbindingar hafi lækkað um 3,4 prósent milli ára og numið tæpum 28,5 þúsund milljörðum króna eða sem nemur 1.163 prósentum af landsframleiðslu. Þá lækkuðu fjáreignir um 3,1 prósent og voru rúmlega 27,7 þúsund milljarðar. **– jóe**

# Vafi leikur á kjörgengi fulltrúa Samfylkingar í borgarstjórn

**Kristín Soffía Jónsdóttir hefur tekið sæti í borgarstjórn eftir dvöl erlendis í fæðingarorlofi. Samþykkt Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að borgarfulltrúi sem fer í leyfi fái samþykki borgarstjórnar áður en hann flytur lögheimili sitt. Ellegar sé hann ekki kjörgengur. Skrifstofustjóri borgarstjórnar segir Kristínu kjörgenga.**

**STJÓRNSÝSLA** Kristín Soffía Jónsdóttir tók sæti í borgarstjórn fyrir Samfylkinguna að nýju í sumar eftir fæðingarorlof. Fréttablaðið hefur rætt við borgarfulltrúa í meirihluta og minnihluta sem telja vafa leika á hvort Kristín Soffía hafi verið kjörgeng og mátt taka sæti að nýju.

Ástæðan er sú að á meðan á orlofi stóð dvaldi hún í Danmörku og flutti lögheimili sitt á þeim tíma. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur málið komið til umræðu í forsætisnefnd borgarstjórnar.

Í 37. grein samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar segir:

„Þegar borgarfulltrúi flytur úr sveitarfélaginu um stundarsakir má borgarstjórn ákveða, að hans ósk, að hann skuli víkja úr borgarstjórn þar til hann tekur aftur búsetu í Reykjavík. Slík ákvörðun skal tekin áður en borgarfulltrúi flytur um stundarsakir. Sé ekki tekin ákvörðun samkvæmt þessari málsgrein missir borgarfulltrúi kjörgengi við skráningu lögheimilis í öðru sveitarfélagi.“

Helga Björk Laxdal, skrifstofustjóri Reykjavíkurborgar, segir í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að Kristín Soffía hafi verið í fæðingarorlofi frá júní 2016 til júlí 2017 í samræmi við tilkynningar hennar til Reykjavíkurborgar og fæðingarorlofsjóðs. Borgarfulltrúar eigi sama lögvarða rétt til töku fæðingarorlofs og aðrir sem rétt eiga samkvæmt lögum um fæðingarorlof án samþykkis borgarstjórnar.

Helga Björk segir að einu upplýsingarnar sem borgarstjórn hafi um lögheimilisskráningu Kristínar Soffíu sé að hún hafi haft skráð lögheimili í Reykjavík þegar hún sneri aftur til starfa á vettvangi borgarstjórnar í júlímánuði. „Borgarstjórn hefur ekki fengið og þar af leiðandi ekki afgreitt erindi frá Kristínu Soffíu um flutning lögheimilis en bent er á að borgarstjórn hefur enga aðkomu að málefnum borgarfulltrúa í fæðingarorlofi enda sitja þeir ekki í borgarstjórn á meðan á því stendur og þiggja hvorki laun né önnur réttindi á þeim tíma,“ segir í svarinu. Það er mat Helgu Bjarkar að Kristín Soffía hafi uppfyllt öll kjörgengisskilyrði þegar hún tók sæti í borgarstjórn á ný eftir fæðingarorlof.

Kristín Soffía segist hafa látið vita af lögheimilisflutningunum. „Ég lét vita að ég ætlaði að vera með lögheimili mitt erlendis á meðan ég væri í orlofi. Ég sótti um til fæðingarorlofssjóðs á meðan,“ segir Kristín Soffía. „Ástæðan fyrir lögheimilisskráningunni var að ég vildi tryggja að dóttir mín væri í ungbarnaeftirliti í Danmörku.“ **jonhakon@frettabladid.is**



**Kristín Soffía verður í 50 prósent starfi sem borgarfulltrúi næstu mánuðina. Hún var kjörin í borgarstjórn árið 2014 en hefur verið í fæðingarorlofi. Hún skráði lögheimili sitt í Danmörku vegna ungbarnaeftirlits.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Ástæðan fyrir lögheimilisskráningunni var að ég vildi tryggja að dóttir mín væri í ungbarnaeftirliti í Danmörku**
>
> Kristín Soffía Jónsdóttir, borgarfulltrúi





BOSS
HUGO BOSS

SAND

POLO
RALPH LAUREN

Stenströms

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

FINUCCI

bugatti

TINO COSMA

BELLINI
collezione

MANZ
GERMANY QUALITY SHOES SINCE 1898

BARKER
ENGLISH SHOEMAKERS SINCE 1880

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54
bláu húsin (við faxafen)









## Kína leiði heiminn




Kínverskir háskólanemar veifuðu þjóðfánanum undir setningarræðu forsetans Xi Jinping á flokksþingi Kommúnistaflokksins. Sagði Xi að þökk sé áratuga óþrjótandi vinnu kínverskra kommúnista standi ríkið traustum fótum. Kína sé að umbreytast í gríðarlega öflugt ríki sem geti leitt heiminn. NORDICPHOTOS/AFP

# Ætla að breyta mysu í vín innan tveggja ára

**MS og Kaupfélag Skagfirðinga ætla að hefja framleiðslu á etanóli í nýrri verksmiðju á Sauðárkróki. Vilja selja áfengisframleiðendum íslenskan spíra og taka þátt í vöruþróun á víni. Fimmfalt meira en framleitt er af áfengi hér á landi.**

**IÐNAÐUR** Mjólkursamsalan (MS) og Kaupfélag Skagfirðinga stefna að framleiðslu á etanóli eða alkóhóli úr mjólkursykri mysu innan tveggja ára. Verður hún hluti af nýrri verksmiðju dótturfélags fyrirtækjanna tveggja á Sauðárkróki og nýtt til framleiðslu á vínanda, iðnaðarspíra og mögulega lífrænu eldsneyti.

„Þær niðurstöður sem liggja fyrir lofa mjög góðu og við erum fullviss um að það verði af þessu verkefni. Þetta eru hátt í 2.500 tonn af þurrefni, eða sykri úr mysunni, á ári og það eru ýmsir möguleikar,“ segir Ari Edwald, forstjóri MS og stjórnarformaður dótturfélagsins Heilsupróteins ehf.

Etanólframleiðslan mun að sögn Ara nema um einni og hálfri milljón lítra á ári og í fyrstu að mestu seld öðrum fyrirtækjum til iðnaðarnota. Íslenskir áfengisframleiðendur geti þá þróað vörur úr alíslenskum spíra. MS hefur unnið að verkefninu síðan 2015 og meðal annars í samstarfi við Matís, Háskólann á Akureyri, danska tækniháskólann DTU og áfengisframleiðandann íslenska Foss Distillery.

Fréttablaðið fjallaði um hugmyndina í nóvember 2015. Kom þá fram að mesti ávinningurinn myndi fylgja framleiðslu á vínanda.



Ný verksmiðja Heilsupróteins á Sauðárkróki verður vígð á laugardag.



**Ari Edwald, forstjóri MS**

„Við sem að þessu stöndum teljum að það verði meginviðfangsefni mjólkuriðnaðarins á næstu áratugum að þróa frekari neytendavörur úr þessum hráefnum,“ segir Ari en próteinduft úr mysu verður framleitt í fyrsta áfanga verksmiðjunnar.

„Foss Distillery er aðalsamstarfsaðili okkar í etanólverkefninu og það er verið að skoða einnig vörur frá öðrum frumkvöðlum. Til dæmis verður í vígsluathöfn verksmiðjunnar boðið upp á mjólkurlíkjör frá fyrirtækinu Jöklu sem hefur þróað tvær tegundir af slíkum drykk. Um er að ræða fimmfalt meira magn af etanóli en notað er til áfengisframleiðslu á einu ári á Íslandi. Það eru ýmis tækifæri í vörumerkjum á neytendamarkaði en þetta mun skýrast fljótlega og verða tilbúið innan tveggja ára,“ segir Ari.

haraldur@frettabladid.is

# TAX FREE DAGAR
















## ÖLL BÚSÁHÖLD OG GARN

ÁN VIRÐISAUKASKATTS*
DAGANA 19.-22. OKTÓBER

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu.
*Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Þörf á kerfisbreytingu skýri töluleysi VG

**Nauðsynlegt er að hverfa frá einhliða skattahækkunum, segir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG. Flokkurinn ætli ekki að negla niður prósentubreytingar í kosningabaráttu sinni. Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, segir tillögur flokksins hófstilltar.**



Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, og Svandís Svavarsdóttir, þingmaður VG. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR/VILHELM

**STJÓRNMÁL** Þingmaður Vinstri grænna (VG) segir flokkinn ekki hafa lagt fram hugmyndir um neinar tölur í yfirstandandi kosningabaráttu þar sem stokka þurfi kerfið upp frá grunni. Formaður Samfylkingarinnar segir að tekjuöflun flokksins muni beinast að þeim sem eru vel aflögufærir. Lág- og meðaltekjufólki verði hlíft.

Í Markaðnum og á forsíðu Fréttablaðsins í gær var sagt frá því að upptaka hátekju- og auðlegðarskatta myndi aðeins koma til með að fjármagna lítið brot af þeim kosningaloforðum sem gefin hafa verið.

„Úttektin í Markaðnum er í besta falli á misskilningi byggð,“ segir Svandís Svavarsdóttir, þingmaður og oddviti VG í Reykjavíkurkjördæmi suður. „Við höfum talað um það að breikka tekjugrunn ríkisins og þá meðal annars litið til arðgreiðslna úr bönkunum, sem eitthvað sem allir flokkar tala nú um. Við viljum hliðra til í skattkerfinu og skattleggja þá sem meira hafa milli handanna,“ segir Svandís.

Hún segir að í áðurnefndri grein hafi verið talað líkt og VG hygðist auka útgjöld um 70 milljarða. Í loforðum annarra flokka hafi verið lögð fram drög að útgjalda- og tekjuaukningu ríkisins. Píratar lögðu til að mynda fram skuggafjárlagafrumvarp sem sýni áherslur flokksins. VG hefur ekki í hyggju að gera slíkt. Aðspurð hve mikil útgjöld, og auknar skattheimtur á móti, VG sæi fyrir sér segir hún að flokkurinn hafi ekki viljað gera slíkt.

„Við höfum ekki farið í það í stefnu okkar að færa milljarð til hér og þar. Við teljum að stokka þurfi kerfið upp frá grunni. Þar verði samfélagssáttmálinn í öndvegi en ekki sú nýfrjálshyggjutilraun sem hér hefur verið við lýði,“ segir þingmaðurinn. „Við þurfum að spyrja okkur hvað það kostar að vanrækja samfélagið árum saman? Því þurfa hægri menn að svara.“

Þá vilji VG hverfa frá einhliða skattahækkunum og horfa frekar til samstarfs við samstarfsflokka í ríkisstjórn, atvinnulífið og verkalýðshreyfinguna í þeim efnum með það að marki að breið samstaða skapist um breytingarnar. Einnig hafi þau talað fyrir þrepaskiptum fjármagnstekjuskatti. „Ég ætla ekki að fara út í eitthvert tog um einstakar upphæðir í þessum efnum,“ segir Svandís.

> Við höfum ekki farið í það í stefnu okkar að færa milljarð til hér og þar. Við teljum að stokka þurfi kerfið upp frá grunni.
>
> Svandís Svavarsdóttir, þingmaður og oddviti VG í Reykjavík suður

„Þegar við höfum lagt fram breytingar á fjárlögum þá höfum við alltaf lagt fram opna og gagnsæja tekjuöflunarleið á móti. Það er þannig nú líka,“ segir Logi Már Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. Flokkur hans áætli að það þurfi um 40 milljarða til að „standa undir þeirri nauðsynlegu aðgerð að koma hér á félagslegum stöðugleika“.

Logi segir að flokkur hans muni ekki koma til með að hækka álögur á fólk með lágar eða millitekjur. Þvert á móti stefni hann að því að tvöfalda barnabætur og hækka vaxta- og húsnæðisbætur.

„Það er velmegun og góðæri í landinu, að meðaltali. Það eru þó allt of margir sem hafa það skítt. Það verður auðvelt að fjármagna hófsöm kosningaloforð án þess að nokkur þurfi að líða fyrir það,“ segir Logi. „Við munum leita leiða til að afla tekna til að standa við okkar loforð. Þá munum við sækja fjármagn til þeirra sem eru mjög vel aflögufærir.“ **johannoli@frettabladid.is**





*16 kr. afslátturinn bætist ekki við annan afslátt og gildir einungis fyrir kort/lykla Orkunnar og staðgreiðslukort Skeljungs. Afslátturinn gildir ekki á Orkunni X.

Móðir og þrjú börn úr þjóðflokki Róhingja á flótta. NORDICPHOTOS/AFP

## Áhrifavaldar á Íslandi safna fyrir Róhingja

**SAMFÉLAG** Íslenskir áhrifavaldar á samfélagsmiðlum standa um þessar mundir að söfnun á vegum UNICEF. Safnað er fyrir börn þjóðflokks Róhingja en hundruð þúsunda úr þjóðflokknum hafa flúið ofsóknir í Mjanmar undanfarna mánuði.

„Börnin hafa orðið fyrir skelfilegu áfalli. Þau eru vannærð, meidd og hafa orðið viðskila við fjölskyldur sínar. Ástandið er gríðarlega alvarlegt og því mikilvægt að peningarnir skili sér á réttan stað sem fyrst,“ segir Sara Mansour, saramansour96 á Snapchat og einn aðstandenda söfnunarinnar.

Sara segir að söfnunin fari fram með þeim hætti að í hvert skipti sem fyrirfram ákveðin upphæð safnast muni einn eða fleiri áhrifavaldar gera eitthvað sniðugt. „Til dæmis fara í vax, fá sér tattú, raka af sér hárið, syngja uppi á sviði og svo framvegis.

Söfnunin er mikilvæg vegna þess að hingað til hefur ástandið fengið litla sem enga athygli. Við viljum vekja vitund fólks um málefni á sama tíma og við getum skemmt áhorfendunum,“ segir Sara enn fremur.

Fyrsti áhrifavaldurinn í röðinni er Ingólfur Grétarsson, goisportrond á Snapchat og umbrotsmaður á Fréttablaðinu. Hann fer í vax á fótleggjum og nára ef 150.000 krónur safnast. Hægt er að leggja söfnuninni lið með því að senda SMS-ið UNICEF í síma 1900 og greiða þannig 1.900 krónur eða með því að leggja inn á söfnunarreikninginn 701-26-102050, kennitala 481203-2950. **– þea**

DACIA

# DACIA LOGAN

## NÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU




Verð:

**2.590.000** kr.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)

Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco²

www.dacia.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

ENNEMM / SÍA / NM84440 *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

# Lögreglustjórinn segist hafa verið áreitt

**Áreitni þrífst enn innan lögreglunnar að sögn lögreglustjóra höfuðborgarsvæðis sem steig sjálf fram í gærkvöldi og tók þátt í samfélagsátakinu #metoo. Árið 2013 greindu 30,8% kvenna í lögreglunni frá kynferðislegri áreitni á vinnustað. Nú er framhaldsrannsókn í gangi.**



Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** „Ég hef ekki upplýsingar um hvaða lögreglumann var um að ræða eða hvort hann er enn í starfi,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins, um frásögn Margrétar Gauju Magnúsdóttur, bæjarfulltrúa í Hafnarfirði. Hún greindi frá kynferðislegri áreitni sem hún varð fyrir þegar hún starfaði í lögreglunni fyrir 17 árum í tengslum við vakningu á samfélagsmiðlum undir myllumerkinu #metoo.

Margrét Gauja lýsti áreitninni á Facebook-síðu sinni. Í frásögninni kom meðal annars fram að gerandinn hefði lýst kynlífsórum sínum sem fólu í sér kynlíf með henni.

„Fram kom hjá Margréti Gauju að sautján ár eru liðin frá því að umræddir atburðir gerðust. Ég hafði hins vegar samband við Margréti Gauju daginn sem hún birti frásögn sína og hrósaði henni fyrir það hugrekki sem hún sýndi með því að stíga fram og skýra frá reynslu sinni,“ segir Sigríður Björk. Á þeim tíma sem Margrét Gauja varð fyrir kynferðislegri áreitni hafi ekki verið nógu skýrt með hvaða hætti skyldi taka á frásögnum. En frá árinu 2015 hafi verið starfandi sérstakt fagráð fyrir lögregluna.

> **Innan lögreglunnar er starfrækt fagráð sem á að taka á málum er varða kynferðislega áreitni og einelti. Þá er starfandi jafnréttisnefnd innan lögreglunnar þar sem þessi mál koma til umræðu.**



Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna

„Fagráðið er óháð stjórnendum lögreglunnar. Það er skipað utanaðkomandi aðilum sem fólk getur snúið sér til með kvartanir vegna mála eins og eineltis og kynferðislegrar áreitni. Hugmyndin er sú að þú þurfir ekki að leita til næsta yfirmanns með þín mál heldur geti lögreglumenn leitað út fyrir sitt nánasta starfsumhverfi. Fagráðið er bundið trúnaði en leggur hlutlaust mat á erindi og leiðbeinir þeim, sem til þess leita, um rétt þeirra og í hvaða farveg mál skuli fara. Það eru enn sem komið er allt of fáir sem nýta sér þessa leið, sem er mjög miður. Það fréttist stundum af árekstrum í samskiptum innan embættisins en þau mál rata ekki í þessa meðferð því að fólk treystir því ekki að því verði ekki refsað einhvers staðar fyrir að kvarta,“ segir Sigríður Björk.

Hún segist vilja taka á litlu trausti í samskiptum stjórnenda og starfsmanna embættisins. „Við erum nú með framhaldsrannsókn í gangi á vinnustaðamenningu lögreglunnar. Ég held því miður að rannsóknin muni staðfesta þá mynd sem við höfum af stöðunni og að einelti og áreitni viðgangist enn. Það er hins vegar lykilatriði í átt til úrbóta að framkvæma mælingar sem þessar. Það eru líka ýmsir jákvæðir hlutir að gerast sem gefa tilefni til bjartsýni um batnandi starfsanda í lögreglunni,“ segir Sigríður Björk sem segir að bætt kjör og starfsumhverfi muni skipta lykilmáli í þeim efnum. „Ég heyri að stjórnmálamenn eru farnir að kveikja á þörfinni fyrir að fjölga lögreglumönnum og leiðrétta laun þeirra um leið,“ segir hún.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, segir engan hafa leitað til sambandsins vegna kynferðislegrar áreitni síðustu ár. Það þýði alls ekki að hún sé ekki fyrir hendi og bendir á skýrslu sem Ríkislögreglustjóri lét vinna og gaf út árið 2013 undir heitinu: Vinnumenning og kynjatengsl lögreglunnar – Af hverju eru konur svo fámennar meðal lögreglumanna.

„Í skýrslunni kom meðal annars fram að 30,8% kvenna og 4% karla í lögreglunni töldu sig þolendur kynferðislegrar áreitni innan lögreglunnar. Gerendur kynferðislegu áreitninnar eru karlkyns samstarfsmenn og karlkyns yfirmenn,“ segir Snorri. Talsvert var fjallað um útkomu skýrslunnar á sínum tíma í fjölmiðlum. „Við aðstoðum félagsmenn okkar eftir bestu getu hverju sinni, með stuðningi og aðstoð á borð t.d. við sálfræðinga, lögmenn og aðra sérfræðinga eftir þörfum hverju sinni,“ segir Snorri og segir þá sama hvort um sé að ræða kynferðislega áreitni eða einelti eða hvers konar aðra áreitni eða ofbeldi.

> **Fólk treystir því ekki að því verði ekki refsað einhvers staðar fyrir að kvarta.**
> Sigríður Björk Guðjónsdóttir



Margrét Gauja Magnúsdóttir greindi frá grófri kynferðislegri áreitni þegar hún starfaði hjá lögreglunni.

### #metoo

Sigríður Björk greindi frá því á Facebook-síðu sinni í gærkvöldi að hún hefði líka orðið fyrir kynferðislegri áreitni þegar hún starfaði sem skattstjóri og síðar sýslumaður á Vestfjörðum.

#metoo. Þó að sýslumenn teljist nokkuð valdamiklir þá hafði undirrituð þó ekki meiri völd en svo að henni mætti sem ungum skattstjóra, og síðar sýslumanni á Vestfjörðum, allt það helsta sem konur geta átt á hættu að verða fyrir þegar þær feta sig inn í heim karlanna. Kannski átti það þátt í að skapa mér skráp og nokkurn vott af harðfylgni en ég hefði þó gjarnan viljað vera laus við þessa reynslu.

Ég hef átt gott samstarf við flesta karlmenn í gegnum tíðina en staðreyndin er samt sú að það er ekki auðvelt fyrir þá að setja sig í spor okkar kvenna. Sú umræða sem kviknað hefur að undanförnu hefur þó vonandi opnað augu margra þeirra fyrir því alvarlega vandamáli sem áreitni gegn konum er.



„Ég held því miður að rannsóknin muni staðfesta þá mynd sem við höfum af stöðunni og að einelti og áreitni viðgangist enn,“ segir Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

www.n1.is facebook.com/enneinn

Októbertilboð
35% afsláttur

K2 kuldajakki
Vatteraður kuldajakki með hettu sem hægt er að smella af.



8.385 kr.
Verð áður: 12.900 kr.

K2 kuldabuxur
Vatteraðar kuldabuxur með smekk og axlaböndum.



8.385 kr.
Verð áður: 12.900 kr.

Tilboð gildir út október 2017

N1 Klettagörðum 13
og verslanir N1 um land allt
440 1000 www.n1.is

Alltaf til staðar N1

Varmadælur & loftkæling

Kælitækni



Midea
It's your Idea



• Kyndir húsið á veturna og kælir á sumrin
• Fyrir norðlægar slóðir
• Fjarstýring fylgir
• Hægt að fá WiFi

Verð frá aðeins
kr. 155.000 m.vsk
Midea MOB12
Max 4,92 kW
2,19 kW við -7° úti og 20° inni hita (COP 2,44)
f. íbúð ca 60m2.




**Hyundai i20 var valinn best hannaði nýi bíllinn** í sínum flokki af Red Dot Award. Breiðari og lengri yfirbygging gefur aukið rými og þægindi fyrir ökumann og farþega og nýr framendi i20 er einkennandi fyrir nýju gerðirnar frá Hyundai.

**Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is**

HYUNDAI

| **GE bílar** | **Bílasalan Bílás** | **Bílasala Akureyrar** | **Bílaverkstæði Austurlands** | **IB ehf.** | **BL söluumboð** |
|---|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi | Vestmannaeyjum |
| www.gebilar.is | www.bilas.is | www.bilak.is | www.bva.is | www.ib.is | 481 1313 |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 480 8080 | 862 2516 |

Dísilvél 1,1 lítrar, eldsneytisnotkun 3,6 l/100 km* / Bensínvél 1,2 lítrar, eldsneytisnotkun 5,1 l/100 km* eða bensínvél 1,4 lítrar, eldsneytisnotkun 6,7 l/100 km*.

ENNEMM / SÍA / NM84517 * Eldsneytisnotkun miðast við uppgefnar tölur frá framleiðanda í blönduðum akstri.



Carles Puidgemont, forseti héraðsstjórnar Katalóníu. NORDICPHOTOS/AFP

# Fresturinn að renna út

**SPÁNN** Fresturinn sem spænska ríkisstjórnin gaf Carles Puigdemont, forseta héraðsstjórnar Katalóníu, til að skýra mál sitt um sjálfstæðisyfirlýsingu héraðsins og frestun á gildistöku hennar, rennur út í dag.

Soraya Saenz de Santamaria, aðstoðarforsætisráðherra Spánar, sagði í gær að Spánverjar myndu svipta héraðið sjálfsstjórnarréttindum ef Puigdemont-stjórnin léti ekki af áformum sínum um yfirlýsingu sjálfstæðis. Var það ekki í fyrsta sinn sem slíku er hótað.

Handtöku Jordi Sanchez og Jordi Cuixart, tveggja af leiðtogum sjálfstæðishreyfingar héraðsins, var harðlega mótmælt í Katalóníu í gær. Þeir gegndu lykilhlutverki í að boða til kosninga um sjálfstæði héraðsins í upphafi mánaðar en þær kosningar hafa valdið mikilli togstreitu á milli Spánverja og Katalóna. – þea

**»** Ríkisstjórn Spánar hefur hótað að svipta Katalóna stöðunni sem sjálfstjórnarhérað í dag.




# Trump bæði nöldurseggur og lygari segir æðstiklerkur Írans

**Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans, er harðorður í garð Bandaríkjaforseta vegna nýlegrar ákvörðunar um að staðfesta ekki kjarnorkusamning sem ríkin voru aðilar að. Samningurinn gekk út á að Íranar hættu kjarnorkuvopnaáætlun sinni og í staðinn yrði viðskiptaþvingunum aflétt. Trump kallaður hrottalegur lygari.**



Ali Khamenei fundaði með nemendum í gær. NORDICPHOTOS/AFP

> **Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að svara nöldri og digurbarkalegum fullyrðingum þessa hrottalega forseta.**
>
> Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans

**ÍRAN** Ali Khamenei, æðstiklerkur Írans, lýsti því yfir í gær að yfirvöld þar í landi hygðust standa við kjarnorkusamninginn svo lengi sem aðrir samningsaðilar stæðu einnig við hann. Frakkland, Þýskaland, ESB, Íran, Bretland, Kína, Rússland og Bandaríkin eru aðilar að samkomulaginu sem miðar að því að Íransstjórn láti af áformum um þróun kjarnorkuvopna gegn því að viðskiptaþvingunum verði aflétt.

Donald Trump Bandaríkjaforseti hefur ítrekað lýst yfir megnri óánægju með samninginn og sagðist hann í kosningabaráttunni ætla að rifta honum. Þann 13. október síðastliðinn tilkynnti Trump svo um að Bandaríkin myndu ekki staðfesta samkomulagið. Forsetinn sagði Íran styðja hryðjuverkasamtök og að ríkið hefði nú þegar margsinnis gerst brotlegt við ákvæði samningsins.

„Ég ætla ekki að eyða tíma mínum í að svara nöldri og digurbarkalegum fullyrðingum þessa hrottalega forseta,“ sagði Khamenei í gær þegar hann ræddi við nemendur í höfuðborginni Teheran og bætti við: „Heimska Trumps ætti ekki að afvegaleiða okkur frá því að taka eftir sviksemi Bandaríkjanna.“

Khamenei sagði að ef Bandaríkin myndu rifta samkomulaginu myndu Íranar „tæta“ það. „Enn á ný munu allir sjá Bandaríkin fá kjaftshögg og tapa fyrir Írönum,“ sagði æðstiklerkurinn.

Jafnframt sagði Khamenei Trump brjálaðan vegna þess að Íranar væru að eyðileggja áætlanir Bandaríkjanna í Líbanon, Sýrlandi, Írak og Egyptalandi. Það kæmi Bandaríkjunum einfaldlega ekkert við hvað Íranar gerðu á svæðinu. „Ef þeir spyrja okkur hvers vegna við eigum eldflaugar svörum við með því að spyrja hvers vegna þeir eigi eldflaugar og kjarnorkuvopn.“

Þá kallaði Khamenei eftir því að aðrir aðilar samkomulagsins fordæmdu framgöngu Trumps í málinu.

Bandaríkjastjórn hefur meðal annars sakað Írana um að brjóta gegn samþykkt öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna með eldflaugatilraunum og kallað eftir því að ríkið hætti tilraunum með eldflaugar sem hannaðar séu til að flytja kjarnorkusprengjur. Íransstjórn hafnar því hins vegar alfarið að eldflaugarnar sem um ræðir séu af þeim toga.
thorgnyr@frettabladid.is

# Innanríkisráðherra segir af sér vegna skógarelda

**PORTÚGAL** Constanca Urbano de Sousa, innanríkisráðherra Portúgal, sagði í gær af sér vegna skógarelda sem kostuðu að minnsta kosti 41 mann lífið í ríkinu á dögunum. Slökkviliðsstarf og almannavarnir eru á meðal verkefna portúgalska innanríkisráðuneytisins og hafa viðbrögð innanríkisráðuneytisins við hamförunum sætt mikilli gagnrýni.

Áður hafði afsagnar hennar verið krafist vegna skógarelda sem kostuðu sextíu lífið í júní síðastliðnum. Í afsagnarbréfi ráðherrans kemur fram að hún hafi boðist til þess að segja af sér á þeim tíma en forsætisráðherra hafi neitað. Nú væru hins vegar engar „pólitískar eða persónulegar forsendur“ til þess að halda áfram í starfi.

António Costa forsætisráðherra tilkynnti í gær að hann hefði meðtekið og samþykkt afsagnarbréf de Sousa. Áður hafði hann sagt að ekki kæmi til greina að stokka upp í ríkisstjórninni vegna skógareldanna.

Stjórnarandstöðuflokkurinn Fólksflokkurinn hefur lagt fram vantrauststillögu á alla ríkisstjórn Portúgal vegna viðbragða við skógareldunum og forseti landsins hefur kallað þingið saman til þess að ræða hvort ríkisstjórnin ætti að halda áfram störfum.

Sjálfum finnst forsetanum, Marcelo Rebelo de Sousa, að ríkisstjórnin hafi umboð frá þjóðinni til að tryggja sterkara slökkviliðsstarf og umbætur í forvörnum til þess að koma í veg fyrir frekari hamfarir.
– þea



Skógareldarnir ollu miklu tjóni í Portúgal. NORDICPHOTOS/AFP



BIOEFFECT

BYLTINGARKENND MEÐFERÐ FYRIR DAGLEGA UMHIRÐU HÚÐARINNAR

# BIOEFFECT EGF + 2A DAILY TREATMENT

Vinnur gegn stöðugu áreiti af völdum mengunar jafnframt því sem hún verndar húðina, sefar hana og stuðlar að endurnýjun húðfrumna.

NÝTT




## SKREF 1

Inniheldur mikinn styrk af EGF frumuvakanum ásamt hyalúronsýru, sem viðheldur unglegu útliti húðarinnar ásamt því að veita henni raka

## SKREF 2

Inniheldur ferulic- og azeliacsýrur sem vernda húðina gegn skaðlegum áhrifum mengunar, dregur úr rósroða og myndun öldrunarbletta

## KYNNINGARVIKA 19. – 25. OKTÓBER

Kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur fyrir 7.900 eða meira.*

*Á meðan birgðir endast.

**FÆST Í VERSLUNUM HAGKAUPA Í SMÁRALIND, KRINGLUNNI, SKEIFUNNI OG GARÐABÆ**

BIOEFFECT Á ÍSLANDI

www.bioeffect.com

BORN FROM **SCIENCE**
MADE IN **ICELAND**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



# ÞÉR ER BOÐIÐ
## Á AFMÆLISHÁTÍÐ

### FIMMTUDAGUR OG FÖSTUDAGUR

**BLÖÐRUR, ÍS OG KAFFI FRÁ KAFFITÁRI**

**KL. 17–19**
Andlitsmálun fyrir börnin.
Blöðrugerðarmenn, trúðar á ferðinni.

### LAUGARDAGUR

**GÖNGUGATAN VERÐUR HLAÐIN KRÆSINGUM, KOMDU OG NJÓTTU**

**FRÁ KL. 13**
Andlitsmálun fyrir börnin, trúðar, hjólaskautalistamenn og blöðrugerðarmenn. Loftfimleikar frá Sirkus Íslands.

**KL. 15.30**
**LUKKUHJÓL MEÐ BJARNA TÖFRAMANNI**
Glæsilegir vinningar í boði og þátttaka ókeypis.

**AÐALVINNINGAR**
Timberland skór
Sæng frá Lín design
30.000 kr. gjafakort frá Kringlunni
Hamborgaraveisla frá Fabrikkunni.
iPad frá Símanum
20.000 kr. gjafakort frá Arion banka
Bíómiðar ofl.

**KL. 15–18**
Sigga Kling ásamt fleiri spákonum spá fyrir gestum og gangandi.

**KL. 15.30**
Lifandi tónlist á ferðinni undir stjórn Ara Braga Kárasonar.

### SUNNUDAGUR

**BLÖÐRUR, EMMESSÍS OG KAFFI FRÁ KAFFITÁRI**

**KL. 14–16**
Andlitsmálun fyrir börnin. Blöðrugerðarmenn og trúðar á ferðinni.



**AFMÆLISAFSLÁTTUR**
**10–50%**
SKOÐAÐU TILBOÐIN Á NÆSTU OPNU

kringlan.is | facebook.com/kringlan.is

PIPAR\TBWA • SÍA


Kringlan
30 ára
AFMÆLISHÁTÍÐ 19.–22. OKTÓBER
FAGNIÐ MEÐ OKKUR
KRINGLAN Í 30 ÁR
OPIÐ
10–21
ALLA FIMMTUDAGA
VELKOMIN Á AFMÆLISHÁTÍÐ
DAGSKRÁ ALLA HELGINA

Kringlan

30 ára

| Verslun | Tilboð |
| --- | --- |
| G-Star Raw | 30% afsláttur af öllum yfirhöfnum |
| Herragarðurinn – klæðir þig vel | 30% afsláttur af Eterna skyrtum og Gardeur buxum |
| BOSS Hugo Boss | 30% afsláttur af völdum vörum |
| Under Armour | 20% af öllum skóm. Fleiri tilboð |
| Geysir | 20% afsláttur af GANNI |
| Salt | 15% afsláttur af völdum vörum og 2 fyrir 1 af Royal Reykjavík kertum |
| Vero Moda | 30% afsláttur fyrir 30 heppna viðskiptavini |
| Leonard | 20% afsláttur af öllum vörum og 30% af völdum vörum |
| Domino's | Stór pizza með þremur áleggsteg. á 1.490 kr ef þú sækir |
| Urban | 20% afsláttur af öllum Adidas vörum |
| Finnska búðin | 30% af öllum fatnaði |
| Englabörnin – Falleg föt á stelpur og stráka... | 30% afsláttur af öllum buxum |
| ORG | 20% afsláttur af völdum vörum |
| Neon Kringlunni | 30% afsláttur af völdum vörum og af öllum Stance sokkum |
| Motor & Mia | 20% afsláttur af öllum vörum & 50% af völdum vörum |
| Michelsen Úrsmiðir | 20% afsláttur af Fossil og Daniel Wellington 10% af Georg Jensen |
| Dúka | 30% afsláttur af völdum vörum 10% afsláttur af öllum vörum |
| Beauty Bar | 10-50% afsláttur af öllum vörum |
| Eirberg Lífstíll | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Dogma | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Bianco Footwear | 20-40% afsláttur af öllum vörum |
| Café roma | 30% afsláttur af belgískum vöfflum með sultu og rjóma |
| L'Occitane en Provence | 30% afsláttur af völdum vörum |
| Júník | 20% afsláttur af Blaq Carbon vörum |
| Epal Design | 10-40% afsláttur af öllum vörum |
| Karen Millen | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Vodafone | 10% afsláttur af iPhone 7 |
| Six | 3 fyrir 2 |
| Timberland | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Levi's | 30% afsláttur af jökkum/úlpum |
| Ecco | 20-30% afsláttur af völdum vörum |
| name it | 30% af Bomber jökkum, 30 heppnir fá 30% afslátt af öllu |
| Jens | 30% afsláttur af Uppsteyt skartgripum og 15% af öllu í verslun |
| Kaupfélagið | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Freddy | 20% afsláttur af völdum vörum |
| Lyf & heilsa Kringlunni | 20% afsláttur af öllum snyrtivörum, ilmum og sokkabuxum |
| Joe & the Juice | 30% afsláttur af combo (djús og samloka) |
| Byggt og búið Kringlunni | 30% af búsáhalda- og gjafavörum, 15% af raftækjum |
| Zik Zak tískuhús | 20-50% afsláttur af völdum vörum |
| Game stöðin | 20% afsláttur af öllum tölvuleikjum (nýjum og spiluðum) |
| Polarn O. Pyret | 20% afsláttur af öllum vörum |
| Kultur menn | 20% afsláttur af Tiger of Sweden |

# 30 ÁRA

## STÓRGLÆSILEG AFMÆLISTILBOÐ

**Galleri Sautján** – 20% afsláttur af öllum buxum og Herschel

**ÚTILÍF** – 20% afsláttur af öllum úlpum (dömu, herra, barna)

**KÚNÍGÚND** – 30% afsláttur af 30 flottum vörum

**gs skór** – 20% afsláttur af völdum merkjum

**SMASH** – 20% afsláttur af öllum buxum

**Kultur** – 20% afsláttur af öllum peysum

**COMPANYS** – 20% af afslátttur af öllum buxum

**Galla Buxnabúðin** – 30% afsláttur af öllum fatnaði

**Mathilda Kringlunni** – 30% afsláttur af vörum frá Hunky Dory

**STEINAR WAAGE SKÓVERSLUN** – 20-30% afsláttur af völdum vörum

**JÓN & ÓSKAR** – 30% afsláttur af völdum vörum

**Íslenska Hamborgarafabrikkan** – 30% afsláttur af öllum forréttum og eftirréttum til kl. 17

**TE & KAFFI** – 20% afsláttur af öllum kaffi- og tepokum

**INDISKA** – 20% afsláttur af öllum vörum

**Arion banki** – Gjaldfrjáls gjafakort

**SKECHERS** – 20% afsláttur af öllum vörum

**A4** – 30% afsláttur af garni fimmtud. og föstud.

**VILA CLOTHES** – 30% afsláttur fyrir 30 heppna viðskiptavini

**THE BODY SHOP** – 25% afsláttur af öllum vörum

**focus** – 30% afsláttur af 30 vörum

**DÝRABÆR - fyrir dýrin þín** – 20% afsláttur af völdum vörum

**augað** – 30% afsláttur af öllum vörum

**serrano** – BBQ Burrito/ Quesadilla + 0,5 L Kristall á 1.399 kr.

**ZO•ON ICELAND** – Húfa fylgir hverri keyptri úlpu, Garri og Garún á 40% afslætti

**Kaffitár** – 2 fyrir 1 af kaffidrykkjum (greitt fyrir dýrari)

**INGLOT** – 3 fyrir 2

**meba | rhodium** – 20% afsláttur af silfurskartgripum

**kello** – 20% afsláttur af öllum vörum, 30% afsláttur af gallabuxum

**SAMBÍÓIN** – 30% afsláttur af miðaverði

**HRAÐLESTIN** – 15% afsláttur af öllum vefjum (með og án franskra)

**Lín DESIGN** – 30% af öllum vörum

**Gleraugað** – 30% afsláttur af öllum gleraugum

**sushibarinn** – 20-50% afsláttur af völdum bökkum

**Heilsuhúsið 1979** – 25% afsláttur af völdum matvörum

**AVEDA** – 10-30% afsláttur af völdum vörum

**Spúútnik** – 20% afsláttur af vintage fatnaði

**cobra** – 20% afsláttur af öllum baðbombum frá Bomb Cosmetics

**Penninn Eymundsson** – 20-30% afsláttur af völdum vörum

**VILA CLOTHES** – 30% afsláttur fyrir 30 heppna viðskiptavini

**iStore** – 15-30% afsláttur af völdum vörum

**KOX KRINGLUNNI** – 20-30% afsláttur af völdum vörum

**Pizzeria Café Bleu Brasserie** – 30% afsláttur af fiski dagsins og kjötsúpu

**Kringlubón** – 30% afsláttur af öllu

**AIR** – 20-30% afsláttur af völdum vörum

Tilboðin gilda frá 19.-22.okt. Birt með fyrirvara um innsláttar- og prentvillur

# Tryggingagjald hækkað um 30 milljarða

**Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs verða tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldinu liðlega 99 milljarðar króna. Gjaldið hefur þannig hækkað um 30 milljarða króna á fimm árum. Hagfræðingur Samtaka iðnaðarins segir gjaldið ekki hafa fylgt þróun atvinnuleysis.**

Þrátt fyrir að hafa lækkað um 0,94 prósentustig hefur tryggingagjaldið hækkað um allt að þriðjung í krónum talið á undanförnum fjórum árum. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi næsta árs verða tekjur ríkissjóðs af tryggingagjaldinu liðlega 99 milljarðar króna. Verði frumvarpið samþykkt óbreytt mun gjaldið því hafa hækkað um 30 milljarða króna frá árinu 2013.

Á sama tíma og tryggingagjaldið hefur stórhækkað í krónum talið hefur verulega dregið úr atvinnuleysi sem er nú nálægt sögulegu lágmarki.

„Tryggingagjaldið var hækkað til þess að standa straum af auknu atvinnuleysi í kjölfar hrunsins. Þetta var hugsað sem tímabundin aðgerð. Það myndaðist hins vegar mikil tregða hjá ríkisstjórninni að lækka gjaldið aftur þegar atvinnuleysi minnkaði. Gjaldið hefur ekki fylgt þróun atvinnuleysis til lækkunar,“ segir Ingólfur Bender, aðalhagfræðingur Samtaka iðnaðarins.

Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir að tryggingagjaldið geri það að verkum að fyrirtæki með fjórtán starfsmenn greiði í reynd kostnað sem samsvarar fimmtánda starfsmanninum.

„Tryggingagjaldið er vondur skattur sem leggst á öll laun og dregur úr nýsköpun í atvinnulífinu. Það bitnar sérstaklega á litlum fyrirtækjum þar sem launagjöld eru yfirgnæfandi hluti rekstrargjalda, en lítil fyrirtæki eru meginuppspretta nýrra starfa í efnahagslífinu,“ segir hann.



**Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins**

Tryggingagjaldið stendur nú í 6,75 prósentum og er gert ráð fyrir að það skili um 90 milljörðum króna til ríkissjóðs í ár. Til samanburðar var hlutfallið 7,69 prósent árið 2013 en þá voru tekjur ríkissjóðs af gjaldinu tæpir 70 milljarðar. Hæst var hlutfallið 8,65 prósent árið 2011.

Halldór segir að þrátt fyrir mikla erfiðleika í rekstri fyrirtækja hafi Samtök atvinnulífsins stutt hækkun gjaldsins enda myndi atvinnulífið síðar njóta góðs af lækkun þess þegar betur áraði. Sú lækkun hafi hins vegar ekki gengið eftir.

„Þegar atvinnuleysi tók að minnka og atvinnutryggingagjald lækkaði sáu stjórnvöld færi á því að hækka almenna tryggingagjaldið. Almenna tryggingagjaldið hækkaði um 1,5 prósent á árunum 2011 til 2014 og varð 6,04 prósent, en atvinnutryggingagjaldið lækkaði um 2,36 prósent og varð 1,45 prósent. Tryggingagjaldið í heild er nú 6,75 prósent og þar af er almenna tryggingagjaldið 5,40 prósent og atvinnutryggingagjaldið 1,35 prósent. Það hefur því lækkað um 1,6 prósent frá því sem það var hæst en á sama tíma hefur atvinnutryggingagjald lækkað um 2,46 prósent. Atvinnulífið telur sig því eiga inni tæplega 1 prósents lækkun tryggingagjalds í heild,“ segir Halldór.




Ingólfur segir tryggingagjaldið hafa átt að lækka á þessu ári til þess að mæta miklum kostnaði við umsamdar launahækkanir og jöfnun lífeyrisréttinda. Það hafi hins vegar ekki verið gert. „Það voru mikil vonbrigði þar sem ljóst var að kjarasamningar myndu ganga mjög nærri getu fyrirtækja og að mótvægisaðgerðir stjórnvalda væru nauðsynlegar til að kostnaðaraukinn færi ekki að stórum hluta út í verðlag.“

Nú þegar vísbendingar séu um að farið sé að hægja á fjölgun starfa myndi lækkun gjaldsins verða til þess að auka eftirspurn eftir vinnuafli. Það sé afar mikilvægt nú þegar teikn eru á lofti um að það sé að slakna á spennunni í hagkerfinu.

„Nú er ágætis tími til þess að lækka gjaldið og efna það loforð sem var gefið fyrir mörgum misserum,“ segir Ingólfur.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambands Íslands, segir sambandið styðja lækkun tryggingagjaldsins. Hins vegar verði fyrst að bæta réttindin innan þeirra sjóða sem gjaldinu er ætlað að fjármagna, svo sem Atvinnuleysistryggingasjóðs og Fæðingarorlofssjóðs. „Áður en gjaldið er lækkað verður að tryggja að atvinnuleysisbætur fylgi þróun kaupgjalds og að hámarksfjárhæð fæðingarorlofs verði hækkað og orlofið lengt í tólf mánuði. Við viljum ekki lækka gjaldið á grundvelli skerðinga réttinda,“ segir hann.

kristinningi@frettabladid.is



# DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

# HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

Í TAKMARKAÐAN TÍMA

## OPIÐ ALLA VIKUNA TIL 18:00

**TILBOÐ**

### HLEÐSLUBORVÉL 18V

Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna
T-STAK taska

vnr 94DCD791D2



**29.900** m/vsk

Fullt verð 39.768

**TILBOÐ**

### HLEÐSLUBORVÉL 18 M/HÖGGI

Tvær 18v 2.0Ah rafhlöður
Með höggi
70 Nm hersla
Tveggja gíra
13 mm patróna

vnr 94DCD796D2



**31.900** m/vsk

Fullt verð 42.378

**TILBOÐ**

### LASER 360° 3JA LÍNU GRÆNN

4 X Sjáanlegri en Rauður geisli. 3 X 360°. Vatns og rakavarinn IP65
Prófaður fyrir 2m fall
10.8v 2.0 Ah Rafhlaða

vnr 94DCE089D1G



**59.900** m/vsk

Fullt verð 85.134

**TILBOÐ**

### SLÍPIROKKUR 125MM

Afl: 1200 Wött
Snúningshraði: 11000 sn/mín
Skífu stærð: 125 mm
Þyngd: 2,2 kg

vnr 94DWE4227



**15.900** m/vsk

Fullt verð 19.383

**TILBOÐ**

### HÖGGBORVÉL SDS+ OG BORASETT

710 wött
Höggþungi 2 J
Þyngd: 2.5 kg

vnr 94DCG412N



**19.900** m/vsk

Fullt verð 26.854

**TILBOÐ**

### GEIRUNGSSÖG 108V

Gengur fyrir tveimur 54V rafhlöðum.
Kemur án rafhlaðna
blaðastærð: 305 mm

vnr 94DHS780N



**165.900** m/vsk

kynningarverð

**TILBOÐ**

### BAKPOKI FATMAX

Fyrir verkfæri með 50 hólfum. Vatnsheldur botn.

vnr 93195611



**7.600** m/vsk

Fullt verð 10.453

**TILBOÐ**

### MÁLBAND 8 METRAR

Tylon málband

vnr 93030657



**1.300** m/vsk

Fullt verð 1.620

Tilboð gilda frá 16 - 20. október eða á meðan birgðir endast

www.sindri.is / sími 575 0000
Viðarhöfða 6 - Reykjavík I Skútuvogi 1 - Reykjavík I Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður

SINDRI

# Meira hugrekki



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Það er ekkert til sem heitir samfélag. Aðeins einstaklingar, karlar og konur og fjölskyldur þeirra.“ Þessi fleygu orð Margrétar Thatcher vöktu gríðarlega athygli og umtal árið 1987 og sundruðu nær bresku samfélagi. Pólitískir andstæðingar Thatcher voru duglegir að rifja upp fyrri málslið ummælanna en sleppa þeim síðari til að draga upp skakka mynd af því sem hún sagði.

Ef til vill var tilgangur Thatcher með ummælunum öðru fremur ögrun enda lét hún þau falla í blaðaviðtali þar sem hún var að kalla eftir aukinni ábyrgð einstaklingsins. Nær öruggt má telja að slík ummæli myndu falla í grýttan jarðveg í velferðarríkjum Norðurlandanna. Ekki síst á Íslandi sem hefur grundvallast á sterku samfélagi og samhjálp frá þjóðveldisöld. Í þessari staðreynd kristallast eðlismunur á okkar samfélagi og öðrum samfélögum Vesturlanda þar sem ójöfnuður er mun meiri.

Stjórnmálamenningin á Íslandi stendur samt frammi fyrir sama vandamáli og stjórnmál í öðrum vestrænum ríkjum. Vandamálið felst í skorti á heiðarleika og skorti á sjálfsöryggi. Það gerist of oft að stjórnmálamenn hafa ekki hugrekki til að segja meiningu sína og koma hreint fram í umdeildum málum því þeir óttast að lenda í gapastokki almenningsálitsins sem er opinn allan sólarhringinn á samfélagsmiðlum. Stjórnmálamenn segja meiningu sína í einkasamtölum við fréttamenn en svo þegar búið er að kveikja á upptökuvélinni breytist svarið í ljóðrænan spuna sem þeir telja að nái eyrum kjósenda betur. Stjórnmálamenn sem gera þetta eru fastir í hjólförum þankagangs eigin stéttar. Því dæmin sýna að það er rík eftirspurn eftir einlægu fólki í pólitík sem þorir að viðurkenna þekkingarleysi sitt og veikleika en er um leið tilbúið að sýna hugrekki í umdeildum málum og jafnvel ögra eins og Margrét Thatcher.

Í raun vantar fleiri stjórnmálamenn sem eru óhræddir við að vera leiðindapúkar. Það er betra að hafa heiðarlega leiðindapúka á Alþingi sem kjósendur vita hvar standa en óheiðarlega þingmenn sem haga seglum eftir vindi, segja það sem best hljómar hverju sinni og efna sjaldan loforð.

Í aðdraganda kosninga hefur komið fram að flokkarnir eru sammála í mörgum stórum málum. Þetta fór ekki fram hjá neinum sem sat fund Samtaka iðnaðarins í Hörpu á þriðjudag þar sem nánast enginn málefnaágreiningur var á milli fulltrúa flokkanna í mikilvægum málaflokkum eins og menntamálum. Í ljósi þess hvað flokkarnir eru sammála munu þessar kosningar kannski öðrum þræði snúast um persónur fremur en stefnu.

Þær raddir heyrast víða að kjósendur óttist að atkvæði þeirra fari forgörðum ef þeir kjósa flokka sem eiga á hættu að þurrkast út vegna 5 prósenta þröskuldsins. Þeir kjósendur sem hugsa svona eru á algjörum villigötum í lífinu. Þeir eru farnir að láta hjarðhegðun og tískusveiflur í pólitíkinni vega þyngra á metunum en eigin sannfæringu. Löggjafinn á að endurspegla þjóðarviljann. Kjósendur verða að skynja ábyrgð sína, treysta sannfæringu sinni og ráðstafa atkvæði sínu í samræmi við hana.

**Í raun vantar fleiri stjórnmálamenn sem eru óhræddir við að vera leiðindapúkar.**



– gerum betur
VINSTRI GRÆN

## Halldór




## Frá degi til dags

**Dýfan**

**Samkvæmt nýrri skoðanakönnun MMR er Sjálfstæðisflokkurinn kominn með jafnt fylgi og Vinstri græn. Könnun Fréttablaðsins, sem birtist fyrr í vikunni, sýnir hins vegar VG með trygga forystu. Það hlýtur að vera fagnaðarefni fyrir forystumenn Sjálfstæðisflokksins að mælast í forystu. En það er hins vegar skammgóður vermir, sé horft til þess að MMR mælir flokkinn einungis með tæplega 20 prósenta fylgi á meðan Fréttablaðið mælir flokkinn í rúmum 22 prósentum. Flokkurinn er í stórkostlegri hættu á að detta niður í minnsta kjörfylgi sem hann hefur nokkur tímann haft. Niður fyrir fylgið sem hann fékk í kosningum strax eftir hrunið.**

**Tvö lögbönn í einni viku**

**Greint var frá því í gær að lögbann hefði verið sett á störf Loga Bergmann Eiðssonar, eiginmanns Svanhildar Hólm Valsdóttur, hjá Árvakri og Sjónvarpi símans. Fyrr í vikunni hafði verið greint frá því að lögbann var sett á fréttaflutning Stundarinnar af fjármálum Bjarna Benediktssonar, yfirmanns Svanhildar Hólm Valsdóttur, sem unnar voru upp úr gögnum frá Glitni. Er furða að menn spyrji sig: Hvað er þetta með mennina í lífi Svanhildar og lögbönnin?**

**jonhakon@frettabladid.is**

# Framtíð fyrir alla

2017



*Ágúst Ólafur Ágústsson*
oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavíkurkjördæmi suður

Framtíðin er óljós og tækifærin eru óendanleg. Sem betur fer vil ég segja. Fram undan eru ótrúleg tækifæri og áskoranir þegar kemur að þeim tækniframförum sem eru handan við hornið. Aukin sjálfvirkni og róbótavæðing kallar á viðbrögð stjórnmálamanna og atvinnulífs. Stjórnmálamenn eiga ekki að óttast þessar breytingar heldur fagna þeim og gæta þess að allir fái að njóta ávinnings þeirra.

Aukin misskipting eftir menntun og störfum mun án efa aukast og þarf að huga sérstaklega að því að menntakerfi samtímans og framtíðarinnar taki mið af þessum breytingum. Núverandi fjársvelti á framhalds- og háskólum verður okkur dýrkeypt til framtíðar. Við þurfum því sókn í menntamálum og nýsköpun. Verðmætasköpunin verður til í gegnum frumkvöðla, öfluga skóla og samtal ólíkra hópa og einstaklinga. Þessi sókn er ekki hafin og mun ekki hefjast fyrr en við fáum nýja ríkisstjórn.

Önnur samfélagsleg áskorun er breytt aldurssamsetning þjóðarinnar. Fjöldi eldri borgara mun tvöfaldast á næstu 25 árum. Heilbrigðiskostnaður mun því aukast til muna ásamt kröfunum um góða þjónustu. Í því sambandi þurfum við öflugt opinbert heilbrigðiskerfi þar sem aðgengi að því er tryggt óháð efnahag.

Forsvarsmenn Landspítalans hafa ítrekað bent á að þeir fjármunir sem settir hafa verið í þennan málaflokk ná ekki einu sinni að halda í fólksfjölgunina, hvað þá að um sé að ræða einhverja sókn í þessum málaflokki sem öll þjóðin hefur verið að kalla eftir.

Þriðja áskorun framtíðarinnar eru umhverfismálin. Allar þjóðir eru á sama báti hvað þau varðar. Það er augljóst að Ísland þarf að vera í fararbroddi í þessum málaflokki. Framtíðarsýn Samfylkingarinnar byggist á stórsókn í skólum landsins og nýsköpun og jákvæðri afstöðu til tæknibreytinga þar sem tryggt er að allir landsmenn njóti þeirra. Stjórnmálamenn eiga ekki að skipuleggja framtíðina í þaula en þeir verða að vera tilbúnir að mæta henni með lausnum sem henta öllum, en ekki bara sumum.

**Núverandi fjársvelti á framhalds- og háskólum verður okkur dýrkeypt til framtíðar. Við þurfum því sókn í menntamálum og nýsköpun.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Einar Þór Sverrisson **FORSTJÓRI:** Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kjartan Hreinn Njálsson *kjaranh@frettabladid.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*, Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LÍFIÐ:** Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Olíuöldinni fer senn að ljúka

Í DAG



Þorvaldur Gylfason

Það var ekki skortur á steinum sem leiddi til þess að steinöldinni lauk eins og Sjeik Ahmed Zaki Yamani, olíuráðherra Sádi-Arabíu 1962-1986, segir stundum þegar hann slær á létta strengi. Og það er ekki heldur skortur á olíu sem veldur því að nú er útlit fyrir að olíuöldinni fari senn að ljúka. Hvernig þá? Skoðum málið.

**Hrakspár rættust ekki**

Undangengna áratugi hafa margir spáð olíuþurrð og skorti á öðrum hráefnum vegna ofnotkunar. Hægjum heldur á vextinum, sögðu sumir. Slíkar hrakspár hafa þó ekki rætzt m.a. vegna þess að hráefnaverð á heimsmarkaði tekur mið af framboði og eftirspurn. Þegar menn kviðu olíuþurrð þá hækkaði olíuverð og dró úr olíunotkun. Og þegar ný tækni eykur framboð á olíu og gasi þá lækkar verðið. Einkum þess vegna er olíuverð nú helmingi lægra á heimsmarkaði en það var 2014 og sýnir engin merki um hækkun í vændum, a.m.k. ekki af markaðsástæðum.

Hitt virðist nú líklegra að olíuverð eigi eftir að standa í stað eða jafnvel lækka enn frekar næstu ár vegna aukins framboðs af völdum nýrrar tækni frá 2008 sem gerir kleift að bora lárétt eftir olíu og skyldum orkugjöfum frekar en lóðrétt (e. hydrolic fracturing eða bara fracking). Lækkun olíuverðs er ásamt aukinni samkeppni ein helzta skýringin á lágum flugfargjöldum undangengin ár og þá um leið á stríðum straumi ferðamanna m.a. hingað heim. Lækkun olíuverðs kemur sér einnig vel í sjávarútvegi þar eð olía á fiskiskip vegur þungt í rekstrarkostnaði útvegsfyrirtækja.

**Vatnaskil í vændum**

Ég var að segja að olíuverð sé ekki líklegt til að hækka aftur af markaðsástæðum. Hitt gæti þó gerzt að stjórnvöld teldu rétt að leggja gjald á eldsneyti til að draga úr notkun þess og þar með úr hlýnun loftslags og annarri mengun. Þetta hefði e.t.v. þurft að gera strax 2014 þegar eldsneytisverð tók að lækka fyrir alvöru, en stjórnvöld innan lands og utan sinntu því ekki.

Svo getur þó farið að sinnuleysi stjórnvalda komi ekki mjög að sök ef markaðsöflin fylla skarðið. Um tveir þriðju hlutar allrar olíunotkunar heimsins skrifast á samgöngutæki, þar af um 80% á bílaflotann, fólksbíla og vörubíla, 8% á flugvélar og enn minna á skip. Nú þegar er þriðji hver bíll í Noregi rafknúinn. Ætla má að önnur Evrópulönd fylgi fordæmi Norðmanna næstu ár. Kínverjar leggja kapp á öra rafvæðingu bílaflotans þar eystra. Flest helztu bílafyrirtæki heimsins hafa metnaðarfullar áætlanir um framleiðslu rafbíla. Volvo segist t.d. ætla að framleiða rafbíla eingöngu frá 2019. Rafvélar hafa þiðan gang og nær hljóðlausan og henta bílum og járnbrautum því betur en bensínknúnir sprengihreyflar með öllum sínum rykkjum og skrykkjum.

Þetta bendir til samdráttar í olíunotkun næstu ár. Þá mun birta yfir kínverskum borgum sem eru nú stundum svo reykmettaðar sumar að menn sjá þar varla handa sinna skil. Sama gerðist í London á sinni tíð þegar hestvagnar viku fyrir bílum og mengun í borginni snarminnkaði þar eð útblásturinn frá bílunum var svo miklu minni en frá hrossunum. En þá mun einnig syrta yfir Rússlandi og öðrum olíuútflutningslöndum sem hafa ekki gætt þess að byggja upp aðra útflutningsatvinnuvegi við hlið olíunnar.

**Rafmagn og Norðurljós**

Rafhlöður eru enn sem komið er þyngri en svo að stórar flugvélar geti borið þær. Það skiptir þó ekki miklu máli vegna þess að bílaflotinn, sem er nú sem óðast að venja sig af olíuþambi, notar tíu sinnum meira af olíu en flugflotinn. Skipaflotinn getur borið þungar rafhlöður. Tækniframfarir í boði rafmagnsverkfræðinnar munu bjóða upp á sífellt öflugri og léttari rafhlöður ár fram af ári. Kannski geta þær einnig knúið flugvélar í framtíðinni. Aukin raforkuframleiðsla þarf að vera sem hreinust. Kínverjar o.fl. framleiða rafmagn m.a. með kolabrennslu.

Margir hafa lýst áhyggjum af útblæstri flugvéla. Þær áhyggjur hljóta að víkja þegar bílafloti heimsins og jafnvel skipaflotinn líka hætta að blása frá sér reyk. Þá getum við vonandi haldið áfram að fljúga glöð um heiminn án þess að hafa áhyggjur af sporunum sem við skiljum eftir okkur í himinhvolfinu. Og þá halda ferðamenn kannski áfram að sækja okkur heim. Og þá er kannski minni ástæða en ella til að reikna með gengisfalli krónunnar. Og þá …

Og þá þurfum við kannski ekki lengur að furða okkur á því hvers vegna heimshagkerfið er nú í uppsveiflu og hlutabréfaverð er í sögulegu hámarki þótt stjórnmálaástandið sé víða verra og ótryggara en áður. Okkur munar um annan eins búhnykk og langvinna og jafnvel viðvarandi lækkun olíuverðs um helming eða meira.

Einar Benediktsson skáld hefði glaðzt við þessi tíðindi, þykist ég vita. Hann elskaði rafmagn. Hann hefði einnig, upphafsmaðurinn, glaðzt yfir því að Norðurljósin eru nú orðin mikils háttar söluvara.

> **Margir hafa lýst áhyggjum af útblæstri flugvéla. Þær áhyggjur hljóta að víkja þegar bílafloti heimsins og jafnvel skipaflotinn líka hætta að blása frá sér reyk.**



# Grætur gests auga



Phil Nuttridge
ljósmyndari
og Íslandsvinur

Það breytti lífi mínu að koma í fyrsta sinn til Íslands frá Oxford árið 2013. Síðan þá hef ég heimsótt Ísland þrettán sinnum en í ferðum mínum sinni ég ástríðu minni sem er náttúruljósmyndun. Fleiri Íslandsferðir eru á prjónunum en eftirlætisstaðir mínir á Íslandi eru á Vestfjörðum og þar standa Strandir upp úr. Það gerir einstök náttúrufegurð svæðisins en líka vinalegt fólkið sem þarna býr. Þyngst vegur þó sú staðreynd að á Ströndum eru mun færri ferðamenn en í nágrenni Reykjavíkur þar sem mér finnst votta fyrir eins konar gullgrafaraæði í ferðaþjónustu.

Þegar ég var staddur á Kaffi Norðurfirði síðastliðið sumar í minni sjöttu ferð á Strandir, var mér bent á að skoða fallega fossa í Ófeigsfirði, Hvalárfossa. Ég ók að þessum tignarlegu fossum, en lengra náði vegurinn ekki. Þar rakst ég á íslensk hjón sem höfðu gengið um svæðið í nokkra daga. Þau spurðu mig hvort ég væri kominn til að skoða „Fossinn“. Ég svaraði því játandi. Þá útskýrði maðurinn að enn stórkostlegri foss en Hvalárfoss væri að finna í rösklega klukkustundar göngu upp með gljúfrunum. Hann sýndi mér myndir á símanum sínum af fossinum sem hann kallaði Rjúkanda. Mér varð strax ljóst að hér væri um sérstakan foss að ræða og sannkallaðan gimstein. Hjónin sögðu mér jafnframt frá fyrirhuguðum virkjanaframkvæmdum og hver örlögum þessa foss og fossanna í kring yrðu. Þetta jók bara á forvitni mína og ég lagði því af stað með myndavélar mínar upp með tignarlegum gljúfrunum.

Mikilfengleiki Rjúkanda kom mér í opna skjöldu. Hann er vissulega tröllaukinn að stærð en úr fjarlægð sá ég aðeins úðamökkinn sem mér skilst að hann dragi nafn sitt af. Þegar nær dró titraði jörðin undan krafti fossins. Í samanburði eru Seljalandsfoss og Skógarfoss, sem ég hef oftsinnis myndað, hálfgerðir lækir. Auk þess er umhverfi Rjúkanda ósnortið, fjarri mannabyggð, sem eykur á stórfengleik



hans. Þarna sá ég engin skilti, engar öryggisgirðingar og engin mannvirki eða vegi. Ég þurfti heldur ekki að greiða aðgangseyri til að njóta fossins. Mér leið næstum eins og óboðnum gesti í veislu sjálfrar náttúrunnar.

**Verðmæti sem ekki á að spilla**

Rjúkandi hefur verið þarna í þúsundir ára, eða frá því löngu áður en nokkur steig fyrst fæti á landið ykkar. Hann tilheyrir óspilltri íslenskri náttúru, en slík svæði eru ekki á hverju strái og mikil verðmæti fólgin í þeim. Það var áhrifamikil stund að standa við brún fossins – enda leið mér eins og fossinn hefði kýlt mig utanundir, svo mikill var krafturinn. Þrátt fyrir margra ára reynslu sem náttúruljósmyndari leið mér eins og hæfileikar mínir dygðu ekki til að festa fossinn á filmu. Að endingu tókst mér þó að ná ljósmynd þar sem vel sést í bæði fossinn og gljúfrin neðan hans.

Rjúkandi er einhver fallegasti foss sem ég hef nokkru sinni séð og örlög hans hryggja mig ósegjanlega. Svæðið í heild sinni með fjölda fossa, gljúfrum og heiðum eru verðmæti sem ekki ætti að spilla. Ég vil því skora á sem flesta sem vilja reisa þarna vatnsaflsvirkjun að ganga með mér upp að Rjúkanda, standa við fossbrúnina og segja mér augliti til auglitis að þeir hafi rétt til að skemma hann – náttúruperlu sem komandi kynslóðir Íslendinga, en ekki síður erlendir ferðamenn, eiga rétt á að fá að njóta um ókomin ár.

Í gamalli íslenskri bók segir að glöggt sé gests augað. Gests augað getur einnig tárfellt. Þið Íslendingar ættuð að hugsa ykkur um tvisvar áður en þið skemmið náttúruperlur ykkar á Ströndum.

# Baráttan gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi heldur áfram



2017

Svandís Svavarsdóttir
formaður
þingflokks
Vinstri grænna

**Istanbúl-samningurinn skuldbindur aðildarríkin til að gera ráðstafanir gegn ofbeldi gegn konum og er því mikilvægt að hann verði fullgiltur hér á landi og þær breytingar gerðar á lögum sem fullgildingin krefst.**

Kynbundið ofbeldi hefur verið mikið á dagskrá nú í sumar og haust og ekki síst í tengslum við mál það sem varð ríkisstjórninni að falli. Þung undiralda kvenfrelsissjónarmiða og femíníska byltinga fangaði kröfuna um að uppreist æra kynferðisbrotamanns yrði endurskoðuð og ekki síst að starfsréttindi hans yrðu ekki afhent án fyrirstöðu.

Það er ekki ofsögum sagt að fall þessarar ríkisstjórnar verður af þessum sökum kafli í kvenfrelsissögu Íslands. Brotaþolar höfðu hátt og kröfðust áheyrnar kerfisins og stjórnmálamanna meira en nokkru sinni fyrr. Með stuðningi fjölmiðla varð þrýstingurinn meiri en svo að ríkisstjórnin þyldi hann og endaði með því að hún fór frá. Við stefnum nú á alþingiskosningar aðeins ári frá síðustu kosningum og þær kosningar eru haldnar í þessu ljósi.

Árið 2011 var Istanbúl-samningurinn undirritaður af hálfu Íslands en um er að ræða samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi. Ofbeldi gegn konum, þar með talið heimilisofbeldi, er ein alvarlegasta tegund kynbundinna mannréttindabrota sem um getur og samfélagsmein hvar sem þess gætir. Istanbúl-samningurinn skuldbindur aðildarríkin til að gera ráðstafanir gegn ofbeldi gegn konum og er því mikilvægt að hann verði fullgiltur hér á landi og þær breytingar gerðar á lögum sem fullgildingin krefst.

Fyrir liggur greinargerðin Skýrsla um samning Evrópuráðsins um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi og aðlögun íslenskra laga og reglna vegna aðildar frá haustinu 2012 sem gerð var á vegum Mannréttindastofnunar Háskóla Íslands. Undirbúningur að fullgildingu Istanbúl-samningsins er þannig kominn nokkuð á veg og sjálfsagt að halda honum áfram og ljúka verkinu eins fljótt og auðið er.

Þegar Alþingi var slitið á dögunum lá fyrir að þau mál sem lúta að kynbundnu ofbeldi af ýmsu tagi hlytu að vera í brennidepli þessarar kosningabaráttu. Um það leyti voru fjöldamörg þingmál í burðarliðnum og þar á meðal þingmál sem laut að því að fullgilda Istanbúl-samninginn en tekist hafði að fá meðflutningsmenn í öllum flokkum utan einum. Því liggur fyrir að slíkt mál hlýtur að verða hluti af stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar.

**Útgjöld til heilbrigðismála mælt í PPP árin 2000 og 2015**




# Dýrkeypt þróun í heilbrigðismálum



Gunnar Alexander Ólafsson
heilsuhagfræðingur



Ólafur Ólafsson
læknir

Undanfarið hefur verið gagnrýnt á opinberum vettvangi, m.a. af Kára Stefánssyni og undirrituðum, að íslensk stjórnvöld verji minna til heilbrigðismála en önnur lönd, sérstaklega Norðurlönd. Undirritaðir hafa bent á að árið 2003 varði Ísland mest til heilbrigðismála (10,1%) af Norðurlöndum m.v. verga landsframleiðslu. Síðan þá hefur þróunin snúist við og árið 2015 varði Ísland minnst til heilbrigðismála af VLF meðal Norðurlanda (8,7%). Þegar þróun á útgjöldum til heilbrigðismála á Norðurlöndum er reiknuð í Bandaríkjadölum á svonefndu jafnvirðisgengi (Purchasing Power Parity-PPP), kemur í ljós að frá árinu 2000 hefur þessi aukning verið lægst á Íslandi. Ísland hefur aukið útgjöld sín til heilbrigðismála um 54% frá árinu 2000 til 2015 á meðan hin norrænu ríkin hafa aukið útgjöldin á bilinu 117% til 140%. Eins og taflan sýnir voru útgjöldin á Íslandi næst hæst árið 2000 mælt í PPP, en næst lægst árið 2015 (heimild: Talnagrunnur OECD).

Öllu alvarlegra er að þessi þróun virðist einnig fela í sér að heilbrigðisþjónustu á Íslandi hefur hrakað. Dánartíðni helstu sjúkdóma, m.a. kransæða- og æðasjúkdóma, hefur farið lækkandi í vestrænum ríkjum allt frá 1960 og ekki síst á Íslandi. Við nánari athugun kemur í ljós að dánartíðni í þessum sjúkdómum hefur frá 1990 lækkað marktækt minna á Íslandi (40%) en meðal hinna Norðurlandaþjóðanna (60%).

Þessi alvarlega þróun útgjalda til heilbrigðisþjónustu á Íslandi hefur leitt til hrakandi gæða, skorts á fagfólki, vöntun á fjárfestingum í nýjum byggingum og tækjum, ásamt því að innleiðing á nýjum meðferðum og lyfjum hefur setið á hakanum. Að auki greiða Íslendingar meira úr eigin vasa fyrir heilbrigðisþjónustu en íbúar annarra norrænna ríkja. Rauntölur um heilbrigðisútgjöld sýna að ekki hefur verið veitt meira til heilbrigðisþjónustu, hvort sem mælt er í PPP eða sem hlutfall af VLF, þrátt fyrir orðaflaum ráðherra um annað. Sú aukning á fjármunum sem ráðamenn staðhæfa að hafi runnið til heilbrigðisþjónustu hefur runnið nær eingöngu til að mæta launahækkunum. Við eigum langt í land þegar kemur að því að ná sambærilegri stöðu í heilbrigðismálum og ríkir í Noregi, Danmörku og Svíþjóð. Það er mat okkar að við verðum sem þjóð að bretta upp ermar og gera stórátak til að auka hlut heilbrigðisþjónustu í VLF og þar með aukum við gæði í heilbrigðisþjónustunni. Við tökum undir áskorun Kára Stefánssonar um að 11% af VLF eigi að renna til heilbrigðisþjónustunnar. Við erum handvissir um að Íslendingar séu tilbúnir til að að takast á við þá áskorun.


20 ÁRA
LIFANDI VÍSINDI
KOMDU MEÐ Í FERÐALAG UM ÆVINTÝRAHEIMA VÍSINDANNA!
www.visindi.is


KRÓNAN
House of Halloween
1299 kr. pk.
Útskurðahnífasett með ljósi
of snemmt?
Grikk eða gott?
Grasker, Halloween
899 kr. stk.
Verð áður ~~999~~ kr. stk.
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 23. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


KRÓNAN
-20%
Folaldasnitsel og folaldagúllas
1999 kr. kg
Verð áður 2499 kr. kg
Íslenskt folaldakjöt
-25%
-35%
Folalda piparsteik innralæri
2699 kr. kg
Verð áður 3599 kr. kg
Folaldahakk
449 kr. kg
Verð áður 699 kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 23. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.


KRÓNAN
-25%
Folaldainnralæri
2699 kr. kg
Verð áður 3599 kr. kg
-25%
Folaldalundir
3699 kr. kg
Verð áður 4999 kr. kg
-25%
Folaldafile
3339 kr. kg
Verð áður 4499 kr. kg
Íslenskt súpukjöt
-20%
699 kr. kg
Lamba súpukjöt, 1/2 frampartur
Verð áður 899 kr. kg
Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Tilboðin gilda til 23. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# KRÓNAN

# Tangó kjúlli

Korter í 4
Hvað er í kvöldmatinn?




**319** kr. stk.
Gestus Mangó Chutney

+



**2199** kr. kg
Krónu kjúklingalundir

+




**199** kr. stk.
Kókosmjólk, 400 ml

=

## KVÖLDMATUR FYRIR 4

## FYRIR 2.277 KR.*

*Verð miðað við 800 g af kjúklingalundum.

**þessi uppskrift og miklu fleiri á**
**kronan.is/uppskriftir**

Afgreiðslutímar á www.kronan.is

Tilboðin gilda til 23. október. Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

# Lítilsvirðing af hálfu Reykjavíkurborgar



Hildur Bolladóttir
kjólameistari

Fréttablaðið átti viðtal við mig á dögunum, en svo háttaði til um miðjan ágúst síðastliðinn að ég veiktist skyndilega og þurfti á sjúkrabíl að halda. Við hjónin búum neðarlega á Skólavörðustíg og þar er okkar atvinnurekstur líka staðsettur. Undanfarin ár hafa borgaryfirvöld lokað neðsta hluta Skólavörðustígs fyrir bílaumferð í alls fimm mánuði á ári og gatan var lokuð umræddan dag í ágúst þegar fékk aðsvif þar sem ég var við vinnu.

Skólavörðustíg er læst við Bergstaðastræti með hengilás en í ljós kom að í sjúkrabílnum var enginn lykill að lásnum. Bíllinn þurfti því að aka hring í öfuga akstursstefnu og snúa þar við með herkjum til að koma mér á sjúkrahús. Sjúkraflutningamaðurinn í bílnum taldi að blætt hefði inn á heila og við slíkar aðstæður skiptir hver mínúta máli. Það var mikil mildi að ekki reyndist um heilablæðingu að ræða, en för sjúkrabílsins tafðist heilmikið.

Í framhaldinu hef ég eðlilega fyllst ótta yfir að vera lokuð inni við götuna og get með engu móti sætt mig við að búa við skert öryggi. Þess vegna var mér verulega misboðið er ég las viðtal Fréttablaðsins við Gunnar Hersvein, verkefnastjóra miðlunar hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Hann afgreiddi þessa alvarlegu vá með því einu að segja frásögn mína vera „einhliða“ og hélt síðan margtuggna ræðu fulltrúa Reykjavíkurborgar um það hversu vel hefði tekist til um lokanir gatna í miðbænum. Mér er verulega misboðið að horfa upp á þá fullkomnu lítilsvirðingu sem Gunnar Hersveinn sýnir mér og öðrum kaupmönnum og íbúum við Skólavörðustíg með málflutningi sínum.

Við hjónin höfum stundað okkar atvinnurekstur á þessum stað frá árinu 1992 og hér er líka okkar heimili, en frá því að götunni var lokað hefur verslun okkar við Íslendinga hrunið. Viðskiptavinir mínir hafa einkum verið konur á besta aldri. Þær finna hvergi bílastæði og margar eru þannig settar að þeim þarf að aka upp að dyrum verslunarinnar. Þær koma því ekki í lokaða götu. Það er því ekki að undra að verslanir í miðbænum sem þjónusta Íslendinga leggi upp laupana ellegar flytji sig um set á svæði þar sem aðgengi er greitt og nóg af bílastæðum. Um leið og lokun götunnar var aflétt nú í haust lifnaði yfir versluninni. Ég leyfi mér að fullyrða að nálega allir kaupmenn hér í nágrenninu geta tekið undir þessi orð mín.

Þá hefur hvers kyns ósómi færst í vöxt samhliða lokun götunnar, sala og neysla eiturlyfja, veggjakrot og önnur eignaspjöll og sóðaskapur. Þeir sem stunda slíka iðju eiga athvarf í lokaðri götu, því engin er löggæslan. Sér í lagi kveður rammt að þessu að næturlagi um helgar og það vekur hjá mér ótta. Þetta eru staðreyndir sem ég horfi því miður upp á, staðreyndir sem fulltrúar Reykjavíkurborgar kjósa að horfa fram hjá.

Ég sem skattgreiðandi í Reykjavík á ekki að þurfa að sæta því að starfsmenn borgarinnar tali niður til mín, líkt og umræddur Gunnar Hersveinn gerði í viðtalinu við Fréttablaðið. Við fjölskyldan höfum lagt okkur fram um langt árabil til að efla mannlíf í miðbænum og staðið fyrir fjölmennum hátíðum og ber þar hæst að nefna Kjötsúpudaginn, Reykjavík Bacon Festival og Blúshátíðina. Þá höfum við viljað leggja fram okkar skerf til menningarstarfs og rekið gallerí á annarri hæð verslunarhúss okkar í aldarfjórðung. Þar er sett upp ný sýning í hverjum mánuði. Við teljum okkur því sannarlega hafa lagt fram okkar skerf til samfélagsins, auk þess að halda uppi atvinnurekstri í miðbænum um áratugaskeið og eiga því betra skilið en að öryggi okkar og heimila okkar sé skert og grafið sé undan atvinnurekstri sem við höfum byggt upp á löngum tíma.

# Vinstri loforðin, um hvað snúast þau?

2017



Áslaug Friðriksdóttir
borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík

Nú er hafin skörp og snörp kosningabarátta. Vinstri flokkarnir lofa öllu fögru í ýmsum málum, allt skal vera betra og fegurra undir þeirra stjórn. En hvernig birtist þessi stjórn okkur þar sem vinstri meirihluti er við völd? Í Reykjavík hafa Samfylkingin, Píratar, Vinstri græn og Björt framtíð verið við völd undanfarin ár. Barnafjölskyldur hafa svo sannarlega mátt þola ýmislegt af þeirra hálfu og það svo sannarlega ekki jákvætt.

**Til að toppa þetta allt saman var kynnt að nú skyldi sett menntastefna með pompi og pragt. Með því móti gat meirihlutinn frestað öllum óþægilegum umræðum um aðgerðir í skólamálum um nokkra mánuði og skilað auðu í skólamálum.**

**Grunnskólinn**

Vinstri meirihlutinn í borginni rak skólakerfið á þann hátt að það endaði við algjör þolmörk á síðasta ári. Eftir að vinstri meirihlutinn tók þá ákvörðun að skera niður fjármagn til skólanna hvað eftir annað með þeim orðum að ekki væri verið að skerða grunnþjónustu afhjúpaði starfsfólk skólanna borgarstjórann og hans röngu yfirlýsingar. Að sjálfsögðu var verið að skera grunnþjónustu niður. Vinstri meirihlutinn var rekinn til baka með sínar vondu fyrirætlanir, en sneri jafnharðan við og bankaði upp á með lúðrablæstri og söng og sagðist kominn til að bjarga skólunum með sérstöku fjármagni og því bæri að fagna. Þrátt fyrir að allir hafi séð að þarna var bara komið það nauðsynlega fjármagn sem meirihlutinn skar niður nokkrum mánuðum áður var þetta kynnt sem hið mesta björgunarafrek. Til að toppa þetta allt saman var kynnt að nú skyldi sett menntastefna með pompi og pragt. Með því móti gat meirihlutinn frestað öllum óþægilegum umræðum um aðgerðir í skólamálum um nokkra mánuði og skilað auðu í skólamálum.

**Leikskólinn, dagforeldrar og ójöfnuður**

Djúpt er á svörum í leikskólamálum. Allt of fá börn komast að í leikskólanum við 2ja ára aldurinn. Þrengt hefur verið svo mjög að rekstri skólanna að foreldrar sáu ástæðu til að grípa inn í og fengu að greiða meira fyrir mat leikskólabarnanna. Til að villa fólki sýn tók meirihlutinn þá ákvörðun að lækka enn frekar leikskólagjöldin eins og allt væri í himnalagi. Á meðan sitja tugir foreldra heima, alveg eða að hluta frá vinnu vegna þess að hvorki hefur gengið né rekið hjá vinstri meirihlutanum að bæta ástandið og biðlistarnir lengjast.

Ekki er heldur á vísan að róa með að finna dagforeldra enda hefur stefna vinstri meirihlutans verið skýr í þá átt að koma dagforeldrum í útrýmingarhættu. Dagforeldrakerfið hefði þurft að þróa og styrkja í samráði við dagforeldra og foreldra en það hefur ekki verið gert. Eins hefði að sjálfsögðu átt að jafna greiðslur milli kerfa þannig að verðið stýrði ekki ákvörðun foreldra um þjónustu. Vinstri meirihlutinn býður foreldrum því upp á þá nálgun að þeir foreldrar, sem fá mesta þjónustuna eða pláss á leikskóla, borga minnst og fá mesta niðurgreiðslu. Þeir sem velja ódýrara úrræði, dagforeldra, fá að greiða umtalsvert meira með henni í hverjum mánuði og miklu minna er greitt niður með hverju plássi. Nú, og þeir sem eru svo óheppnir að fá enga þjónustu, þeir fá ekkert nema langvarandi dvöl á biðlista. Einhvers staðar myndi slík stefna ekki vera kölluð jafnaðarstefna, né yrði hún talin fjölskylduvæn. En svona lítur vinstri fjölskyldustefnan út.

**Vinstra góðærið, hvar er það?**

Að undanförnu höfum við fengið að lifa eitt lengsta hagvaxtarskeið á Íslandi. Laun hafa hækkað, vextir hafa lækkað, skuldir hafa verið greiddar niður og kaupmáttur aldrei meiri. Sveitarfélögin hafa að sjálfsögðu notið þessa hagsældarskeiðs eins og aðrir. Tekjur þeirra hafa margfaldast í takt við það að íbúar þeirra hafa hærri laun en einnig vegna þess að fasteignaverð hefur hækkað. Sveitarfélögin hafa því haft úr miklu meira fjármagni að spila en áður.

Stefna vinstri meirihlutans í Reykjavík er hins vegar skýr. Góðærið er ekki fyrir barnafjölskyldur.




# Einkavæðum innviði víðar



Guðmundur Edgarsson
kennari

**Ástand innviða í einkageiranum er til mikillar fyrirmyndar. Það er vegna þess að eignarhald þeirra er skýrt auk þess sem þeir þróast í samkeppnisumhverfi.**

Samtök iðnaðarins birtu nýverið skýrslu þar sem fram kom að um 400 milljarða vantaði í uppbyggingu innviða hér á landi. Nefnd voru dæmi eins og vegakerfið, hitaveitur og sorphirða auk ýmissa fasteigna á vegum hins opinbera. Tvennt vekur athygli í tengslum við umrædda skýrslu frá sjónarmiði frjálshyggju.

**Markaðurinn byggir líka upp innviði**

Annað er að orðið innviðir er á engan hátt bundið við opinbera geirann. Frjálsi markaðurinn gegnir nefnilega lykilhlutverki í uppbyggingu innviða og ýmiss konar grunnþjónustu fyrir almenning. Margvíslegir mikilvægir innviðir koma í hugann í þessu samhengi eins og matvöruverslanir, bensínstöðvar, netþjónusta, bílasölur, tölvuverkstæði, fatabúðir, flugfélög, farsímaþjónusta, líkamsræktarstöðvar og skóverslanir svo fáein dæmi séu nefnd. Það er því langur vegur frá að orðið innviðir sé bundið við opinbera geirann eingöngu.

**Innviðir á markaði í góðu standi**

Hitt er hin athyglisverða niðurstaða skýrslunnar að einungis opinberir innviðir hafa verið vanræktir, svo rækilega að þeir hafa verið látnir grotna niður um hundruð milljarða króna árum og áratugum saman. Í skýrslu Samtaka iðnaðarins eru nefnilega hvergi nefnd dæmi um að innviðir á markaði hafi drabbast niður, t.d. að verulega hafi skort á viðhald og uppbyggingu í matvörugeiranum eða sviði farsímaþjónustu. Það kemur heldur ekki á óvart því innviðir einkageirans hafa aldrei staðið með jafnmiklum blóma og einmitt nú.

Ástand innviða í einkageiranum er til mikillar fyrirmyndar. Það er vegna þess að eignarhald þeirra er skýrt auk þess sem þeir þróast í samkeppnisumhverfi. Því er hvati til staðar að huga reglulega að viðhaldi og uppbyggingu. Á hinn bóginn hefur innviðum á vegum hins opinbera verið illa sinnt. Ástæðan er sú að eignarhald undir ríkinu er óskýrt auk þess sem neytendur hafa ekkert val því engin er samkeppnin. Fleyg orð eins ástsælasta frjálshyggjumanns þessarar þjóðar koma því upp í hugann: Það sem allir eiga, hirðir enginn um.

# Fólk

Tíska

FIMMTUDAGUR 19. OKTÓBER 2017



Olga Einarsdóttir stílisti segir að flauel sé mjög vinsælt um þessar mundir, nú þegar vetur gengur í garð. →12






Heiða í jakka sem hún hannaði til að nota á skíðum eða snjóbretti og er með öll nauðsynleg smáatriði fyrir fjallið. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

## Vilja að fólki sé hlýtt og líði vel með sig

Aðalheiður Birgisdóttir, aðalhönnuður hjá Cintamani, segir mikinn undirbúning að baki hverri einustu flík. Fötin eigi að vera flott, þægileg og hagnýt. →2



Þessi jakki passar vel fyrir bæði kynin og hentar vel á fjöllum. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

Aðalheiður Birgisdóttir, eða Heiða eins og hún er kölluð, er yfirhönnuður hjá Cintamani, íslensku fyrirtæki sem hannar útivistarfatnað sem er gerður til að standa af sér íslenskar veðuraðstæður og leggur mikla áherslu á gæði.

„Við erum með útvistarföt sem henta vel hvað sem þú ert að gera,“ segir Heiða. „Ef þú kaupir jakka áttu að geta nýtt hann í fjölbreytta útivist, ekki bara til að fara út að hjóla eða á skíði. Sumar flíkurnar okkar eru samt frekar hugsaðar til daglegra nota á götunni, á meðan aðrar eru meira hugsaðar til að koma að notum á fjöllum. En þetta blandast allt og við viljum að fólk geti nýtt fötin víða.“

## Kom inn með nýja línu

Heiða hefur starfað sem yfirhönnuður hjá Cintamani í tvö ár og vinnur með litlu teymi til að hanna endanlega vöru. „Þegar ég kom inn fyrir tveimur árum var ákveðið að hanna alveg nýja heildstæða línu, sem gæti staðið ein og sér í búðinni, og boðið upp á fjölbreyttar flíkur,“ segir Heiða. „Það er ekki gert á hverju ári því þegar maður er að vinna með svona vandaðar gæðavörur úr toppefnum fer mikill tími og peningar í að þróa hverja flík. Þess vegna eru línur ekki endurnýjaðar eins oft og gengur og gerist í annarri tísku. Við viljum líka vera með klassíska hönnun, svo fólk þurfi ekki að kaupa sér nýja úlpu á hverjum vetri og geti notað flíkurnar árum saman.“

Heiða stofnaði merkið Nikita í kringum árið 2000, sem framleiddi bæði götutísku og snjóbrettafatnað. „Þannig að ég hef reynslu af hvoru tveggja. Ég hafði reynslu í svona tæknilegum brettafatnaði og var líka búin að gera götufatnað lengi,“ segir hún. „Þannig að það passaði ágætlega að tvinna það saman.“

**» Við erum með útivistarföt sem henta vel hvað sem þú ert að gera. Ef þú kaupir jakka áttu að geta nýtt hann í fjölbreytta útivist, ekki bara til að fara út að hjóla eða á skíði.**

Heiða segir að það sem er í búðunum núna sé blanda af þessari nýju línu og því sem var í búðunum fyrir.

„Á þessum tíma vorum við pínu að endurhanna útlitið og svo vinnum við út frá þessu nýja útliti,“ segir hún. „Það sem kemur inn í búðina á næstu misserum á að falla inn í það og hugsunina sem var á bak við þessa línu.“

## Lagskipting mikilvæg

„Ég vinn mjög mikið með lög og er að reyna að kenna fólki að klæða sig rétt,“ segir Heiða. „Það er ekki nóg að vera í hlýrri úlpu ef þú ert svo bara í nælonbol næst þér. Þá skiptir engu máli hvað þú ert í dýrum og fínum jakka utan yfir. Við þurfum að passa þetta vel á Íslandi.

Fyrst ertu til dæmis í ullarbolnum, svo kemur primaloftjakki eða flíspeysa og síðan kemur skelin,“ segir Heiða. „Ég hugsa mikið um að láta þessi lög vinna vel saman, bæði í útivist og dagsdaglega. Ef þú ert til dæmis í primaloftjakka undir léttum jakka, þá er það eins og að vera í hlýrri úlpu. Línan er byggð upp þannig að þú getir blandað flíkum saman á margan mismunandi hátt og lagskipt eins og þú vilt.“


Þessi hlýi, síði herrajakki er úr mjúku efni sem hrindir frá sér bleytu og er aðallega hannaður til daglegra nota. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR


Drífa er vatnsheldur dúnjakki sem andar vel og er tilvalinn í alla útiveru. MYND/RUT SIGURÐARDÓTTIR

**“ Það er mikil hugsun og undirbúningsvinna á bak við hverja flík, það skiptir ekki bara máli hvernig úlpan lítur út.**

## Íslenskir litir og áferð

Heiða segist fá mjög mikinn innblástur úr íslenskri náttúru. „Ég stunda mikla útivist og litirnir og áferðin í íslenskri náttúru eru aðalinnblásturinn í þessari línu,“ segir hún. „Svo fylgist maður vel með útivistarbransanum til að vera með puttann á púlsinum þegar kemur að tæknilegum nýjungum.

Útlitið á fötunum er svo sambland af öllu sem maður skoðar og sér á hverjum degi,“ segir Heiða. „Það er alltaf mikil hugsun og undirbúningsvinna á bak við hverja flík og hvernig hún virkar, það skiptir ekki bara máli hvernig úlpan lítur út. Það eru til dæmis allir með síma í dag og þá skiptir máli að hafa alltaf góðan vasa fyrir símann og að hann sé á stað sem hentar vel. Við viljum að allt sé á hreinu og þægilegt. Þetta snýst um að fötin séu þægileg en liti vel út í leiðinni, þannig að fólki líði vel með sjálft sig og sé um leið ótrúlega hlýtt.“

Heiða segir mikla vinnu á bak við val á efnum. „Þau eru misjöfn eftir því hvað hentar hverju sinni,“ segir hún. „Fyrir föt sem eru hönnuð til að fara á fjöll þarf efni sem andar vel og er vatnshelt. En ef maður er að gera úlpu sem er meira til að nota á götunni vinnur maður með efni sem eru sterk en hafa kannski ekki sömu tæknilegu eiginleika. Því eru mismunandi efni í hverri einustu flík og svo erum við með fólk sem stundar mikla útivist sem prófar vöruna, þannig að við séum fullviss um að allt sé eins og það á að vera.“

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Útgefandi:** 365 miðlar
**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.ls, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.ls, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.ls, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.ls, s. 512 5433



„Útlitið er einnig að taka breytingum, línan er meira „urban“. Þessar nýju áherslur koma fram í sniðum og milduðu litavali.“

# Nýjar áherslur hjá ZO•ON

## Ný vetrarlína ZO•ON byggir á fjölþættri notkun, vönduðum efnum og þægilegum sniðum. Flíkurnar er hægt að nota bæði á götum borgarinnar og í útivist úti í náttúrunni.

Tískan í dag er að breytast. Fólk notar útivistarfatnað dagsdaglega og blandar saman við annað. Við leggjum áherslu á flíkur með marga notkunarmöguleika, að úlpa sé ekki bara úlpa heldur tvær flíkur í einni eða þrjár. Við höfum verið að færa okkur í þessa átt og í næstu línum ZO•ON verðum við enn meira á þessum nótum,“ segir Hulda Karlotta Kristjánsdóttir, en hún hannar útivistarfatnað ZO•ON ásamt Martti Kellokumpu.

### Nýjar áherslur

ZO•ON hefur þróast mikið frá því það var stofnað 1994 og tekið miklum breytingum síðastliðin þrjú ár, að sögn Huldu. Fyrirtækið lagðist í mikla vinnu við að byggja upp vörumerkið. Ramminn var þrengdur og meiri áhersla lögð á fatnað með fjölþætta notkunarmöguleika sem flæðir milli greina.

„Útlitið er einnig að taka breytingum, línan er meira „urban“. Þessar nýju áherslu koma fram í sniðum og milduðu litavali en áður einkenndu sterkir litir og miklir kontrastar fatnaðinn frá okkur. Nú erum við meira í jarðlituðum tónum,“ segir Hulda.

### Sama flíkin allt árið

„Tíðin á Íslandi er einnig að breytast. Það er ekki endilega frost og hríð allan veturinn. Haustið er langt og við viljum geta notað flíkurnar okkar vel og við fjölbreyttar aðstæður, helst allan ársins hring. Þetta höfum við í huga við hönnunina,“ útskýrir Hulda. „Við leggjum einnig mikla áherslu á að hægt sé að klæðast flíkunum í lögum, nota til dæmis léttu primaloft- eða dúnjakkana undir skeljarnar og regnkápurnar úr sumarlínunni og þar með erum við komin með flottan haustjakka. Eins má lengja líftíma vetrarflíkanna, taka innra lagið úr úlpunum og nota ysta lagið sem léttari jakka.“

### Vönduð efni

„Útivistarfatnaður krefst þess að það sé virkni í efnunum, svo sem öndun, vatnsheldni og teygjanleiki fyrir þægindi við hreyfingu. Allt vinnur þetta saman hjá ZO•ON, virkni efnanna, litirnir og sniðin svo fatnaðurinn gangi upp bæði sem daglegur klæðnaður og útivistarfatnaður. Fólk lítur ekki út fyrir að vera á leiðinni á fjöll þegar það klæðist göngubuxum frá okkur og þær má auðveldlega nota í vinnuna.“

### Barnalína sem endist

„Í barnalínu ZO•ON er áhersla lögð á gæðaefni, slitsterk og vatnsheld svo krakkarnir geti leikið sér og velt sér um í öllum aðstæðum. Við viljum að börnin geti nýtt fötin vel, ermarnar má til dæmis lengja um eina stærð svo nota megi flíkina lengur. Með gæðaefnum er líftími flíkurinnar langur og súrt að þurfa að leggja úlpunni bara vegna þess að hún er orðin of lítil. Með því að stækka hana um eina stærð þarf ekki að endurnýja á hverju ári.“


Áhersla er lögð á fjölþætta notkun. úlpa er ekki bara úlpa heldur tvær flíkur í einni eða þrjár.


Jarðlitir einkenna nýju vetrarlínu ZO•ON.

### Á markað erlendis

Vorum að hefja sölu á vörum okkar í Finnlandi og Balkanlöndunum og höfum fengið góð viðbrögð. Netverslunin okkar hefur gengið vel og markaðssetning erlendis var því næsta skref,“ segir Hulda. „Við förum okkur hægt en höfum ýmis fleiri járn í eldinum. Þetta fer vel af stað.“

**Við leggjum áherslu á flíkur með marga notkunarmöguleika, að úlpa sé ekki bara úlpa heldur tvær flíkur í einni eða þrjár.**



„Tíðin á Íslandi er að breytast. Haustið er langt og við viljum geta notað flíkurnar okkar vel og við fjölbreyttar aðstæður, helst allan ársins hring,“ segir Hulda Karlotta Kristjánsdóttir, hönnuður hjá ZO•ON. MYND/EYÞÓR


Vönduð efni eru í fatnaði ZO•ON.

ZO•ON rekur þrjár verslanir í Reykjavík; í Bankastræti, Kringlunni og á Nýbýlavegi. ZO•ON vörurnar er einnig að finna á www.zo-on.is og í verslunum um allt land.

# Ástúðleg og umvefjandi ull

Þegar vetrar er ullin er í aðalhlutverki í lífi hjónanna Herdísar Önnu og Steef sem skipa Dúó Stemmu. Það eru ekki bara lopapeysurnar heldur ullarbolir, sjöl, sokkar og vettlingar, stundum jafnvel tvennir.

**Brynhildur Björnsdóttir**
brynhildur@365.is



Herdís Anna Jónsdóttir og Steef van Oosterhoot skipa Dúó Stemmu sem leikur skemmtilega tónlist fyrir börn á öllum aldri á slagverk og lágfiðlu en þau leika einmitt á þau hljóðfæri með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þau fara flestra sinna ferða hjólandi enda búsett í Skerjafirði sem er einmitt í þægilegu hjólafæri frá heimili hljómsveitarinnar í Hörpu. Á veturna gefur augaleið að þau þurfa að klæða af sér kuldann og þá er ullin efst á lista. „Ullin er svo frábær og í algjöru uppáhaldi. Hún heldur svo vel hita á manni. Við erum sauðkindinni mjög þakklát fyrir ullina,“ segir Herdís og Steef bætir við: „Ullin er það sem gerir íslenska veturinn bærilegan. Ullin og heitu pottarnir.“

> Við verðum að passa hendurnar vel og erum oft með tvenna ullarvettlinga þegar það er mjög kalt.

## Ómissandi flíkur

Það er af nógu að taka í ullarbúskap heimilisins. „Við notum ullarsokka, ullarboli, ullarvettlinga, ullarhúfur, ullarbrækur og handstúkur úr ull,“ segir Herdís. „Ómissandi flíkur, sérstaklega ef maður vill vera lengi úti á frostköldum vetrardögum.“ Þau hjónin eru, eins og áður sagði, tónlistarmenn og þess vegna eru vettlingarnir þeim sérstaklega mikilvægir. „Já, við verðum að passa hendurnar vel og erum oft með tvenna ullarvettlinga þegar það er mjög kalt. Ef vindur blæs erum við með þykkar skíðalúffur,“ segir Steef. Þau eru líka sammála um að ullarpeysur séu bráðnauðsynlegar á veturna. „Við eigum vinkonur norður í landi sem prjóna lopapeysur á okkur, sérhannaðar eftir okkar óskum. Lobburnar halda einfaldlega svo vel hita og eru svo ástúðlegar eitthvað,“ segir Herdís. Hún á sér einnig annað ullaruppáhald, ullarsjöl sem hún vefur sig inn í þegar kólna fer í veðri.



Herdís Anna Jónsdóttir og Steef van Oosterhoot eða Dúó Stemma umvefja sig ull á veturna enda íslenska ullin svo einstaklega hlý og notaleg. MYND/ERNIR

Ullarástríðan teygir sig yfir kynslóðirnar. „Við vorum að sækja son okkar Jakob í leikskólann og einnig frænda hans að vetrarlagi. Við gengum heim í snjónum og Jakob litli var að sleikja snjóinn af vettlingunum þegar hann segir: „Ég er með eldgamla ullarvettlinga.“ Við segjum: „Já, það er satt þeir eru mjög gamlir því langamma þín prjónaði þá fyrir hundrað árum.“ Þá segir frændinn sem var með rifna skíðahanska: „Mínir vettlingar eru svo gamlir að þeir eru steindauðir.““



„Ullin er svo frábær og í algjöru uppáhaldi. Hún heldur svo vel hita á manni. Við erum sauðkindinni mjög þakklát fyrir ullina.“ MYND/ERNIR

## Fyrsti vetrardagur

Herdís og Steef segjast lítið prjóna sjálf heldur eigi þau góða að sem prjóna handa þeim. Þau gangast þó við því að prjóna úr tónum og sögum. „Við prjónum aðallega sögur með tónlist og teygjum lopann eins og við getum og höfum gaman af því,“ segja þau. Saman mynda þau tónleikhúsið Dúó Stemmu sem árum saman hefur kætt íslensk börn með tónlistarflutningi á ýmis hljóðfæri, til dæmis íslenska steina og ýmis barnaleikföng en Stemma flytur bæði íslensk þjóðlög og samtímatónlist. Á laugardaginn fagna þau komu vetrar með því að frumflytja glænýja barnadagskrá sem þau kalla Vetur karlinn kominn er. „Við verðum í Salnum í Kópavogi fyrsta vetrardag sem er á laugardag. Við leikum okkur að vetrar(h)ljóðum og spilum á mörg hefðbundin og óhefðbundin hljóðfæri, tvinnum saman tónlist, frásögn og leik og erum með yngri börnin í huga þó öll fjölskyldan geti haft gaman af. Við lofum frábærri skemmtun.“ Og ekki er ólíklegt að lopapeysurnar verði með á sviðinu.

**Samtal um matarfíkn og meðferðir!**

**Félagið Matarheill stendur fyrir fyrirlestrum um matarfíkn og meðferðir í Voninni, Efstaleiti 7 laugardaginn 21. október kl. 13.00 -15.00**

**Philip Werdell MA.** er einn helsti sérfræðingur í meðferðum við matarfíkn á heimsvísu. Hann deilir bæði upplifun sinni sem matarfíkli í bata og 30 ára reynslu sinni með langt gengnum einstaklingum sem glíma við matarfíkn og átraskanir

**Esther Helga Guðmundsdóttir MSc.** fer yfir áhugaverðar tölur um meðferðarheldni meðferða við matarfíkn.

Það hefur sýnt sig að meðferðir virka fyrir þennan króníska sjúkdóm og hátt hlutfall þeirra sem stunda meðferðarvinnu viðheldur bata til lengri tíma.

Það verður heitt á könnunni og vonast er til að það skapist umræður um næstu skref í meðferðarmálum við matarfíkn á Íslandi.

**ALLIR ÁHUGASAMIR ERU VELKOMNIR**

**www.matarheill.is**





MATARHEILL

**Nánari upplýsingar í síma 568-3868 eða esther@mfm.is**




Verslunin Belladonna

belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is







## NÝTT ÉNERGIE DE VIE

FRÖNSK MELISSA, TRÖNUBER & GINGSENG – ORKUSKOT GEGN ÞREYTU

NÚ ENN STÆRRI LÍNA: LOTION, LIQUID CARE RAKAKREM, DAGKREM, AUGNKREM, NÆTURMASKI, KORNAMASKI OG GRÆNN LEIRMASKI.

*20% ENDURUNNIÐ GLER Í KRUKKUM OG FLÖSKUM, ENGINN BÆKLINGUR.

# LANCÔME KYNNING

## Í LYFJUM & HEILSU KRINGLUNNI FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM LANCÔME VÖRUM**

Glæsilegur kaupauki fylgir þegar keyptar eru Lancôme vörur fyrir 8.900 kr eða meira á meðan birgðir endast.




**ENERGY DE VIE:**
Bless GRÁMI, halló LJÓMI með **ENERGY DE VIE** kælandi (-4°c) kornamaskanum sem gefur raka, mýkir og styrkir.

Græni leirmaskinn minnkar opnar húðholur, hreinsar óhreinindi, leifar af farða og húðin verður fersk og hrein.

Liquid care er ferskt eins og vatn, öflugt eins og serum og rakagefandi eins og krem.

Nýtt hressandi og kælandi (-3°c) augngelið er borið á húðina með 3 stálkúlum. Það mýkir fínar línur, lýsir upp dökka bauga og minnkar augnþrota.

**ENERGIE DE VIE ORKUSKOT OG HÚÐIN VERÐUR FERSK, RAKFYLLT OG FULL AF ORKU.**

# Rúllukragar, rendur og leður

Verslunin Comma var opnuð í Smáralind fyrir þremur árum og hefur frá upphafi verið vel tekið. Tólf nýjar línur eru til sölu á hverju ári sem þýðir að verslunin býður alltaf eitthvað nýtt og ferskt.

Lína þessa mánaðar í Comma heitir LEO Love og einkennist af leðri, LEO-prenti, og röndóttu í bland. „Aðallitirnir eru svartur, kremaður, grár og „red carpet“ rauður,“ segir Hjördís Sif Bjarnadóttir, annar eigandi Comma á Íslandi. Hún segir rúllukraga mikið í tísku og þá bæði á peysum og kjólum og fæst hvort tveggja í úrvali í Comma. „Þá hafa leðurpilsin alveg slegið í gegn en þau eru mjög vinsæl fyrir allan aldur enda alltaf flott með grófum peysum eða klæðilegum blússum. Eins hafa gervileðurs teygjubuxurnar verið mjög vinsælar og höfum við ekki undan að panta þær aftur.“

Að sögn Hjördísar eru slaufur líka mikið í tísku en þær má sjá á krögum og fremst á ermum svo dæmi séu nefnd. Hún segir heldur ekki mega gleyma COMMA Casual Identity sem er afslappaðri en um leið grófari lína og er að vekja mikla



Hjördís segir að leðurpilsin hafi slegið í gegn auk teygjubuxna.

athygli á tískupöllunum og á meðal fræga fólksins ytra.

Þar sem Comma sendir frá sér tólf línur á ári er alltaf eitthvað nýtt að finna og hægt að ganga að nýjustu tískustraumunum vísum. „Þá hefur reynslan sýnt að sniðin, sem eru þýsk, henta íslenskum konum einstaklega vel. Eins koma fötin í breiðu stærðarúrvali, eða frá 34 til 46, og því ættu flestar konur að geta klæðst samkvæmt nýjustu tísku í vetur.



Lína þessa mánaðar heitir LEO love og einkennist af leðri, LEO-prenti og röndóttu í bland.



Buxur, 14.990 krónur.



Jakki, 24.490 krónur.



Toppur, 6.490 krónur.



Peysa, 8.490 krónur.



Belti, 6.490 krónur.

# Heilbrigt hár og falleg húð

Þegar kólnar í veðri er hætta á að húðin verði þurr og hárið líflaust. Með góðum kremum, olíum og volgu vatni er hægt að koma í veg fyrir ofþurrk og viðhalda heilbrigði húðar og hárs.

Yfir vetrartímann þarf að huga sérlega vel að húð og hári. Húðin getur orðið þurr og strekkt þegar kólna tekur og rok og rigning hefur sömu áhrif á hana. Það þarf að gæta að því að næra húðina vel með góðum rakakremum eða nærandi olíum, svo sem ólífuolíu eða kókosolíu. Feit krem geta einnig komið að góðum notum til að húðin nái jafnvægi á þessum tíma.

## Sofa með hanska

Hendurnar geta orðið mjög þurrar, jafnvel þannig að það myndast þurrkublettir sem erfitt er að losna við. Þá getur verið gott að bera vel af rakakremi á hendurnar áður en gengið er til náða og sofa með þunna bómullarhanska í nokkrar nætur. Með þessu móti nær kremið að smjúga vel inn í húðina og veita henni þann raka sem hún þarf. Vaselín getur reynst vel við mjög erfiðum þurrkblettum og er nauðsynlegt að nudda því vel inn í húðina nokkrum sinnum á dag. Vaselín má einnig nota við slæmum varaþurrki. Rakagefandi farði ætti að vera í hverju snyrtiveski á þessum tíma ársins en mörg helstu snyrtivörumerkin bjóða upp á slíka farða í mörgum litum.

## Stytta sturtuna

Þá er ekki ráðlegt að standa lengi undir heitri sturtu því heitt vatn þurrkar húð og hár. Betra er að fara

» Gott er að bera vel af rakakremi á hendurnar áður en gengið er til náða og sofa með þunna bómullarhanska.

í volga sturtu og hún ætti ekki að taka meira en korter. Á veturna ætti að skipta sturtusápunni út fyrir húðmjólk eða rakagefandi sturtusápu og milt sjampó með lágu sýrustigi. Þá fást fyrirtaks olíur sem má nota í staðinn fyrir sápu. Eftir sturtu er um að gera að bera ríkulega af rakakremi á húðina og þá sérstaklega á olnboga, hné og kálfa.

## Olía í hárið

Hárið þarf líka sérstaka umhirðu yfir veturinn. Betra er að þvo það annan hvern dag svo náttúruleg fitan nái að næra hárið alveg út í enda. Gott er að bera sérstakar olíur í hárendana svo þeir verði ekki tætingslegir. Slíkar olíur fást á öllum betri hárgreiðslustofum. Ekki ætti að blása hárið þurrt með of miklum hita á hárblásaranum því það skaðar hárið. Svo er um að gera að setja af og til djúpnæringu í hárið og vefja þá handklæði utan um það svo næringin nái fullri virkni, skola hana svo úr. Það má svo enda á að úða rakaspreyi yfir hárið.



Þurrt vetrarloftið hefur hvorki góð áhrif á húð né hár.

# CINZIA ROCCA

## ÍTÖLSKU ULLARKÁPURNAR KOMNAR

skoðið laxdal.is/yfirhafnir



BERNHARÐ LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

**Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is**



**Við kynnum glænýja og glæsilega jóla- og náttfatalínu** - FRÁBÆR tilboð út alla helgina og 20 fyrstu sem versla í dag **fá veglegan kaupauka** sem inniheldur meðal annars náttfatasett!

# 20-50% afsláttur
af völdum vörum!

**Sigga Kling**
verður með okkur í dag í Kringlunni milli kl 14 og 16 og spáir og sprellar!

# ZIKZAK KYNNIR
# GLÆÆNÝJA JÓLALÍNU!
Full verslun af glænýjum vörum ásamt FRÁBÆRUM tilboðum






**NÁTTFÖT**
ÁÐUR 4.990
**NÚ 3.990**
st.S-XXXL

KYNNINGARTILBOÐ **ÚT HELGINA!**



**NÁTTFÖT**
ÁÐUR 4.990
**NÚ 3.990**
st.S-XXXL



**BUXUR**
ÁÐUR 6.990
**NÚ 3.990**
st.42-56



**KJÓLL**
ÁÐUR 5.990
**NÚ 2.990**
st.S-XXXL



**BOLUR**
ÁÐUR 3.990
**NÚ 1.990**
st.42-56



**BOLUR**
ÁÐUR 4.990
**NÚ 1.990**
st.42-56



**TÚNIKA**
ÁÐUR 4.990
**NÚ 2.990**
st.S-XXXL



**BOLUR**
ÁÐUR 4.990
**NÚ 1.990**
st.42-56



**BLÚSSA**
ÁÐUR 5.990
**NÚ 2.990**
st.S-XXXL








































Tískuhús Zik Zak www.Facebook.com/zikzakkringlan Kringlan 551-1314 Glerártorg 599-1314

# Klæðist helst hlýjum fötum

**Blár, þykkur og hlýr jakki er í uppáhaldi hjá tónlistarmanninum Elvari Smára enda segist hann vera mikil kuldaskræfa. Hann kemur fram á tónlistarhátíðinni Airwaves í fyrsta sinn í næsta mánuði.**

Starri Freyr Jónsson
starri@365.is





Uppáhaldsflík Elvars er þessi blái og hlýi jakki. Hann sá jakkann fyrst í kynningarefni í tengslum við Iceland Airwaves tónlistarhátíðina fyrir mörgum árum og varð að eignast einn slíkan. Jakkinn góði hefur verið mikið notaður síðan enda mjög hlýr en Elvar segist vera mikil kuldaskræfa. MYND/ERNIR

Tónlistarmaðurinn Elvar Smári Júlíusson kemur fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem hefst í næsta mánuði en þetta er í fyrsta skiptið sem hann stígur á svið á þeirri hátíð. Hann segist fíla einfalda hluti í hönnun og tónlist og því kemur ekki á óvart að hann klæðist helst einföldum fötum. „Ég á rúllukragapeysur í ýmsum litum og mikið af stórum peysum. Ég er rosaleg kuldaskræfa svo ég klæðist helst mörgum hlýjum fötum. Ef það væri einhver einn undirflokkur fatnaðar sem ég hef sérstakan áhuga á eru það yfirhafnir. Mér finnst frakkar sem dæmi mjög fallegir.“

Elvar byrjaði að semja tónlist á gítar fyrir nokkrum árum en skipti yfir í elektróníska tónlist seinna meir, um það leyti sem hann byrjaði að lauma sér inn á Factory og heyrði house tónlist í fyrsta skipti. „Það var þá sem ég fattaði að mig langaði ekkert sérstaklega til þess að vera frábær hljóðfæraleikari. Ég hef mun meiri áhuga á pródúseringarhliðinni, að búa til tónlist sem hljómar á einhvern ákveðinn hátt.“

## Fílar margt

Fljótlega útvegaði hann sér upptökuforrit og byrjaði að blanda saman gítarleik og hljóðgervlum. „Ég varð fljótt leiður á því hvernig gítarinn hljómaði og keypti minn fyrsta synthesizer, MS-20 frá Korg. Þá var ég fyrst farinn að búa eitthvað til sem mér fannst ásættanlegt og síðan hef ég bara haldið áfram að búa til meira, læra meira og hlusta á meira. Innblásturinn kemur frá mörgum tónlistarstefnum því það er margt sem ég fíla og ég er oft óákveðinn með hvað ég vil búa til. En persónulega finnst mér tónlistin sem ég bý til í dag eiga meiri rætur í indí- og post-rokki þótt hún sé vissulega elektrónísk.“

Utan þess að búa til tónlist starfar Elvar sem grafískur hönnuður. Hann hefur mikinn áhuga á kvikmyndum og bókum og segist hlusta mikið á hljóðbækur og hlaðvörp auk þess að lesa teiknimyndasögur.

*Hvernig hefur tískuáhugi þinn þróast undanfarin ár?* Einu sinni vann ég í fatabúð og hafði mikinn áhuga á því að kaupa og skoða föt. Ég geri það mjög sjaldan um þessar mundir því ég vil aðallega eyða peningunum mínum í hljóðgræjur. Í dag klæðist ég mjög mikið því sem er hendi næst þegar ég fer úr húsi á morgnana.

> **Ég á rúllukragapeysur í ýmsum litum og mikið af stórum peysum. Ég er rosaleg kuldaskræfa svo ég klæðist helst mörgum hlýjum fötum. Ef það væri einhver einn undirflokkur fatnaðar sem ég hef sérstakan áhuga á eru það yfirhafnir. Mér finnst frakkar sem dæmi mjög fallegir.**

*Áttu þér uppáhaldsflík?* Þegar ég var sautján ára laumaði ég mér í fyrsta skipti á Airwaves. Útlit Airwaves það árið byggðist á ljósmynd af manni sem ég man ekki alveg hver var, líklega íslenskur tónlistarmaður. Þessi mynd var á forsíðunni á bæklingi hátíðarinnar en það eina sem ég gat hugsað um var hvað hann var í geðveikum jakka. Eftir Airwaves leitaði ég að honum og fann hann loks í fatabúð á Korputorgi en þar vann ég á þessum tíma. Jakkinn var rauður á ljósmyndinni svo ég keypti bláan, bara til þess að vera ekki alveg eins. Þessi jakki hefur verið mikið notaður síðan, sérstaklega af því að hann er svo hlýr og ég mikil kuldaskræfa.

*Áttu þér uppáhaldsverslanir?* Mér þykir Geysir og Kormákur & Skjöldur mjög fínar búðir þó að ég tími mjög sjaldan að versla þar. Ekki það að mér finnist að þær ættu að vera ódýrari, maður ætti klárlega að borga fullt verð fyrir vinnu hönnuðar og framleiðslu sem byggist ekki á barnaþrælkun. En föt eru bara ekki ofarlega á innkaupalistanum mínum þessa dagana.

*Bestu og verstu fatakaupin?* Einu sinni pantaði ég föt af Asos sem voru mjög góð kaup. Þar má helst nefna brúnan frakka sem ég hef notað mikið, endist vel og kostaði lítið. Líklega eru verstu kaupin eitthvað sem ég nota aldrei og er löngu búinn að gleyma.

*Notar þú einhverja fylgihluti?* Helst myndi það vera bluetooth heyrnartólin mín en ég fer ekki úr húsi án þeirra. Ég á líka mjög fína leðurhliðartösku sem var keypt á Mallorca og fer með mér flest allt.

Elvar kemur þrisvar sinnum fram á Airwaves í næsta mánuði og nú með sérstakri hljómveit í fyrsta sinn. Fyrst á off-venue giggi í Bíói Paradís föstudaginn 3. nóvember og degi síðar á hefðbundnum tónleikum á Hard Rock Café. Auk þess kemur hann líka fram á sérstöku Möller Records kvöldi á Hressingarskálanum en þar verður hann þó einn á ferð.

Hlýða má á EP plötu Elvars, sem ber heitið Ljóstillífun, á Spotify, Soundcloud og iTunes.




BISGAARD BARNASTÍGVÉL
STÆRÐIR 21–35
VERÐ NÚNA 4.796.–
ÁÐUR 5.995.–
VIKING FROST FIGHTER BARNASTÍGVÉL
STÆRÐIR 21–35
VERÐ NÚNA 5.996.–
ÁÐUR 7.495.–
ECCO SNOWRIDE BARNAKULDASKÓR
STÆRÐIR 23–30
VERÐ NÚNA 8.796.–
ÁÐUR 10.995.–
ECCO SNOWRIDE BARNAKULDASKÓR
STÆRÐIR 23–30
VERÐ NÚNA 8.796.–
ÁÐUR 10.995.–
SOREL CARIBOU KULDASKÓR
STÆRÐIR 33–39
VERÐ NÚNA 13.596.–
ÁÐUR 16.995.–
20%
AFSLÁTTUR
SKÓDAGAR ELLINGSEN
FRÁ 19 – 29. OKTÓBER
SOREL COMMANDER BARNAKULDASKÓR
STÆRÐIR 22–35
VERÐ NÚNA 6.396.–
ÁÐUR 7.995.–
BARNA ECCO AYDEN
STÆRÐIR 33–40 / BARNA
VERÐ NÚNA 12.796.–
ÁÐUR 15.995.–
BIRKENSTOCK ARIZONA
STÆRÐIR 36–43 / DÖMU
VERÐ NÚNA 9.596.–
ÁÐUR 11.995.–
ECCO GORA
STÆRÐIR 36–41 / DÖMU
VERÐ NÚNA 20.796.–
ÁÐUR 25.995.–
SOREL CHELSEA
STÆRÐIR 41–45 / HERRA
VERÐ NÚNA 19.996.–
ÁÐUR 24.995.–
50–70% AFSLÁTTUR AF ELDRI TÝPUM
ECCO WHISTLER
STÆRÐIR 40–47 / HERRA
VERÐ NÚNA 20.796.–
ÁÐUR 25.995.–
GRISPORT
STÆRÐIR 36–47 / HERRA
VERÐ NÚNA 15.996.–
ÁÐUR 19.995.–
ELLINGSEN
FISKISLÓÐ 1 REYKJAVÍK / TRYGGVAGÖTU 1–3 AKUREYRI / 580 8500 / SÍÐAN 1916
VIKING NIKE Columbia zamberlan MUCK ecco SKECHERS SOREL grisport

AFSLÁTTARDAGAR
-20%
SÖFNUNAR- STELL
HNÍFAPÖR
GLÖS
12. - 21. OKTÓBER
15% afsláttur af iittala
ÝMIS ÖNNUR TILBOÐ Í GANGI
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími 568 9955






KRINGLUNNI | 588 2300
INDISKA

# Flauel er geysivinsælt

**Olga Einarsdóttir stílisti starfar í þjónustueftirliti Icelandair eftir að hafa starfað sem flugfreyja í sumar. Meðfram starfi sínu gefur hún konum góð ráð sem stílisti.**

Elín Albertsdóttir
elin@365.is



Olga segir að það hafi verið mjög gaman að fljúga í sumar og fara milli landa. Um leið gat hún skoðað tískuna hér og þar um heiminn. „Ég er oft beðin um að fara í gegnum fataskápinn hjá konum og aðstoða þær með liti og fleira. Einnig hef ég aðstoðað brúðir, sérstaklega þegar um óhefðbundin brúðkaup er að ræða,“ segir hún. „Þegar ég bjó í Englandi var ég oft beðin um að aðstoða brúðir með val á brúðarkjólum.“

Olga segist hafa kíkt á haust- og vetrartískuna í búðum hérlendis. „Ég keypti mér fallega uppreimaða skó en það er mikið um þá núna. Síðan er flauel í öllu núna, sama hvort það eru jakkar, buxur, kjólar, toppar eða skór. Ég er svolítið upptekin af því að konur noti sparifötin alla daga. Það er gaman að blanda saman fötum úr mismunandi verslunum. Flauelsbuxur eru til dæmis mjög töff með strigaskóm og leðurjakka. Sömuleiðis eru gallabuxur smart með flauelsjakka. Tískan fer alltaf í hringi og það á líka við um flauelið,“ segir Olga. „Tískan er frjálsleg og konur vilja klæðast þægilegum fatnaði. Mér finnst til dæmis erfitt að finna mér gallabuxur sem eru ekki úr stretch-efni. Líklegast er það vegna þess að eftirspurn er eftir þeim.“

„Litir eru líka fjölbreyttari í búðum en ég hef áður séð. Bleik og gul föt má núna sjá, til dæmis í H&M og Lindex. Litir gera svo mikið fyrir konur og þær ættu að huga meira að þeim. Stóru verslanakeðjurnar eru að flytja inn fatnað í lit og íslenskar konur eru ekki jafn hræddar við þá og áður var þegar þær voru allar í svörtu. Ég hef tekið eftir því að konur sem klæðast lit fá frekar hrós en þær sem alltaf eru dökkklæddar.

Úrvalið hefur um leið breikkað. Ég er mjög ánægð með að fá H&M og Lindex þar sem hægt er að fá föt á mjög hagstæðu verði. Hins vegar legg ég miklu áherslu á að klæðast eigin stíl. Það er hægt að kaupa sér kjól hjá íslenskum hönnuði og leggings eða aðra fylgihluti í ódýrum búðum. Það er gott að eiga eitthvað klassískt og fallegt en síðan er hægt að kaupa alls konar fatnað sem passar með. Ég var pínu hrædd um, þegar H&M opnaði hér, að allar konur yrðu eins klæddar en svo er alls ekki. Það er ekki hægt annað en að fagna auknu vöruúrvali hér á landi. Við þurfum ekki allar að vera eins.“



Olga Einarsdóttir stílisti klæðir sig samkvæmt nýjustu tísku en hefur gaman af því að blanda saman mismunandi klæðnaði. MYND/VALLI



Flauelsbuxur frá Giorgio Armani sem hann sýndi á tískuvikunni í Mílanó fyrir veturinn 2017-2018. Flauel er mjög vinsælt um þessar mundir.



Buxnadragt úr flaueli frá Armani.



„Hönnun okkar er hugsuð þannig að fólk fái sem mesta notkun úr hverri flík. Því má segja að þær séu bæði fjölnota og fallegar og nýtist t.d. í fjallgöngur og hlaup, í skíðaferðir og göngur innanbæjar svo eitthvað sé nefnt,“ segir Erla Björk Baldursdóttir, yfirhönnuður útivistardeildar ICEWEAR. MYND/EYÞÓR

# Úrvalsvörur á góðu verði

ICEWEAR býður upp á mjög breiða línu af fallegum útivistarvörum sem henta ekki síst þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í útivist. Öll hönnun útivistarvara ICEWEAR fer fram hér á landi.

Útivistarlína ICEWEAR hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár en fyrirtækið leggur mikla áherslu á að bjóða upp á alhliða útivistarvörur fyrir konur og karla auk þess sem ný og breið vörulína ætluð börnum kom á markað fyrr á árinu. Öll hönnun á útivistarvörum ICEWEAR fer fram hér á landi og er kappkostað að bjóða upp á hagstætt verð, samanborið við innlenda keppinauta fyrirtækisins, segir Erla Björk Baldursdóttir, yfirhönnuður útivistardeildar ICEWEAR. „Allar vörur okkar byggja á íslenskri hönnun og eru fyrir vikið sérhannaðar sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður. Ég er að hefja mitt fimmta ár hjá fyrirtækinu og hefur mjög margt breyst á þessum tíma. Við höfum svo sannarlega tekið útivistardeildina í gegn og nánast umbreytt línunni frá því ég hóf störf hér. Einnig höfum við lagt sífellt meiri áherslu á meiri gæði og um leið höfðað til stærri markhóps en áður.“

## Nýtast vel

ICEWEAR býður upp á mjög breiða línu af útivistarvörum að sögn Erlu, allt frá sokkum og vettlingum upp í alvöru úlpur og þriggja laga jakka. „Við teljum okkur vera með sérstaklega aðgengilegt vörumerki fyrir alla hópa, ekki síst fyrir byrjendur, og vörur okkar geta viðskiptavinir nýtt við ólíkar aðstæður. Hönnun okkar er hugsuð þannig að fólk fái sem mesta notkun úr hverri flík. Því má segja að þær séu bæði fjölnota og fallegar og nýtist t.d. í fjallgöngur og hlaup, í skíðaferðir og göngur innanbæjar svo eitthvað sé nefnt. Fyrir þennan vetur tökum við t.d. í gegn þriggja laga línuna og bjóðum upp á nýja hönnun á jökkum og anorökkum.“

> **Allar vörur okkar byggja á íslenskri hönnun og eru fyrir vikið sérhannaðar sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður.**

Erla segir eina sérstöðu ICEWEAR vera mjög hagstætt verð miðað við keppinautana. „Stór hluti af vinnu okkar í hönnunardeildinni liggur í því að finna góð efni á góðu verði. Við teljum okkur svo sannarlega bjóða upp á hvort tveggja og reynum alltaf að vera með besta verðið meðal innlendra keppinauta okkar.“

## Fjölbreytt barnalína

Undanfarin ár hefur ICEWEAR selt nokkrar barnavörur en breyting varð á því í ár að sögn Erlu. „Við tókum barnalínuna algjörlega í gegn í ár og bjóðum nú upp á mjög fjölbreytt úrval, allt frá ullarnærfötum til snjógalla. Regnfötin komu fyrir sumarið og afgangurinn nú í upphafi skólaárs. Nýja línan hefur fallið vel í kramið enda hönnuð með bleytu og snjó í huga sem fylgir gjarnan íslenskum börnum.“

Vörur ICEWEAR má nú kaupa í ellefu verslunum hér á landi, átta þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu og þrjár á landsbyggðinni. Einnig er rekin öflug netverslun á vefnum www.icewear.is.



Anorakkurinn Njáll kostar aðeins 19.990 kr.



Snjógallinn Keilir er frábær fyrir veturinn. Hann kostar 14.990 kr.



Nanna er þriggja laga úlpa sem kostar 19.990 kr.

Peysur



Verð 6.900 kr.
3 litir: grátt/svart, einlitt svart, ryðbrúnt/grátt
Stærð 36 - 44
Kíkið á myndir og verð á Facebook

black pepper FASHION
Laugavegi 178 | Sími 555 1516
Opið: Virkir dagar 11-18 | Laugardagar 11-15



Peysur
Kr. 9.900.-
Str: S-XXL
Fleiri gerðir

Rita
Við erum á Facebook
Bæjarlind 6 • S. 554 7030

MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.

Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.

*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB 365.is 365

# Hlýir pelsar fyrir vetrarkulda

Þegar vetrartískan 2017-2018 er skoðuð má greinilega sjá mikinn áhuga fyrir alls kyns gervipelsum. Pelsarnir eru í öllum litum og mismunandi útfærslum.

Pelskápur úr gerviefnum virðast hafa fallið í kramið hjá mörgum þekktum tískuhönnuðum. Þar má nefna Chloé, Fendi, Maison Ziad Nakad, Elie Saab, Miu Miu og þeir eru fleiri. Skinnin eru ekki bara í kápum heldur má sjá það á töskum, skóm, húfum og krögum. Skinn yfir axlirnar er sömuleiðis vinsælt, til dæmis við sparikjóla, líkt og tíðkaðist áður fyrr. Þá voru dömurnar reyndar með ekta skinn.

Það sem vekur athygli er að pelsarnir eru gjarnan litfagrir, bleikir, grænir eða gulir. Þeir passa vel við gallabuxur eða glæsikjóla. Það eru engin takmörk á notagildinu. Pelsar úr dýraskinni sjást líka á tískupöllunum en meira er um hina. Sjálfsagt eru það mótmæli dýraverndarsinna sem hafa áhrif á að tískuhönnuðir velji frekar að hafa gerviefni í pelsunum auk þess sem það býður upp á fleiri litamöguleika.



Fendi sýndi þennan bleika pels á hátískuviku í París þar sem sýnd var vetrartískan 2016-2018.



Enn annar pels frá Fendi. Þessi er með blúndu.



Miu Miu pels sem sýndur var á tískuviku í París.



Paul & Joe sýndu þennan á tískuvikunni í París.



Annar pels frá tískuhúsinu Fendi.


HAUST
RESTAURANT
VINSÆLA AMERÍSKA JÓLAHLAÐBORÐIÐ SNÝR AFTUR
BIG AMERICAN
Christmas buffet
Njótið jólanna með fjölskyldu og vinum á veitingastaðnum Haust.
Grasker í karamellu, sætkartöflukrem með sykurpúðum, kleinuhringjabar, jólahús fyrir börnin, heilgrillaður kalkúnn, nautafille, hunangsgljáð jólaskinka og margt fleira.
Verð:
9.900 kr.*
föstudags- og laugardagskvöld
7.900 kr.*
sunnudags- til fimmtudagskvöld
*Frítt fyrir 5 ára og yngri og hálft verð fyrir 6-12 ára
Glæsilegt Jólahlaðborð
Öll kvöld frá 17. nóvember til og með 6. janúar
Frá og með 18. nóvember:
Jólabrunch um helgar 4.950 kr*.
Hádegisverðarhlaðborð með jólaívafi alla virka daga 3.950 kr.*
Bókaðu borð á haust@haustrestaurant.is eða í síma 531 9020
Sjá nánar á haustrestaurant.is/jol
Haust Restaurant | Fosshótel Reykjavík | Þórunnartúni 1

# Smáauglýsingar

512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

SUZUKI



TAMCO SPORT bensínvespa 50cc 25 km/h, 13 ára lámarksaldur, þrír litir í boði. Ekkert próf, engar tryggingar, BARA GAMAN. Verð Kr. 219.000,-

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Vissir þú að...
börn eiga rétt á næði og sveitni

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



SKODA Superb ambition 170 hö 4x4. Árgerð 2014, ekinn 86 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Dráttarkrókur. Ný vetrardekk. Verð 3.190.000. Rnr.151723.



HONDA Cr-v lifestyle. Árgerð 2013, ekinn 50 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Dráttarkrókur. Verð 3.590.000. Rnr.151802.



TOYOTA Rav4 gx plus diesel. Árgerð 2015, ekinn 42 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Bakkmyndavél. Verð 4.590.000. Rnr.152013.

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949



RENAULT Captur dynamic 2wd diesel. Árgerð 2015, ekinn 8 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Verð 2.590.000. Rnr.152045.



TOYOTA Land cruiser 200 vx diesel 7 manna. Árgerð 2008, ekinn 192 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 6 gírar. Dráttarkrókur. Verð 6.290.000. Rnr.289270.

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

STÓRA BÍLASALAN



**NÝTT ÖKUTÆKI**
FORD Tourneo Custom. Árgerð 2017, Dísel, Sjálfskiptur 6 gírar. Verð 4.980.000. Rnr.136608.



**NÝTT ÖKUTÆKI**
FORD Transit FT460 18 manna 155hö. Árgerð 2017, dísel, beinskiptur. Verð 4.980.000. Rnr.159909.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast



**HLAÐINN AUKABÚNAÐI.**
M.BENZ GLE 500 e 4matic AMG. Plug in Hybrid. Árgerð 2016, ekinn 10 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 10.900.000. Rnr.223145

**Höfðabílar**
**Fosshals 27/ Draghals megin,**
**110 Reykjavík**
**Sími: 577 4747**
**www.hofdabilar.is**

## Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU ŞAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 663 5315

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**REGNBOGALITIR**
Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Nýmálun, endurmálun, spörtlun, lökkun og fl. Vönduð vinnubrögð og snyrtileg umgengni. Hrólfur Ingi Skagfjörð löggiltur málarameistari Upplýs, malarar@simnet.is, Sími 891 9890



SUBARU
**Forester**
Nýskráður 11/2005, ekinn 151 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 790.000**



PEUGEOT
**508SW Active**
Nýskráður 5/2016, ekinn 14 þús.km., dísel, sjálfskiptur. **Ásett verð 3.790.000**
**Tilboð kr. 3.490.000**



**Suzuki Swift GL 4WD**
Nýskráður 5/2011, ekinn 141 þús.km., bensín, 5 gírar, fjórhjóladrifinn.
**Verð kr. 890.000**



PEUGEOT
**5008 Active - 7 manna**
Nýskráður 4/2014, ekinn 124 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.990.000**



HONDA
**Jazz Trend**
Nýskráður 2/2017, ekinn 11 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.490.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 5/2015, ekinn 27 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.790.000**



ACURA
**MDX Sport, 7 manna**
Nýskráður 7/2007, ekinn 113 þús.km., bensín, sjálfskiptur, SH-AWD fjórhjóladrif, hlaðinn búnaði.
**Verð kr. 2.490.000**



KIA
**Ceed EX World Cup Edition**
Nýskráður 5/2015, ekinn 47 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 10/2007, ekinn 187 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.590.000**

**Afgreiðslutími**
**Mánudaga - föstudaga**
**milli kl. 10:00 og 18:00**
**Laugardaga**
**milli kl. 12:00 og 16:00**
**notaðir.bernhard.is**
**opið allan sólarhringinn**

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR

Hafðu samband við söluráðgjafa um fjölbreytt lánakjör og fjármögnunarleiðir.

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

Getum bætt við okkur inni verkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

Verktakafyrirtæki getur bætt við sig uppsteypu mannvirkja, járnabindingu og allri almennri trésmiðavinnu. Uppl. í s. 783 6006

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmiði. S. 616 1569

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Simi 694 7881, Zanna.

## Spádómar

**Nympha-dora**
Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA **562 8211** EURO

# Keypt & Selt

## Til sölu




Hágæða Hornafjarðarhumar og sjávarfang. SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI Heimsending. www.humarsalan.is Pöntunarsimi: 867 206677

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 133 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
133 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

# Atvinna

## Atvinna í boði

**VITABAR - 11-18 VIRKA DAGA.**
Starfskraft vantar , mánud.-föstud. 11-18. Vantar einnig á kvöld og helgarvaktir.
Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.
**Umsóknir sendist á vitabar@internet.is**

Meklējam strādnieku (us) kam ir pieredze darbam ar formām un betonēsanu. 7600732 +371 28346292

# Tilkynningar

## Einkamál

**SÍMADÖMUR 908 5500**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

**SÍMADÖMUR 908 5500**
Við erum mjög heitar, langar til að heyra í þér. 100% trúnaður.

Vissir þú að...
börn eiga rétt að leika sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi




# Þjónustuauglýsingar

Sími 512 5407










Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

## Atvinna


# SMIÐIR - VERKAMENN – MÚRARAR – LAGERSTARFSMENN

Erum með vana smiði,verkamenn, múrara, pípara og lagerstarfsmenn sem eru klárir í mikla vinnu.

**HANDAFL STARFSMANNAVEITA s. 780 1444**


## Fasteignir


TRAUSTI fasteignasala


Kristján Baldursson
hdl. löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali, löggiltur leigumiðlari.
S: 867-3040


Bergþóra Heiða Guðmundsdóttir
Lögfræðingur - löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali.
S: 779-1929

## Hjallavegur 46 - 104 Reykjavík

**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 17:30 – 18:00**




Björt og falleg 3ja herb. risíbúð til sölu á þessum eftirsótta stað. Íbúðin er skráð 68,1 fm. í fasteignamati en gólfflötur er stærri. Mikil lofthæð og nýtist allt rými vel. Risið var byggt um 1989. Eignin er laus við kaupsamning. **Verð: 35,7 millj.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**



## ATVINNUHÚSNÆÐI

### Ármúli 34

Til leigu glæsilegt 150 m² verslunar-húsnæði við Ármúla 34, næg bílastæði.

Laust frá og með 1. nóvember




Upplýsingar gefur Reynir í síma 821 4645


## Tilkynningar




### Tilkynning um framlagningu kjörskrár.

Kjörskrá í Mosfellsbæ vegna kosninga til Alþingis 28. október 2017.

Kjörskrá vegna kosninga til Alþingis sem fram fara þann 28. október 2017 liggur frammi almenningi til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar að Þverholti 2, á auglýstum opnunartíma, frá og með 18. október 2019 og til kjördags.

Mosfellsbæ 16. október 2017.
Bæjarstjórinn í Mosfellsbæ

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA




### Tilkynning frá Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar

Auglýsing um kjörstað og aðsetur yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar.

Kjörstaður vegna kosninga til Alþingis sem fram fara þann 28. október 2017 er í Lágafellsskóla við Lækjarhlíð og stendur kjörfundur frá kl. 09-22.

Aðsetur yfirkjörstjórnar á kjördag þann 28. október 2017 verður á sama stað.

Mosfellsbæ 16. október 2017.
Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar
Þorbjörg Inga Jónsdóttir formaður
Haraldur Sigurðsson
Valur Oddsson

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA


# Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

**www.hagvangur.is**


## Tilkynningar

akvafuture

### Laxeldi í lokuðum sjókvíum í Eyjafirði

**Tillaga að matsáætlun fyrir allt að 20.000 tonna framleiðslu**

AkvaFuture ehf kynnir tillögu að matsáætlun um framleiðslu á laxi í lokuðum sjókvíum í Eyjafirði. Kynningin er samkvæmt reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Umfang umhverfismats miðar við allt að 20.000 tonna hámarks framleiðslu á einu ári. Meginmarkmið er að framkvæmdin verði sjálfbær og rekstur taki mið af umhverfisvöktun.

Almenningi er gefinn kostur á að kynna sér tillöguna á vefsíðunni www.akvafuture.is og gera athugasemdir við hana til og með **3. nóvember 2017.**

Umsagnir og athugasemdir sendist á netfangið rg@akvafuture.is eða í pósti:

**AkvaFuture ehf**
**Glerárgötu 36**
**Pósthólf 271**
**602 Akureyri**

Fjallabyggð

### KÖNNUN Á ÁFORMUM MARKAÐSAÐILA VARÐANDI UPPBYGGINGU FJARSKIPTAINNVIÐA

Fyrirhuguð er lagning ljósleiðara í Fjallabyggð sem veita á öruggt þráðbundið netsamband í dreifbýli sveitarfélagsins. Gert er ráð fyrir að tengja öll lögheimili í sveitarfélaginu. Einnig standi eigendum frístundahúsa og fyrirtækja, sem staðsett eru í dreifbýli Fjallabyggðar til boða að tengjast ljósleiðaranum.
Gert er ráð fyrir að öllum þjónustuveitum verði heimilað að bjóða þjónustu sína á ljósleiðarakerfinu gegn gjaldi.

**Auglýst er eftir:**
**A.** Aðila, eða aðilum, sem sannanlega ætla að koma á ljósleiðaratengingu eða annarri a.m.k. 100Mb/s þráðbundinni netþjónustu í Fjallabyggð (utan þéttbýlis) á næstu þremur árum á markaðslegum forsendum.
**B.** Hæfum aðila, eða aðilum, til að taka að sér að byggja upp ljósleiðarakerfi með stuðningi frá opinberum aðilum og e.t.v. reka til framtíðar, komi til þess að enginn aðili svari lið A. hér að ofan. Aðilar sem óska eftir stuðningi skulu uppfylla tilteknar kröfur um fjarskiptaleyfi, fjárhagslegan styrk, reynslu af uppbyggingu og rekstri sambærilegra kerfa, raunhæfa verkáætlun o. fl.
**C.** Eiganda mögulegra fyrirliggjandi fjarskiptainnviða í Fjallabyggð sem er tilbúinn að leggja þá til við uppbygginguna gegn endurgjaldi sem bjóðist öllum sem lýsa yfir áhuga á uppbyggingu samkvæmt B. hér að ofan á jafnræðisgrundvelli.

Áhugasamir skulu senda tilkynningu til Fjallabyggðar á netfangið armann@fjallabyggd.is **fyrir kl. 12:00 þann 27 október.** Í tilkynningunni skal koma fram nafn og kennitala aðila, auk upplýsinga um ofangreint eftir því sem við á.

Hægt er að óska eftir nánari upplýsingum og skýringum og skulu slíkar fyrirspurnir sendar á netfangið: armann@fjallabyggd.is

Áhugakönnun þessi er ekki skuldbindandi, hvorki fyrir Fjallabyggð né þá sem sýna verkefninu áhuga.




Heimild: Rafrænar ljósvakamælingar Gallup. Dekkun (%) á dag, 18-49 ára í vikum 36-39 2017.

# YFIRBURÐAHLUSTUN!

Stærstu mánuðir ársins eru framundan. Útvarpsauglýsingar hjá 365 skila árangri.

Birtu samtímis á þremur útvarpsstöðvum: Bylgjunni, Létt-Bylgjunni og Gull-Bylgjunni eða birtu samtímis á FM957, X977 og FMX klassík.

Einnig hægt að birta samtímis á öllum sex útvarpsstöðvum 365 miðla sem skilar yfirburðadekkun og hámarksárangri. **Hafðu samband í síma 512-5000**















# Við leitum svara með þér og Bleiku slaufunni



**Ásgeir R. Helgason**
fræðslufulltrúi hjá Krabbameinsfélagi Íslands



Til að að efla stuðning og ráðgjöf við þá sem greinast með krabbamein og aðstandendur þeirra hefur Krabbameinsfélagið ákveðið að helga Bleiku slaufuna 2017 Ráðgjafarþjónustu félagsins. Mikil fjölgun hefur orðið á tíðni krabbameina undanfarin ár meðal annars vegna aukins mannfjölda og hærri meðalaldurs. Sífellt fleiri læknast hins vegar vegna skilvirkari greininga og bættra meðferðarúrræða.

Árið 1976 voru 2.298 Íslendingar á lífi sem höfðu fengið krabbamein. Árið 2016 voru þeir 13.983 og áætlað er að þeir verði um 18.300 árið 2026. Ljóst er að efla þarf ráðgjöf og stuðning til að mæta auknum fjölda.

### Stuðningi og ráðgjöf ábótavant

Í nýrri könnun sem Maskína vann fyrir Krabbameinsfélagið meðal 1.500 einstaklinga á aldrinum 18-75 ára (valdir af handahófi úr Þjóðskrá) kom fram að rúmlega helmingur svarenda átti náinn ættingja sem greinst hafði með krabbamein og enn fleiri þekktu einhvern sem greinst hafði með sjúkdóminn. Þá höfðu 5% greinst sjálf með krabbamein.

Almennt töldu 80% svarenda að stuðningur vegna réttindamála þeirra sem greinst höfðu með krabbamein væri ófullnægjandi, en næstum 90% þeirra sem sjálfir höfðu greinst voru þeirrar skoðunar.

Alls töldu 80% að sálrænum einkennum væri ekki sinnt nægilega vel og 70% þeirra sem greinst höfðu með krabbamein voru sömu skoðunar.

Stuðningur við aðstandendur á meðan á meðferð stóð var talinn ófullnægjandi af um það bil 70% þátttakenda og 60% þeirra sem höfðu greinst með krabbamein voru sömu skoðunar. Þegar svör aðstandenda krabbameinssjúklinga voru skoðuð sérstaklega kom fram að 70% töldu stuðninginn ófullnægjandi.

Helmingur allra svarenda taldi stuðning við aðstandendur þeirra sem greinast með krabbamein ófullnægjandi að lokinni meðferð, en 30% þeirra sem greinst höfðu með krabbamein töldu sig ekki hafa fengið fullnægjandi stuðning að meðferð lokinni.

### Ráðgjafarþjónusta án endurgjalds

Þrátt fyrir að umönnun og meðferð þeirra sem greinast með krabbamein sé á margan hátt til fyrirmyndar er ljóst að mikið svigrúm er til að efla þjónustuna, ekki síst varðandi réttindamál, sálrænan stuðning og stuðning við aðstandendur.

Hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins er boðið upp á þjónustu hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Alla virka daga er boðið upp á viðtöl og einstaklingsráðgjöf, símaráðgjöf, slökun og fyrirlestra auk starfsemi stuðningshópa félagsins. Einnig er fjöldi námskeiða og fyrirlestra í boði sem hafa að markmiði að mæta þörfum þess breiða hóps sem til Ráðgjafarþjónustunnar leitar. Þjónustan er fólki að kostnaðarlausu. Á landsbyggðinni er hægt að sækja stuðning og ráðgjöf hjá átta þjónustuskrifstofum sem starfa í nánu samstarfi við Ráðgjafarþjónustuna auk þess sem mörg svæðafélaganna eru dyggur bakhjarl á sínu svæði.

Bleika slaufan er árveknis- og fjáröflunarátak Krabbameinsfélagsins. Í ár er safnað fyrir Ráðgjafarþjónustunni í þágu þeirra sem greinast með krabbamein og aðstandenda þeirra. Nánari upplýsingar er að finna á www.bleikaslaufan.is.

# Mínútur um myndlist



**Bjarki Bragason**
myndlistarmaður, lektor og fagstjóri BA náms við Myndlistardeild Listaháskóla Íslands

> **Innbyrðing á slíkum verkum getur breytt áhorfandanum örlítið, eða heilmikið. Oftast fer slíkt fram í kyrrþey, að listamanninum óafvitandi.**

Þessi brot eru hlutar af minningum um myndlistarverk sem ég hef séð, öll bara einu sinni og á frekar hraðri yfirferð um sýningar þar sem ég reyndi að ná inn sem mestu á sem skemmstum tíma, á sýningum með hundruðum verka eftir óteljandi listamenn. Samt sem áður hugsa ég um þessi verk daglega.

1. Kona spilar á forsögulega flautu fyrir fugl. Flautan fannst í fornleifauppgreftri á því svæði þangað sem fuglinn á rætur sínar að rekja og er eitt elsta hljóðfæri sem vitað er um. Dýrið hlustar á tónana, eða verður fyrir því að vera í sama rými og tónarnir, á meðan manneskjan gerir tilraunir til þess að framkalla hljóðin. Óljóst er hvort laglínan er lík því sem hljóðfærið var smíðað til þess að flytja, enda engin leið til þess að grafa þá þekkingu upp úr kandífloss-massa árþúsundanna, né eiga samskipti við fuglinn um hvort hann þekki hljóðin hundrað þúsund ættliðum seinna og eftir að hafa verið alinn í gæludýraverksmiðju. [1]
2. Í hringlaga turnbyggingu fyrrverandi fangelsis í smábæ eru litlir hamrar áfastir veggjunum, þeir höggva taktfast og endalaust í múrsteinana. Einhvern tíma, ef til vill, munu þeir ná í gegn. [2]
3. Prestur sem dæmdur var í nauðungarvist í fangabúðum nasista var skipaður til þess að sjá um plönturækt og landbúnað í fangavist sinni. Í embætti sínu og annars staðar hafði hann talað gegn stjórnvöldum og hlotið í staðinn það hlutverk að rækta jurtir í miðdepli eyðingar og dauða. Presturinn þróaði nýjar tegundir af eplum í fangabúðunum, og málaði af þeim hundruð mynda. Eitt afbrigði þessara epla er enn ræktað. Þú bítur í það og súrsætur safinn seytlar um munnvikin, eitthvert sambland hryllings og vonar. [3]

Þessi verk eru vegna hughrifa orðin hluti af glærunni sem ég horfi í gegnum, festust í heilanum eins og grjót sem kemst ekki í gegn um möskva. Kannski eru slík andartök lík því að vera unglingur, þar sem breytingar gerast svo hratt að klukkutímar eða dagar geta skilgreint heilu tímabilin og alla hugsun manns.

Innbyrðing á slíkum verkum getur breytt áhorfandanum örlítið, eða heilmikið. Oftast fer slíkt fram í kyrrþey, að listamanninum óafvitandi. Það að færa fólki verkfæri til þess að endurmeta heimssýn, upplifa og skilgreina í gegnum áhorf eða þátttöku í listaverki er starf sem byggir á því að senda skilaboð út í heiminn og vita, eða ekki, að það getur skilað sér strax, eða eftir áratugi í volki um beygladar og klístraðar víddir hugans. Þess vegna er dagur eða mánuður myndlistar eins konar þakkargjörð fyrir það sem manni hefur verið gefið, vettvangur til þess að berjast fyrir því að vegur myndlistar aukist í okkar samfélagi sem skilgreinir verðmæti frekar eftir því hvort hægt sé að bræða þau eða virkja, og mínúta til þess að rifja það upp að listaverk hafa raunveruleg áhrif á mann og eru leynt og ljóst hreyfiafl í samfélaginu.

Góðan dag.

[1] Allora and Calzadilla, Raptor's Rapture, 2012
[2] Rebecca Horn, Das gegenläufige Konzert [Concert in Reverse], 1987/97, Skulptur Projekte Münster 1987
[3] Korbinian Aigner, Apples, 1912-1960s


ÚLPUDAGAR
20%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM ÚLPUM FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
TIL MÁNUDAGS*
Kuldafatnaður frá:
DIDRIKSONS1913 Grundsund SWEDEN
WHISTLER
ZIGZAG
HH HELLY HANSEN
hummel
THE NORTH FACE
ÚTILÍF
síðan 1974
KRINGLUNNI / SMÁRALIND
utilif.is
*Gildir ekki með öðrum tilboðum

# Haukastúlkur unnu uppgjör ósigruðu liðanna á Hlíðarenda




Sterkar Haukastúlkur eru einar á toppi Domino's-deildar kvenna eftir öruggan sigur á Valsstúlkum í gær. Bæði lið höfðu unnið alla leiki sína í deildinni fyrir gærkvöldið og það var því mikið undir í leiknum. Haukastúlkur betri og áttu sigurinn skilið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# 3.000 km fyrir þrjár mínútur

**FH þarf að fara aftur til St. Pétursborgar í Rússlandi til þess að taka eina vítakastkeppni. Ekki gott mál fyrir íþróttina, segir formaður handboltans hjá FH.**

**HANDBOLTI** „Þetta er úrskurður sem við áttum ekki von á,“ segir Ásgeir Jónsson, formaður handknattleiksdeildar FH, við íþróttadeild um úrskurð handboltadómstólsins í máli rússneska liðsins St. Pétursborgar sem það höfðaði eftir tapið fyrir Hafnarfjarðarliðinu í 2. umferð EHF-bikarsins.

FH vann einvígið samanlagt eftir framlengingu í seinni leiknum en það átti aldrei að framlengja heldur að fara beint í vítakastkeppni. Nú þurfa FH-ingar að ferðast aftur tæplega 3.000 kílómetra til að framkvæma vítakeppnina og missa mögulega sætið í 3. umferðinni.

„Það kom fram degi fyrir leik á tæknifundi með eftirlitsmanni og fulltrúum félaganna að það yrði framlengt. Við meira að segja spurðum til öryggis hvort það væri ein eða tvær framlengingar og hann sagði tvær og svo vítakastkeppni,“ segir Ásgeir.

**Slæmt mál**

Þegar leikurinn endaði svo með samanlögðu jafntefli eftir báða leikina var það eina sem var rætt á milli þjálfara og eftirlitsmanns hvort útivallarmörkin væru enn þá í gildi. Aldrei var talað um að fara beint í vítakastkeppni þannig að mistökin liggja alfarið hjá EHF.

„Því miður eru svona mál að koma upp þar sem reglur eru að breytast eftir á eða á meðan á leik stendur. Þetta er ekki gott mál fyrir íþróttina eða EHF og þá sem stjórna þar. Þetta er slæmt mál,“ segir Ásgeir.

**Íhuga að áfrýja**

Þrír meðlimir handboltadómstólsins með Kýpverja í fararbroddi tóku þessa ákvörðun en þegar íþróttadeild leitaði frekari upplýsinga hjá EHF um þá sem sátu í nefndinni var fátt um svör.

„Ég veit hverjir sátu í þessari nefnd og er búinn að fá það uppgefið og niðurstöðu dóms og hvernig menn tóku á þessu máli. Það er eitthvað sem við félögin fáum upplýsingar um en er annars ekki gert opinbert,“ segir Ásgeir sem segir FH-inga nú íhuga hvort þeir áfrýi.

„Þetta er rosalegur dómur að kyngja og hvað þá að fara hugsanlega út aftur. Þetta er alvarlegt fyrir okkur, hreyfinguna og íþróttina. Við ætlum að melta þetta aðeins og ræða við menn innan HSÍ og félagsins og taka svo ákvörðun um hvort við áfrýjum.“

FH fer með fullmannaðan hóp til Rússlands komi til þess að liðið þurfi að fara enda borgar EHF brúsann.

„Við færum með óbreyttan 20 manna hóp út. Við lögðum mikið í þetta verkefni og fórum út til að vinna og gerum það aftur. Það tekur svona viku að fá vegabréfsáritun, ferðalagið tekur tvo til þrjá daga og svo mun þetta samt bara taka svona þrjár mínútur.“

tomas@365.is

## Nýjast

**Meistaradeild Evrópu**

**A-riðill**

**Benfica - Man. Utd. 0-1**
0-1 Marcus Rashford (64.).

**CSKA - Basel 0-2**
0-1 Taulant Xhaka (29.), 0-2 Dimitri Oberlin (90.).

**Staðan:** Man. Utd 9, Basel 6, CSKA 3, Benfica 0.

**B-riðill**

**Anderlecht - PSG 0-4**
0-1 Kylian Mbappé (3.), 0-2 Edinson Cavani (44.), 0-3 Neymar (66.), 0-4 Angel di Maria (88.).

**Bayern - Celtic 3-0**
1-0 Thomas Müller (17.), 2-0 Joshua Kimmich (29.), 3-0 Mats Hummels (51.).

**Staðan:** PSG 9, Bayern 6, Celtic 3, Anderlecht 3.

**C-riðill**

**Qarabag - Atlético 0-0**

**Chelsea - Roma 3-3**
1-0 David Luiz (11.), 2-0 Eden Hazard (37.), 2-1 Aleksandar Kolarov (40.), 2-2 Edin Dzeko (64.), 2-3 Edin Dzeko (70.), 3-3 Eden Hazard (75.).

**Staðan:** Chelsea 7, Roma 5, Atlético 2, Qarabag 1.

**D-riðill**

**Barcelona - Olympiacos 3-1**
1-0 Dimitrious Nikolaou, sjm (18.), 2-0 Lionel Messi (61.), 3-0 Lucas Digne (64.), 3-1 Dimitrious Nikolaou (89.).

**Juventus - Sporting 2-1**
0-1 Alex Sandro, sjm (12.), 1-1 Miralem Pjanic (29.), 2-1 Mario Mandzukic (84.).

**Staðan:** Barcelona 9, Juventus 6, Sporting 3, Olympiacos 0.




**Lionel Messi skoraði úr aukaspyrnu í gær.** NORDICPHOTOS/GETTY

100 MARKA MESSI

Lionel Messi varð í gærkvöldi annar maðurinn í sögunni sem nær því að skora 100 mörk í Evrópukeppnum. Hann skoraði þá eitt marka Barcelona í 3-1 sigri á Olympiacos.

Cristiano Ronaldo er hinn knattspyrnumaðurinn sem hefur skorað yfir 100 mörk en Ronaldo er kominn í 113 stykki.

Annar merkilegur áfangi í leikjum gærkvöldsins í Meistaradeildinni var þegar Edinson Cavani, framherji PSG, varð þriðji leikmaðurinn í sögunni sem nær að skora í sjö Meistaradeildarleikjum í röð.

Hinir eru Cristiano Ronaldo og Ruud van Nistelrooy.

Við erum komin í Hafnarfjörðinn
við hliðina á Bónus
gæludýr.is



VIÐ SJÁUM UM
VIÐHALD OG VIÐGERÐIR
Á KÆLI- OG FRYSTIKERFUM
Kælivirkni ehf
Rauðagerði 25 - 108 Reykjavík
Sími: 517 0900 / 777 1901
www.kaelivirkni.is





# HELLINGUR AF GÓÐU **STÖFFI**

## MARAÞON NOW OG 11GB Á 3.990 KR.*

Fáðu 11 gígabæt í símann, endalaust mörg símtöl og sms ásamt aðgangi að Maraþon Now.

Maraþon Now inniheldur sumar af fremstu þáttaröðum heims ásamt helling af góðu stöffi sem þú getur notið í hvaða snjalltæki eða sjónvarpi sem er.

Nánari upplýsingar um tilboðið á **365.is** eða í síma **1817**.




*á mánuði

MARAÞON NOW + 11GB

365.is | 365

## Merkisatburðir

**202 f.Kr.** Orrustan við Zama, síðasta orrustan í öðru púnverska stríðinu, er háð.

**1453** Hundrað ára stríðinu lýkur þegar Frakkar ná aftur Bordeaux. Englendingar halda einungis Calais eftir í Frakklandi.

**1466** Friðarsamningarnir í Thorn binda enda á Þrettán ára stríðið. Gdansk, Pommern og allt Prússland eru innlimuð í Pólland, en þýsku riddararnir fá að ríkja yfir austurhlutanum undir Pólverjum.

**1655** Karl 10. Gústaf leggur Kraká undir sig.

**1898** Í Reykjavík er vígt timburhús fyrir Barnaskóla Reykjavíkur og er það síðar nefnt Miðbæjarskólinn. Það er byggt úr timbri vegna ótta manna við að steinhús kunni að hrynja í jarðskjálfta.

**1912** Ítalir ná völdum í Trípólí í Líbýu af Ottómönum.

**1918** Þjóðaratkvæðagreiðsla fer fram um sambandslagasamninginn og er hann samþykktur með rúmlega 90% atkvæða. Kosningaþátttaka er tæplega 44%. Samningurinn gengur í gildi þann 1. desember.

**1918** Spænska veikin berst til Íslands og geisar fram í desember. Um 4-500 manns dóu af völdum hennar.

**1933** Þjóðverjar segja sig úr Þjóðabandalaginu.

**1969** Stytta af Ólafi Thors forsætisráðherra eftir Sigurjón Ólafsson er vígð framan við Ráðherrabústaðinn í Reykjavík.

**1987** Svartur mánudagur – Dow Jones-vísitalan fellur um 22%.

**1994** Nýtt skip, Guðbjörg, kemur til Ísafjarðar. Er það fullkomnasta skip íslenska veiðiflotans og kostar um hálfan annan milljarð króna.

# Uppbygging og niðurrif mætast á einum reit

**Í kvöld verður gamla stórhýsi Iðnaðarbankans að Lækjargötu 12 jarðsungið. Athöfninni er ætlað að minna okkur á þær hugmyndir og drauma sem hverri byggingu fylgja. Byggingin verður lýst upp að innan og hópur tónlistarmanna mun jarðsyngja hana.**

Þetta er bygging sem hefur sótt á okkur og kallar á athygli – einstök bygging. Síðastliðin ár hafa líka verið í deiglunni ákveðnar breytingar á þessum reit,“ segir Anna María Bogadóttir arkitekt aðspurð hvernig það komi til að akkúrat þessi bygging hafi orðið fyrir valinu – en hún, Berglind María Tómasdóttir tónskáld og Kristín Gunnarsdóttir myndlistarmaður standa fyrir jarðsöng Lækjargötu 12, en senn mun sú bygging víkja úr borgarlandslaginu.

Lækjargata 12, stórhýsi Iðnaðarbankans, reis á árunum 1959 til 1963. Lögð var mikil alúð í handverk og við efnisval í bygginguna og var ekkert til sparað. Anna María segir að athöfnin sé að einhverju leyti ætluð til að heiðra þá alúð, iðnaðarmennina og hugmyndirnar sem komu við sögu í þessari byggingu.

„Það sem vakir fyrir okkur er að varpa ljósi á bygginguna og það sem byggingin varpar ljósi á sjálf. Þessi staka bygging rís þarna á sjöunda áratugnum upp úr frekar lágreistri miðborg og endurspeglar bæði framtíðardrauma sem og alþjóðlega strauma. Nú rétt um fimmtíu árum síðar er búið að taka þá ákvörðun að rífa hana, þannig að hún staldrar stutt við, svona miðað við hvað var lagt upp með og sem bygging almennt.

Við viljum varpa ljósi á þessi mörgu sjónarhorn sem hver bygging býður upp á, byggingarlist, borg, samfélag, hagkerfi o.s.frv. Bæði varpar þessi bygging ljósi á þá tíma sem hún var byggð á; sjöundi áratugurinn var þessi mikli uppbyggingartími – byggingin var vígð sama ár og nýtt Aðalskipulag Reykjavíkur var samþykkt þar sem uppi voru mjög stórtækar áætlanir um miklar breytingar á borginni, ekki síst miðborginni.

Síðan er það líka hugmyndin um að baki hverri byggingu eru draumar og hugmyndir sem spretta úr samfélaginu og tíðaranda sérhvers tíma. Það sem mætist núna er niðurrif og uppbygging – því að það sem er að baki niðurrifi eru líka draumar og hugmyndir. Við erum að einhverju leyti að velta upp spurningum um hvaða draumar og ástríða liggja að baki niðurrifinu í dag.“

*Hvernig mun athöfnin fara fram?* „Við ætlum að leyfa byggingunni að ljóma innan frá og út, frá klukkan sex að miðnætti. Það er einmitt svolítið kjarni verksins að líta inn á við – bæði byggingin og borgin og við sem einstaklingar. Við hefjum þetta jafnframt á tónlistarviðburði eða jarðsöng. Hópur tónlistarmanna mun hlusta á bygginguna og spila með henni. Þannig að við erum líka að hlusta á hvað þessi bygging hefur að segja okkur og leyfa henni að ljóma í hinsta sinn.“ stefanthor@frettabladid.is


Brátt mun stórhýsið að Lækjargötu 12 verða rifið, en þess verður minnst af mörgum.

> **Það sem mætist núna er niðurrif og uppbygging – því að það sem er að baki niðurrifi eru líka draumar og hugmyndir. Við erum að einhverju leyti að velta upp spurningum hvaða draumar liggja að baki niðurrifinu í dag**

---



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Gunnar Bjartmarz**
Sautjándajúnítorgi 5,

lést 13. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 23. október kl. 11. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Sólveig Fanney Bjartmarz**
**Guðrún Bjartmarz** **Hákon Markússon**
**Ingibjörg Bjartmarz** **Ingvar A. Sigfússon**
**Magnea S. Bjartmarz** **Árni Ó. Ingvason**
**Erla Bjartmarz** **Þórir Kr. Þórisson**
**Þórhildur Bjartmarz** **Viggó S. Pálsson**
**Klara Ósk Bjartmarz** **Þóra Atladóttir**
**afabörn og langafabörn.**

---



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**Þórunn Sigurfinnsdóttir**

er látin. Hún verður jarðsungin frá Laugarneskirkju föstudaginn 20. október klukkan 13.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Sigrún Einarsdóttir**
**Guðmundur J. Einarsson** **Heiður Þorsteinsdóttir**
**Bergþór Einarsson** **Erna Einarsdóttir**
**Erla Berglind Einarsdóttir** **Jón Dagsson**
**Sigurður G. Einarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**

---



†

Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þuríður Sumarliðadóttir**
frá Gróustöðum,

lést á heimili sínu 12. október. Útför hennar fer fram frá Garpsdalskirkju mánudaginn 23. október kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jón Oddur Friðriksson**
**og fjölskylda.**

---



†

Elskulegur faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Eyjólfur A. Magnússon**
frá Ólafsvík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli miðvikudaginn 11. október. Útför hans fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 23. október klukkan 13.00.

**Guðrún V. Stefánsdóttir** **Björn Ágústsson**
**Halldóra Eyjólfsdóttir** **Mats A. Jonsson**
**S. Katrín Eyjólfsdóttir** **Arnaldur S. Baldursson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Ástkær sonur okkar og bróðir,

**Sigurður Þorvaldsson**

lést á gjörgæsludeild Landspítalans þann 8. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, föstudaginn 20. október klukkan 13.00.

**Þorvaldur Kristjánsson**
**Ásta Siegfriedsdóttir**
**Guðný Þorvaldsdóttir**
**Hafdís Þorvaldsdóttir**
**S. Berglind Þorvaldsdóttir**
**Garðar Birgir Þorvaldsson**
**Kjartan Þröstur Þorvaldsson**

---



†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, fósturföður, tengdaföður, afa og langafa,

**Árna Kjartanssonar**
Hlaðbæ 18, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 3N á hjúkrunarheimilinu Eir.

**Hulda Guðrún Filippusdóttir**
**Guðbjörg Árnadóttir** **Þráinn Örn Ásmundsson**
**Árni Þór Árnason** **Agneta Lindberg**
**Guðrún Björnsdóttir** **Valdimar Samúelsson**
**Kristín Björnsdóttir** **Magni Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

Okkar innilegustu þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

**Guðna Christjan Bøgebjerg Andreasen**
bakarameistara,
Austurvegi 31b, Selfossi.

Með bestu kveðju og þakklæti,

**Björg Óskarsdóttir**
**Inga Heiða** **Gunnar Þór**
**Óskar Helgi** **Svanlaug**
**Andrés Bøgebjerg** **Eva-Charlotte**
**Auður, Kristján Rútur, Guðrún, Guðbjörg Ósk,**
**Bernardo, Nina-Grazia, Lukas, Björg-Marie**

# ALLAR FERÐA TÖSKUR 30% VILDAR AFSLÁTTUR




## FRÁBÆRAR TÖSKUR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vildarverð gilda til og með 22. október. Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Stíf austanátt í dag, en stormur syðst á landinu. Rigning, einkum á Suðausturlandi og Austfjörðum þar sem búast má við talsverðri eða mikilli rigningu, líklega með tilheyrandi vatnavöxtum. Hiti 5 til 10 stig.







### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 1 | | | 2 | 5 | | |
| | | 2 | | 5 | 9 | 8 | 1 | |
| | | | | | 3 | | 4 | 6 |
| | 6 | | 8 | | | | 2 | |
| | 5 | 8 | 1 | | 7 | | | 9 |
| | | | | 6 | | | | |
| 1 | 9 | 5 | | 4 | | | | |
| | | | | 7 | | | 3 | |
| 4 | | 7 | 9 | | | 1 | 8 | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 3 | | 1 | 9 | | | |
| 7 | 8 | | | | 6 | | | |
| | 2 | 4 | 7 | | 5 | | | |
| | 3 | | 5 | | | | 7 | |
| 2 | | 5 | | | 1 | | | |
| 1 | | 9 | | | 8 | 2 | | |
| | | | 6 | | 7 | 9 | 5 | |
| 4 | | 8 | | | | | 1 | |
| 5 | | | | | | | 8 | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | | | 6 | | 2 | 4 | | |
| | 6 | 2 | 4 | | | 5 | 7 | |
| | | | | | | | 8 | |
| | | 6 | 8 | 4 | 7 | | | |
| | | | | | 1 | | 4 | 6 |
| | | 5 | 2 | | | | | 7 |
| | | | | 6 | 9 | | | |
| | 4 | | | 7 | | 1 | | |
| 6 | 1 | 7 | | | | | 3 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 6 | 1 | 4 | 7 | 2 | 3 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 2 | 5 | 6 | 9 | 4 |
| 8 | 4 | 2 | 9 | 3 | 6 | 7 | 5 | 1 |
| 4 | 6 | 9 | 5 | 7 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 7 | 8 | 3 | 6 | 1 | 9 | 4 | 2 |
| 2 | 3 | 1 | 4 | 8 | 9 | 5 | 6 | 7 |
| 6 | 8 | 5 | 2 | 1 | 4 | 3 | 7 | 9 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 9 | 3 | 4 | 8 | 5 |
| 3 | 9 | 4 | 7 | 5 | 8 | 1 | 2 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 1 | 2 | 3 | 4 | 6 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 7 | 9 | 1 | 4 | 2 |
| 7 | 4 | 9 | 8 | 1 | 2 | 3 | 5 | 6 |
| 4 | 2 | 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 5 | 3 | 2 | 6 | 4 | 7 | 1 | 9 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 8 | 4 | 2 | 3 |
| 1 | 7 | 6 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 9 | 7 | 6 | 3 | 4 |
| 3 | 9 | 4 | 6 | 8 | 5 | 2 | 7 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 1 | 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 5 |
| 9 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 9 | 6 | 2 | 1 | 3 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 8 | 7 | 6 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 | 3 | 5 | 8 |
| 1 | 8 | 9 | 4 | 5 | 3 | 6 | 7 | 2 |
| 8 | 9 | 5 | 1 | 2 | 7 | 4 | 6 | 3 |
| 4 | 6 | 1 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 7 |
| 3 | 2 | 7 | 6 | 4 | 8 | 5 | 1 | 9 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. eyja í Asíu
6. tveir eins
8. efni
9. forsögn
11. gjaldmiðill
12. mælieining
14. fjandi
16. org
17. hyggja
18. skjön
20. rómversk tala
21. innileikur

**LÓÐRÉTT**
1. umrót
3. bardagi
4. vökumaður
5. peningur
7. fíflalæti
10. púka
13. sigað
15. ekkert
16. bergmála
19. gyltu




**LÁRÉTT:** 2. java, 6. aa, 8. tau, 9. spá, 11. kr, 12. karat, 14. satan, 16. óp, 17. trú, 18. mis, 20. il, 21. alúð.
**LÓÐRÉTT:** 1. rask, 3. at, 4. vaktari, 5. aur, 7. apaspil, 10. ára, 13. att, 15. núll, 16. óma, 19. sú.

## Skák Gunnar Björnsson

Ivanov átti leik gegn Kudrjasov í Sovétríkjunum sálugu árið 1979.

**Svartur á leik.**

**1. ... He1! 2. a8D h3!! 3. b8D f2+ 4. Kh1 g2+ 5. Kh2 Be5+ 0-1.**

Fyrsta deild Íslandsmóts skákfélaga hefst í kvöld í Rimaskóla.

**www.skak.is** Íslandsmót skákfélaga.



## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







markhönnun ehf

# netto

# VERÐ SPRENGJUR!

netto
www.netto.is Á NETINU

-50%

-67%




## KALKÚNA-GRILLSNEIÐAR

**1.199 KR/KG**

~~ÁÐUR: 2.398 KR/KG~~

## KALKÚNALEGGIR

LAUSFRYSTIR

**296 KR/KG**

~~ÁÐUR: 898 KR/KG~~

### CADBURY FINGERS

MJÓLK. SÚKK. 114 GR.

**89 KR/PK**

~~ÁÐUR: 139 KR/PK~~

### TOFFEE POPCORN

BUTTERKIST 6X20 GR

**79 KR/PK**

~~ÁÐUR: 199 KR/PK~~

### CAPRI SONNE

KIRSUBER - GRANAT 330 ML

**78 KR/STK**

~~ÁÐUR: 159 KR/STK~~




-36%




-60%




-51%

**Tilboðin gilda 19. - 22. október 2017 www.netto.is**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast • Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl • Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Búðakór • Grandi • Mjódd • Salavegur • Hafnarfjörður • Hrísalundur • Glerártorg • Húsavík • Höfn • Iðavellir • Grindavík • Krossmói • Borgarnes • Ísafjörður • Egilsstaðir • Selfoss

# Sýningin er fyrir þjóðina en ekki pólitíkina

**Þorleifur Örn Arnarsson og Mikael Torfason hafa unnið leikverk úr Rannsóknarskýrslu Alþingis um aðdragandann að efnahagshruninu og sýningin verður frumsýnd annað kvöld í Borgarleikhúsinu.**

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Guð blessi Ísland er nýtt verk eftir þá Mikael Torfason og Þorleif Örn Arnarsson, í leikstjórn þess síðarnefnda, sem verður frumsýnt á Stóra sviði Borgarleikhússins annað kvöld. Verkið er unnið upp úr Rannsóknarskýrslu Alþingis um aðdraganda efnahagshrunsins og margur skyldi ætla að það sé því ekki að finna mikla ljóðrænu í þessu verki en Mikael segir að annað gæti nú átt eftir að koma á daginn. „Það er að minnsta kosti dramatík og hver veit nema að það leynist þarna meiri póesía en margan grunar,“ segir Mikael, glottir og bætir við: „Málið er að ef maður horfir á þessa rannsóknarskýrslu sem einstakt verk og tekur enga afstöðu til þess í hvaða andrúmi hún var gerð eða hvaða áhrif hún hefur haft á samfélagið, bara horfir á hana, þá er hún áhugaverð en líka ótrúlega skemmtileg. Eins og í öllum stórum litteratúr, eins og við lítum á hana, þá koma auðvitað kaflar þar sem maður flettir hraðar. En þetta er um fjármála- og pólitísku stéttina okkar og það eru ótrúlegir atburðir að eiga sér stað.“

Þorleifur tekur undir þetta og bendir á að samhliða sé þetta líka saga þjóðar. „Þjóðar sem reisir sér hurðarás um öxl sem reyndist líka vera loftbelgur sem lyfti henni upp og stækkaði hana. Þannig myndast svo falleg hliðstæða á milli þjóðar sem er að vaxa úr grasi og eignast sess í heiminum og þess sem byggist þarna upp á meðan. Eitthvað sem er að miklu leyti byggt á bökum manna sem margir hverjir komu úr erfiðum félagslegum aðstæðum og tóku til hendinni við að byggja þessar skýjaborgir sem síðan falla saman. Landið og skýjaborgirnar féllu saman. Kannski fellur landið sökum skýjaborganna og vegna þess að pólitíkin dansaði með.

Skýrslan er mögnuð frásögn þar sem er búið að smala saman öllum þessum mönnum í einhvers konar sannleiksnefnd og allir eru að reyna bæði að berjast fyrir sínum sjónarhóli en líka á sama tíma að finna einhverja auðmýkt. Fyrir vikið er algjörlega magnaður tónn í skýrslunni.“ Mikael tekur undir þetta og bætir við: „Menn virðast hafa ætlað að segja sína hlið í fullri einlægni og fyrir vikið myndast þarna ákveðin ljóðræna og að því leytinu til er skýrslan sönn.“

## Sýning fyrir þjóðina

Þorleifur minnir á að rannsóknarskýrslan fjallar í raun ekki um hrunið heldur aðdraganda þess. „Hún fjallar um orsakir og aðdraganda. Þannig að þetta er svona eins og í góðu Shakespeare-verki þar sem þú veist að í lokin munu allir deyja en þú ert ekki kominn þangað.

Við erum að vinna með þennan tvíræða tíma enda með áhorfendur sem eru búnir að upplifa þetta margir hverjir. Það er búið að segja þeim allt og þau eru orðin leið á þessu en engu að síður erum við nánast öll sammála um að klára uppgjör gagnvart valdhöfum okkar og kerfinu. Þar hefur myndast djúpstæð óbeit sem er gríðarlega áhugaverð. Annars vegar erum við með fólkið sem bara fór í vinnuna og vann sig út úr þessu en hins vegar erum við stjórnmálastétt sem er enn þá föst í þessu og skilur ekkert í því að hún fái ekki atkvæði út af því að efnahagslífið er komið í lag. En fólkið, þjóðin, hún upplifir annað. Góðærið núna er þannig góðæri þrátt fyrir pólitíkina en ekki fyrir tilstilli hennar eins og okkur var sagt í aðdraganda hrunsins. En ég held að enginn upplifi núna að þetta góðæri sé stjórnmálamönnunum að þakka.“

Þorleifur bætir við að hann hafi verið staddur í kjörklefanum síðasta laugardag vegna þess að hann þarf að fara af landinu strax að lokinni frumsýningu og að þar hafi hann skyndilega fengið nóg af íslenskri pólitík. „Ég varð allt í einu alveg brjálaður. Djöfullinn, á ég að þurfa að vera að endurskrifa leikrit, ekki borga þeir mér fyrir það, vegna þess að þeir kunna ekki að vinna vinnuna sína? Við erum stödd í einhverri eilífðarvél amatörismans. Við hin erum öll að vinna og halda áfram, getur þetta fólk ekki – ég fékk bara yfir línuna alveg nóg. Þannig að ég vil minna á að sýningin er ekki fyrir pólitíkusana, hún er fyrir þjóðina.“



Mikael Torfason og Þorleifur Örn Arnarsson á Stóra sviði Borgarleikhússins þar sem verk þeirra verður frumsýnt annað kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Fólk af holdi og blóði

Bæði Þorleifur og Mikael voru í ólíkum sporum í aðdraganda hrunsins miðað við það sem þeir eru að fást við í dag. En hvernig skyldu þeir sjálfir hafa upplifað þennan tíma? Mikael segir að þeir hafi skoðað það mikið vegna þess að í aðdraganda hrunsins hafi þeir báðir verið af réttu kyni og á réttum aldri til þess að hafa öll tækifæri til þess að vera þátttakendur. „Ég var ritstjóri DV og vann líka við það að undirbúa stofnun nýs íslensks dagblaðs í Danmörku, Nyhedsavisen, sem mér skilst að hafi kostað 10 þúsund milljónir sem allar töpuðust. Þarna var ég inni í kjarna viðskiptalífsins og á sama tíma var Þorleifur í kjarna pólitíkurinnar.“

„Ég var utanaðráðgjafi hjá ríkisstjórninni,“ segir Þorleifur og bætir við: „Ég starfaði í raun sem ráðgjafi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í hruninu. Á þessum tíma fengu þeir inn aðila sem gátu horft öðruvísi á hlutina og þarna fékk ég að sjá mikið af þessum atburðum í aðdragandanum í návígi. Eftir hrun var ég líka mjög nálægt þessu og ég sá, þó svo ég væri kannski pólitískt ósammála, að þetta fólk var að reyna sitt besta.

Þegar við Mikael fórum svo af stað með þessa vinnu þá fór fram mikil endurskoðun hjá okkur tveimur á alls konar skoðunum sem við höfðum á hinu og þessu. Því ef maður reynir að setja sig í spor aðila sem voru í miðju hringrásarinnar þá verður myndin oft miklu flóknari en hún er dregin upp. Það er hlutverk okkar í svona rannsóknarleiðangri að leggja á djúpið og skoða hvar manneskjurnar eru í öllu þessu.“ Mikael bætir við þetta að þetta sé líka ekta leikhúsvinna. „Þetta verk er ekki ritgerð á skoðunum okkar heldur er verið að setja þessa skýrslu á svið og þarna er fólk af holdi og blóði.“

„Algjörlega,“ svarar Þorleifur. „Í þessu leikriti verður fólk sem er hluti af þessu samfélagi. Hvar dregur maður línuna á milli gagnrýni og gagnrýnisleysi? Þess sem má segja og má ekki segja? Það fyrsta sem ég hugsaði þegar það var sett lögbann á Stundina í vikunni var einmitt þetta sem Andri Snær spurði svo að: Eruð þið ekki hræddir við að lenda líka í lögbanni? Það hafa nokkrir lögfræðimenntaðir komið inn á æfingar hjá okkur en það sem hefur farið mest fyrir brjóstið á þeim hefur sem betur fer allt verið eitthvað sem viðkomandi einstaklingur sagði í skýrslunni. Það ótrúlegasta í leikritinu er bara það sem fólk sagði sjálft. En kannski verður svo lögreglan bara á staðnum þegar við mætum á frumsýningu.“

## Allt annað samfélag

Mikael og Þorleifur segja að viðfangsefnið sé svo stórt og viðamikið að það minni helst á Shakespeare-verk eða gríska tragedíu. Þorleifur nefnir að honum leiðist hins vegar í leikhúsi ef það er alltaf verið að halda því að honum hvað allt sé erfitt. „Við erum að reyna að skapa einhvers konar skringilegt sambland af gleðileik, tragedíu og rokkóperu til að ná utan um stærðina. Við verðum líka að geta hlegið að því hvað þetta er klikk.“ Mikael bendir á að í kjölfar þessara hamfara hafi líka myndast ákveðinn jarðvegur sem var í raun mjög frjór. En skyldu þeir félagar ekkert óttast að nú sé að myndast þessi sama stemning í samfélaginu og var fyrir hrun? „Nei, ég held að það eina sem hafi ekki breyst sé pólitíkin,“ segir Þorleifur. „En hún er engu að síður að brotna undan þunga sinna eigin vinnubragða.

Það er ekki annað hægt en að tengja þetta við Harvey Weinstein málið, Höfum hátt byltinguna og #metoo bylgjuna vegna þess að við stöndum á einhverjum flekaskilum í falli gamla feðraveldisins. Fyrir hálfu ári óttaðist maður að Donald Trump og Pútín væru boðberar um framtíðina en núna sér maður þetta sem síðustu öskur ljónsins áður en það hverfur í fílakirkjugarðinn. Ég er því ekkert sérstaklega hræddur við uppgangstímann núna.“ Mikael tekur undir þetta og segist vera á því að samtíminn sé miklu gagnrýnni. „Þegar ég var að ritstýra DV til 2006 vorum við eins og fulli kallinn í fermingarveislu sem var svo flott og æðisleg að það mátti ekki hrófla við neinu. Við vorum að segja neikvæðar fréttir af stjórnmálamönnum og viðskiptalífinu en það var allt púað niður nema helst fréttir af ofbeldismönnum og handrukkurum. Í dag búum við í allt öðru samfélagi. Við höfum skipt um skoðun um svo margt eins og þetta landlæga mein, þöggun. Við erum miklu gagnrýnni. Allt annað samfélag og þessi reynsla hefur breytt okkur til hins betra.“

Þorleifur bætir við að það hafi verið áskorun fyrir leikhúsið að fanga stærðina á allri firringunni og ósköpunum sem gengu yfir á þessum tíma. „Þetta er svo stór saga. Það er líka ágætt að muna að þetta var ekki bara neikvætt því það var líka óskaplega gaman. Þetta er líka tími rosalegrar opnunar en svo gekk þetta bara allt of langt og sprakk í loft upp. En þótt þú þurfir einhvern tíma að hætta að drekka þá þýðir það ekki að öll fylleríin hafi verið leiðinleg.“



macron
Macron.is | Macron Store Reykjavík | Grensásvegi 16

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# BÓNUS
# Smáratorgi

Höfum opnað endurbætta og stærri verslun við **Smáratorg**










Minnum á rúmgóðan **bílakjallara** nú þegar vetrarmánuðir færast yfir




## Rýmri opnunartími

aðeins í Bónus Smáratorgi

Mánudaga - Fimmtudaga
**10:00 - 19:00**

Föstudaga - Laugardaga
**10:00 - 19:30**

Sunnudaga
**11:00 - 18:00**






BÓNUS EKKERT BRUÐL

VALITOR

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

**Bónus Smáratorgi:** Mánudaga-Fimmtudaga; 10:00-19:00 • Föstudaga-Laugardaga; 10:00-19:30 • Sunnudaga; 11:00-18:00

# Brasað með rokkhljóð og rúnakefli

**Óperan Einvaldsóður, flutt í torfkirkju, og tilraunir með rokkhljóð eru meðal atriða á tónlistarhátíðinni Sláturtíð sem haldin er í Árbæjarsafni um helgina og hefst í kvöld. Hafdís Bjarnadóttir veit meira.**

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is





Hafdís verður með fleiri konum að spinna ull á baðstofulofti Árbæjarsafns á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Við tökum að sjálfsögðu mið af umgjörðinni, hún er okkur áhrifavaldur," segir Hafdís Bjarnadóttir, tónskáld og ein þeirra sem standa að tónlistarhátíðinni Sláturtíð sem haldin er í Árbæjarsafni. Þar verða engar aflífanir heldur er viðburðurinn á vegum S.L.Á.T.U.R., Samtaka listrænt ágengra tónsmiða umhverfis Reykjavík.

Hátíðin hefst í kvöld klukkan 20 og stendur fram á sunnudag. Hún er sú 8. í röðinni. Meðal atriða kvöldsins er sýning á fornu handverki strákanna í sjálfstjórnarhéraðinu Dráttarvél, það felst í geisladiskabrennslu og litþrykki Þyrnitúns-Sáms og annarra, Jón Guðmundsson leikur á spænskt langspil og Áki Ásgeirsson kveður upp úr rúnakefli Magnúsar Jenssonar.

Um eigið framlag segir Hafdís að í kvöld klukkan 20 verði frumflutt tónlistarmyndband í Kornhúsinu sem hin finnska Lara Matikainen hafi gert fyrir hana við tónlist á nýútkominni plötu. „Á laugardaginn ætla ég að planta plötunni minni einhvers staðar þar sem fólk getur hlustað á hana í heyrnartólum í rólegheitum í gömlu húsi og þann dag ætla ég líka að vera í spunahópi kvenna með rokka og brasa svolítið með hljóðið. Við verðum undir súð í baðstofu gamla bæjarins, að sjálfsögðu."

Dúó Harpverk verður með tónleika í Lækjargötuhúsinu annað kvöld klukkan 20 og efnisskráin er blönduð, að sögn Hafdísar. „Þar verða flutt gömul verk eftir okkur við texta úr ýmsum áttum.

Á laugardaginn munu heyrast tónar úr hinum ýmsu kimum safnsins. Þá dreifir listafólkið sér og leikur fyrir almenna safngesti og alla sem eiga leið hjá.

„Á Árbæjarsafni er einmitt oft opið hús um helgar þar sem fólk getur skottast um og séð og heyrt hitt og þetta, við yfirtökum það aðeins þessa helgi," segir Hafdís glaðlega.

**Á LAUGARDAGINN ÆTLA ÉG AÐ PLANTA PLÖTUNNI MINNI EINHVERS STAÐAR ÞAR SEM FÓLK GETUR HLUSTAÐ Á HANA Í HEYRNARTÓLUM Í RÓLEGHEITUM Í GÖMLU HÚSI.**

Hún nefnir óperu Guðmundar Steins, Einvaldsóð, sem flutt verður í gömlu Árbæjarkirkjunni klukkan 15. „Þar er takmarkaður sætafjöldi en óperan verður sýnd aftur á sunnudaginn á sama tíma," tekur hún fram. „Guðmundur hefur verið að grúska í gamalli íslenskri tónlist og kvæðum og byggir óperuna á texta eftir sr. Guðmund Erlendsson frá Felli í Sléttuhlíð frá 17. öld. Kvæðið segir sögu heimsins í 307 erindum. Þar er rýnt í sögu nokkurra einvelda sem innihalda sögur af dramblæti og hórdómi og því hvað veraldarhjólið er valt.

Á laugardagskvöld verður svo klykkt út með píanótónleikum sem Tinna Þorsteinsdóttir er með klukkan 20, ásamt tónskáldi hátíðarinnar, Charles Ross."



# Ort um hafið sem aldrei sefur

**BÆKUR**

**Hreistur**
★★★☆☆

**Bubbi Morthens**

**Mál og menning**

**Prentun:** Oddi
**Kápuhönnun:** Alexandra Buhl

Hin hæfileikaríka Alexandra Buhl leikur sér að bláum, rauðum og hvítum lit á kápu nýjustu ljóðabókar Bubba Morthens, Hreistri. Þar gefur að líta bæði óljósar og greinilegar bugður sem geta táknað öldur, fiska, hreistur, fjöll eða mögulega snjó sem lauma sér svo inn á síður bókarinnar. Um allt þetta, og ýmislegt til, yrkir Bubbi.

Bubbavinir eiga von á góðu í 69 melódískum ljóðum sem fjalla um lífið á sjó, við færibandið, í verbúðinni og sjálfu þorpinu. Hann minnir lesendur á orð Jóns úr Vör í upphafi bókar: „... en þorpið fer með þér alla leið“ og ítrekar þannig að enginn getur sagt skilið við upprunann. Hann yrkir um fólkið sem býr í þorpinu og þá sem þangað koma og það kveður við kunnuglegt stef. Lesendur kannast við línu og línu og finnst þeir kannski hafa lesið ljóðin áður, jafnvel heyrt þau eða sungið því Bubbi yrkir ekki aðeins um uppruna fólksins í landinu – hreistrið sem umlykur okkur öll – heldur sinn eigin uppruna og vísar hvað eftir annað í lög sín, svo sem Stál og hníf og Kyrrlátt kvöld, en einnig vísur og texta eftir aðra, svo sem Vatnsenda-Rósu. Það er eitthvað einlægt við þessar vísanir í texta sem hafa ugglaust verið sungnir í hverju plássi hér á landi. Bubbi á þó ekki einn tónlistina í Hreistri því þar líðast tónar frá The Stranglers og Led Zeppelin um síðurnar, svo dæmi séu nefnd.




Það er hrynjandi og taktur í þessum ljóðum þrátt fyrir að þau teljist seint til hefðbundins kveðskapar. Hvert ljóð eltir annað svo úr verður saga sem er í senn raunsæ og rómantísk en stundum eilítið klisjukennd. Við lesum um „hreisturhirðingjana“ sem koma að sunnan og hafa aldrei upplifað svona veður, strákana sem hafa aldrei áður migið í saltan sjó, lífið við færibandið, á sjónum og lífið í sjálfu þorpinu og þetta er svolítið töff, allt saman, en eru þarna „fjórtán herbergi fimmtíu og sex sálir“ og sjálf verbúðin „lyktaði af fiski brundi slori rakspíra / ilmvatni táfýlu svita ákavíti brennivíni vokda“.

Bubba tekst best upp þegar hann yrkir um gallabuxnaklædda stráka í hermannajökkum en á líka góða spretti í ljóðum sem fjalla um strit og púl, kvíða, ótta og jafnvel dauða. Stundum virðist þetta engan enda taka því það er „sama hversu marga hnífurinn opnaði kösin skreið áfram / kaldir og sleipir komu stanslaust ... hversu mörgum fiskum / er hægt að gera að án þess að missa vitið“. Þorpið má svo þola snjóflljóð, óveður og skipaskaða og þó svo líkkistan komi „úr hvítri þokunni“ þá rennur fyrr en varði „saltur sjór um æðar“ og synirnir verða sjómenn „áður en mæður fá rönd við reist“. Um allt þetta er ort en það styttir upp á milli, sem betur fer, þegar „draumar risu uppúr gljúpri mold hugans“, sólin skín og ástin fær líka sitt pláss. Lífið í þorpinu er engu að síður að lognast út af og suma dreymir um frelsi og þessi „ég“ sem lesendur fylgjast með frá fyrstu síðu bíður undir lokin grágæsamóður að ljá sér vængi, svo hann geti flogið og öðlast frelsi.

**Helga Birgisdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Hreistur er vinaleg ljóðabók sem flytur ljóðrænan en eitursvalan söng hins þroskaða Bubba Morthens sem hefur engu gleymt frá verbúðalífinu en tölu-vert lært.

# Sonur Kristins Sigmundssonar í Salnum

Jóhann Kristinsson barítón kemur fram í Salnum í kvöld klukkan 20 ásamt Ammiel Bushakevits, píanista. Á efnisskrá tónleikanna verða lög eftir Robert Schumann og Gustav Mahler.

Jóhann á ekki langt að sækja sönghæfileikana því hann er sonur hins góðkunna Kristins Sigmundssonar. Raddsvið þeirra er vissulega ólíkt, Kristinn er með sína djúpu bassarödd en Jóhann háa barítonrödd.

Jóhann hefur undanfarið vakið athygli í Þýskalandi fyrir söng sinn. Hann lenti í þriðja sæti í keppninni Das Lied í Heidelberg og hlaut líka sérstök verðlaun áheyrenda. Hann útskrifaðist með hæstu einkunn úr tónlistarháskólanum „Hanns Eisler“ í Berlín í sumar og starfar nú í Óperustúdíói Ríkisóperunnar í Hamborg.

Ammiel Bushakevitz er líka margverðlaunaður fyrir píanóleik. Fékk meðleikaraverðlaunin í Wigmore Hall keppninni og einnig í Das Lied keppninni. Hann var einn af síðustu nemendum Dietrichs Fischer-Dieskau.

Tónleikarnir tilheyra Tíbrá, tónleikaröð Salarins. – **gun**



**Þeir Bushakevits og Jóhann hafa áður unnið saman og ætla að halda því áfram.**



ALUPROF GEZE



Bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunarbúnað, hringhurðir, hurðir og gluggakerfi ásamt uppsetningu og viðhaldi á búnaði.

Áratuga reynsla.

Framúrskarandi fyrirtæki 2012–2015

JÁRN&GLER

Járn & Gler hf. • Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin
104 Reykjavík • S. 58 58 900 • www.jarngler.is

Simaveski.is



Símaveski, heyrnartól, snúrur og allt fyrir símann.

Símaveski.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

ALLT FYRIR HEIMILIÐ



Síðumúla 30 - Reykjavík
Hofsbót 4 - Akureyri

Vogue FYRIR HEIMILIÐ

Þjónustumiðstöð tónlistarfólks



TÓNASTÖÐIN
Allt fyrir tónlistarmanninn



# Meira grín heldur en alvara

**KVIKMYNDIR**

**The Snowman**

★☆☆☆☆

**Leikstjóri:** Tomas Alfredson
**Framleiðendur:** Tim Bevan, Eric Fellner, Martin Scorsese
**Handrit:** Hossein Amini, Peter Straughan, Søren Sveistrup
**Aðalhlutverk:** Michael Fassbender, Rebecca Ferguson, Charlotte Gainsbourg




The Snowman er kjánaleg með eindæmum.

The Snowman er byggð á samnefndum reyfara eftir norska rithöfundinn Jo Nesbø, sjöundu bókinni í röðinni um drykkfellda en fluggáfaða rannsóknarlögreglumanninn Harry Hole (þetta eftirnafn er víst borið fram „húle“ á móðurmálinu). Ætlunin hjá aðstandendum hefur vissulega verið sú að keyra í gang glænýja seríu í líkingu við myndirnar um Jack Reacher eða Alex Cross, en hér eltist herra Hole við fjöldamorðingja sem virðist alltaf fremja voðaverk sín þegar fyrsti snjór vetrarins fellur. Morðingi þessi gefur sér yfirleitt tíma til þess að stilla upp snjóköllum eða kasta snjóboltum til að hrella verðandi fórnarlömb sín, á meðan áhorfandinn flissar.

Þrátt fyrir að söguþráður myndarinnar eigi það til að detta í óbeinan farsa er erfitt að búast við einhverju slöku þegar svona öflugur hópur fagfólks kemur að henni. Sænski kvikmyndagerðarmaðurinn Tomas Alfredson hefur sýnt færni í smámunasemi, afbragðstök á leikurum og oftast dálæti á því að gera andrúmsloftið að heilli aukapersónu.

Þetta er hinn sami og gerði t.d. Tinker Tailor Soldier Spy, Låt den rätte komma in og (ótrúlegt en satt ...) bíómyndina um Bert.



Michael Fassbender fer í gegnum myndina á sjálfsstýringu.

Alfredson er umkringdur öflugu samstarfsfólki, fyrir framan og aftan vélina. Meistari Martin Scorsese er einn af framleiðendunum og hefur klipparinn Thelma Schoonmaker sjaldan brugðist frekar en tökumaðurinn Dion Beebe. Þetta er allt fólk í heimsklassa, en einhvern veginn verður útkoman að svellköldum hrossaskít sem er líklegri til að vekja kjánahroll og hlátur í ómældu magni frekar en gæsahúð. Frá framvindu til samsetningar eða almenns trúverðugleika höfum við hér eitt stórmerkilegt klúður.

Liggur við að það sé aðdáunarvert (ef ekki efni í skylduáhorf) hvernig langflestar deildir missa marks; handritið, leikstjórnin, tónlistarnotkunin (hefur nokkurn tímann eins alvarleg bíómynd notast tvisvar sinnum við lag í líkingu við Popcorn með Hot Butter? Af öllum.). Og meira að segja klippingin er furðu viðvaningsleg á stundum.

Flæðið er taktlaust sums staðar og til að kóróna allt eru fleiri göt í söguþræðinum en telja má á fingrum beggja handa. Þetta gæti eitthvað tengst því að haugur af myndefni var klipptur úr lokaútgáfunni, af sýnishornum að dæma.



Chloë Sevigny og fleiri aukaleikarar hefðu mátt fá meira að gera í myndinni.

Efniviðurinn er að vísu forvitnilegur en myndina skortir alla spennu, alla dulúð og kyrrð. The Snowman er eins og afsprengi hundrað sakamálauppskrifta, íslensku myndarinnar Grimmdar og linari útgáfu af Millennium-myndinni sem David Fincher gerði. Það eru þokkaleg skot hér og þar en stemningin kemur að jafnaði út eins og mislukkað afrit af afriti. Leikararnir eru flestir áreiðanlegir á góðum degi en heftir hérna af furðulegum hreimum (þetta gerist í Noregi, sjáið til) og handriti þar sem erfitt er að sjá hvað snýr upp eða niður. Allar tilraunir til persónudýptar missa marks í svona týndri framvindu.

Þegar kemur að þjáðum, brotnum mönnum hefur Michael Fassbender margsannað sig sem einn af þessum leikurum sem gætu túlkað slíka menn í svefni, en að því sögðu þá kemur hann hér út eins og hann sé á sjálfsstýringu. Rebeccu Ferguson virðist farnast örlítið betur miðað við mótleikara sinn en hún dettur í sömu gildrur og hefur bara ekki úr sérlega miklu að moða, eða það að kolvitlausar tökur hafi verið valdar oftar en ekki.

Hérna fer nefnilega prýðisgott leikaraval til spillis, þó þurfi reyndar að sigta út krakkaleikara myndarinnar, enda hræðilegir allflestir. Annars hefði verið gaman að finna meira að gera fyrir Chloë Sevigny, James D'Arcy og Charlotte Gainsbourg svo einhverjir séu nefndir.

Síðan er Val Kilmer efni í heila umræðu út af fyrir sig. Hann fær reyndar ekki nema nokkrar stuttar senur, en eftirminnilegar eru þær. Frammistaðan er stórfurðuleg og ber merki um að ekki hafi náðst mínúta af manninum edrú á filmu. Annaðhvort það eða að maðurinn hafi verið nýstiginn úr jaxlatöku í hvert skipti.

Það er varla sjón að sjá Kilmer og hefur hann meira að segja verið illa „döbbaður“. Leikarinn og hans sérviska er þó aðeins dýrmætt brot af því sem gæti innsiglað það að The Snowman gæti átt sér langt líf fram undan sem samansafn af skondnum klippum á YouTube, þar sem best má njóta vafasömu hápunktanna. Heildin hefði einmitt getað orðið æðislegt sorp ef myndin væri bara ekki svona furðuleiðinleg að mestu. **Tómas Valgeirsson**

**NIÐURSTAÐA:** Götótt, flöt, sundurlaus og klunnalega samsett mynd að nær öllu leyti. Svo slæm að næstum því má hafa gaman af henni. Næstum því.




Mikið úrval af nýjum ljósum

**Ring loftljós**
Ring loftljós, hvítt eða svart, 60W.
6166322

**14.735kr**

## Fáðu ráðgjöf á laugardag í nýrri ljósa- og perudeild

**PHILIPS**

Sérfræðingar frá Philips, einum stærsta peru og ljósa framleiðanda í heimi, veita ráðgjöf við val á perum og ljósum í Húsasmiðjunni Skútuvogi frá kl. 12-16.

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

# Philips ljós og perur

## í Húsasmiðjunni



Ný og glæsileg peru- og ljósadeild í Skútuvogi.

**Stórlækkað verð** á ljósum og LED perum í Húsasmiðjunni




Með HUE stjórnar þú lýsingunni á heimilinu með símanum.

**895kr**
LED-DIM Kerti
25W E14.
6187667

**550kr**
LED kertapera
40W mött E14.
6187656

**580kr**
LEDpera
60W E27.
6187486

**19.895kr**
HUE Start Kit
Með rofa, brú, 2xE27.
6167000







Góða skemmtun í bíó

Umboðsmaður skuldara

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00

SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK

ums.is



Jónas Reynir, sem hlaut Tómasarverðlaunin í síðustu viku, les upp á Kaffislipp ásamt fleiri skáldum.




# Hvað? Hvenær? Hvar?

Fimmtudagur

hvar@frettabladid.is

## 19. OKTÓBER 2017

### Tónlist

**Hvað?** Rökkursöngvar og kvöldljóð / Hrafnhildur Hafstað & Hjörtur Ingvi
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Hrafnhildur Hafstað og Hjörtur Ingvi Jóhannsson flytja rökkursöngva og kvöldljóð úr ýmsum áttum í Mengi. Miðaverð er 2.500 krónur. Hægt er að panta miða á booking@mengi.net eða kaupa við innganginn.

### Viðburðir

**Hvað?** Skáld, sjór og hafnir
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Kaffislippur, Mýrargötu
Upplestur á Kaffislipp. Fjögur skáld frá Reykjavík, Gautaborg, Newcastle og Þórshöfn í Færeyjum koma fram á Kaffislipp, segja frá verkefninu, kynna sig og lesa upp. Skáldin eiga það öll sameiginlegt að vera ung og hafa vakið athygli með fyrstu verkum sínum. Þau eru Jónas Reynir Gunnarsson (Reykjavík), Hanna Wikman (Gautaborg), Degna Stone (Newcastle) og Trygvi Danielsen (Þórshöfn). Jónas Reynir Gunnarsson hlaut í síðustu viku Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar.

**Hvað?** Tvöfalt útgáfuhóf og margföld bókagleði hjá Sögufélagi
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Bókabúð Forlagsins, Fiskislóð
Tvær mikilvægar bækur koma út hjá Sögufélagi í október og í tilefni þess verður haldið tvöfalt útgáfuhóf og margföld bókagleði í Bókabúð Forlagsins. Önnur bókin er eftir Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðing og heitir Leitin að klaustrunum: Klausturhald á Íslandi í fimm aldir. Hin bókin er eftir Vilhelm Vilhelmsson sagnfræðing og nefnist Sjálfstætt fólk: Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld.

**Hvað?** Stór-Ísland – Leiðsögn
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarhús
Myndlistamaðurinn Rebecca Erin Moran tekur þátt í leiðsögn um sýninguna Stór-Ísland. Hún vinnur með fjölbreytta miðla; innsetningar, skúlptúra, gjörninga og myndvarpanir.

**Hvað?** Jarðsöngur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Lækjargata 12
Stórhýsi Iðnaðarbankans við Lækjargötu 12, sem reis á árunum 1959-1963, ber með sér framtíðardrauma og sögu sem nú sér fyrir endann á. Undanfarið hefur byggingin staðið auð, líkt og á líkklæðum og beðið örlaga sinna og kveðjustundar. Til að varpa ljósi á þessi endalok byggingarinnar og um leið að varpa ljósi á bygginguna, borgina og okkur sjálf sem hluta af henni verður haldin kveðjuathöfn og byggingin jarðsungin. Byggingin mun ljóma og óma frá miðaftni til miðnættis – upplýstur jarðsöngur fyrir staka byggingu í sögu borgarinnar og sögu drauma um framtíð.

**hvað?** Að sjá tröll
**Hvenær?** 16.30
**Hvar?** Lögberg, Háskóla Íslands
Ármann Jakobsson, prófessor í íslenskum bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands, heldur fyrirlestur hjá Miðaldastofu Háskóla Íslands um yfirnáttúrulegar skynjanir á miðöldum.





Í heilsuspjalli Hannesarholts munu ofnæmislæknirinn Michael Clausen og rithöfundurinn Einar Kárason fjalla um sambúð manna og annarra lífvera á íslenskum heimilum.

**Hvað?** Leiðsögn um sýningar Rúríar og Friðgeirs Helgasonar
**Hvenær?** 12.15
**Hvar?** Listasafnið á Akureyri
Boðið verður upp á leiðsögn í Listasafninu á Akureyri, Ketilhúsi um sýningar Rúríar, Jafnvægi – Úr jafnvægi, og Friðgeirs Helgasonar, Stemning. Guðrún Pálína Guðmundsdóttir fræðslufulltrúi tekur á móti gestum og fræðir þá um sýningarnar og einstaka verk. Aðgangur er ókeypis.

**Hvað?** Heilsuspjall í Hannesarholti: Um sambýli lífvera á jörðinni: Frá lús og mús til mannanna húss og trúss
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Hannesarholt, Grundarstíg
Í heilsuspjalli Hannesarholts munu ofnæmislæknirinn Michael Clausen og rithöfundurinn Einar Kárason fjalla um sambúð manna og annarra lífvera á íslenskum heimilum í blíðu og stríðu, í vísindum, sögnum og bókmenntum.

**Hvað?** Að fá (ekki) kosningarétt – eða missa
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Dr. Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, sagn- og kynjafræðingur, flytur erindið „Að fá (ekki) kosningarétt – eða missa".

**Hvað?** Opin vinnustofa um jafnréttisfræðslu í grunnskólum
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Háskóli Íslands, Stakkahlíð
Opin vinnustofa um jafnréttisfræðslu í grunnskólum. Með innlegg um jafnréttisfræðslu verða: Þóra Þorsteinsdóttir sem þróaði kennsluefni um jafnréttisbaráttu í meistararitgerð sinni, Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, verkefnisstýra jafnréttismála á Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, og Sólveig Rós, fræðslustýra Samtakanna '78.

**Hvað?** Stelpa eða strákur? – Intersex og heilbrigðiskerfið
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Stúdentakjallarinn
Heimildarmyndin Intersexion verður sýnd og síðan verður opnað fyrir umræður eftir myndina. Kitty Anderson frá Intersex Ísland verður á staðnum til að svara spurningum.

# Vilborg Davíðsdóttir situr fyrir svörum í Gerðubergi

Á laugardaginn kemur mun fara fram í Gerðubergi ritþing með yfirskriftina Undir Aski Yggdrasils.

Höfundurinn Vilborg Davíðsdóttir verður gestur þingsins en því verður stjórnað af Auði Aðalsteinsdóttur og Silja Aðalsteinsdóttir og Sverrir Jakobsson munu gegna hlutverki spyrla.

Ritþing Gerðubergs eru árlegur viðburður allt síðan árið 1999 og hafa síðan átt fastan sess í menningarlífi Reykjavíkur. Ritþingin fara þannig fram að höfundur situr fyrir svörum bæði stjórnenda sem og spyrlanna tveggja. Spjallið er á léttum nótum en er jafnframt persónulegt. Auk spjallsins er leikin lifandi tónlist sem á einhvern hátt tengist höfundinum og lesið er upp úr verkum hans. Þetta er einstakt tækifæri fyrir áhorfendur til að kynnast höfundinum betur, fá persónulega innsýn í líf hans og kynnast viðhorfum hans og áhrifavöldum.

Um tónlistina í þetta sinn sjá Ragnheiður Gröndal og Guðmundur Pétursson.

Vilborg gaf út sína fyrstu skáldsögu árið 1993, en það var sagan Við Urðarbrunn. Síðasta bók Vilborgar var Ástin, drekinn og dauðinn sem kom út árið 2015 – en í tengslum við ritþingið kemur út síðasta bindið í þríleiknum hennar um Auði djúpúðgu, Blóðug jörð.

Fyrsta bindið í þríleiknum var tilnefnt til Íslensku bókmenntaverðlaunanna en áður hafði hún verið tilnefnd fyrir skáldsöguna Hrafninn, árið 2005. – sþh



Vilborg Davíðsdóttir situr fyrir svörum á ritþingi í Gerðubergi á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM










**X17 – SUÐVESTURKJÖRDÆMI**
KL. 19:10
Strax að loknum kvöldfréttum verður rætt við oddvita stjórnmálaflokkanna í Suðvesturkjördæmi í beinni útsendingu og opinni dagskrá á Stöð 2.

Frábært
**Fimmtudagskvöld**
Fáðu þér áskrift á **365.is**




**PJ KARSJÓ**
KL. 20:55
Nýr og stórskemmtilegur bílaþáttur í umsjón Péturs Jóhanns sem einkennist af hraða, spennu og húmor. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Algerlega sprenghlægilegur kaggaþáttur af bestu gerð!

**THE GOOD DOCTOR**
KL. 21:20
Ungur skurðlæknir með einhverfu er ráðinn til starfa á virtan spítala. Mun það verða honum til framdráttar eða fjötur um fót?





**THE BLACKLIST**
KL. 22:10
Glæný sería með sjarmatröllinu Raymond Reddington sem kallar ekki allt ömmu sína þegar leita þarf uppi hörðustu glæpamennina. Spennuþættir af bestu gerð með James Spader í aðalhlutverki.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is


# DAGSKRÁ

# Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** The Simpsons
**07.25** Kalli kanína og félagar
**07.45** Tommi og Jenni
**08.05** The Middle
**08.30** Ellen
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** The Mindy Project
**10.45** Mom
**11.05** Project Runway
**11.50** Hell's Kitchen USA
**12.35** Nágrannar
**13.00** Love and Friendship
**14.40** Batkid Begins
**16.05** Friends
**16.30** The Simpsons
**16.55** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Ellen
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.55** Sportpakkinn
**19.05** Fréttayfirlit og veður
**19.10** X17 - Suðvesturkjördæmi - Kraginn
Fréttastofa Stöðvar 2 ræðir við oddvita stjórnmálaflokkanna úr Suðvesturkjördæmi í beinni útsendingu.
**20.10** Masterchef USA
**20.55** PJ Karsjó (1.9)
Nýr og stórskemmtilegur bílaþáttur í umsjón Péturs Jóhanns sem einkennist af hraða, spennu og húmor en farartæki eru alltaf í forgrunni. Þekktir gestir taka þátt í ýmsum uppákomum og þrautum í þættinum. Keppnirnar geta verið í öllu á milli himins og jarðar, en þó allt farartækjatengt. Leikstjórn er í höndum Samma og Gunna.
**21.25** The Good Doctor
**22.10** The Blacklist
**22.55** Animal Kingdom
**23.35** The Sinner
**00.15** Absentia
**01.00** The Sandhamn Murders
**01.45** The Sandhamn Murders
**02.30** The Sandhamn Murders
**03.15** The Mentalist
**04.00** Love and Friendship

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00** Benfica - Manchester United
**08.40** Meistaradeildarmörkin
**09.10** Chelsea - Roma
**10.50** Bayern München - Celtic
**12.30** Anderlecht - Paris St. Germain
**14.10** Benfica - Manchester United
**15.50** Meistaradeildarmörkin
**16.25** Premier League World
**16.55** Crvena Zvezda - Arsenal Bein útsending
**19.00** Everton - Lyon
**21.10** 1 á 1 með Gumma Ben. Heimir Hallgrímsson.
**21.50** Premier League World
Skemmtilegur þáttur um leikmennina og liðin í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20** NFL Gameday
**22.50** Höttur - Valur
**00.30** 1 á 1
**01.00** NFL Gameday
**01.30** Premier League World

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.30** Haukar - Valur
**09.10** Brighton - Everton
**10.50** Southampton - Newcastle
**12.30** Leicester - WBA
**14.15** Premier League Review
**15.10** Kansas City Chiefs - Pittsburgh Steelers
**17.20** Haukar - Valur
**19.00** AC Milan - AEK
**21.05** Nice - Lazio
**22.45** Crvena Zvezda - Arsenal
**00.25** Everton - Lyon

## STÖÐ 3

**17.20** The New Girl
**17.45** The New Adventures of Old Christine
**18.10** The League
**18.35** Modern Family
**19.00** Seinfeld
**19.25** Friends
**19.50** Höfðingjar heim að sækja
**20.05** Clipped
**20.30** Trumped
**21.25** Gotham
**22.10** Six Feet Under
**23.10** Eastbound & Down
**23.40** Entourage
**00.10** Modern Family
**00.35** Seinfeld
**01.00** Friends
**01.25** Flash
**02.10** Flash
**02.55** Flash
**03.40** Flash
**05.10** Flash
**05.55** Tónlist

## STÖÐ 2 KRAKKAR

**07.00** Tindur
**07.11** Nilli Hólmgeirsson
**07.25** K3
**07.38** Mæja býfluga
**07.47** Stóri og litli
**08.00** Könnuðurinn Dóra
**08.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**08.47** Doddi litli og Eyrnastór
**09.00** Áfram Diego, áfram!
**09.24** Svampur Sveinsson
**09.49** Lalli
**09.55** Rasmus Klumpur
**10.00** Strumparnir
**10.25** Ævintýraferðin
**10.37** Hvellur keppnisbíll
**10.49** Gulla og grænjaxlarnir
**11.00** Tindur
**11.11** Nilli Hólmgeirsson
**11.25** K3
**11.38** Mæja býfluga
**11.47** Stóri og litli
**12.00** Könnuðurinn Dóra
**12.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**12.47** Doddi litli og Eyrnastór
**13.00** Áfram Diego, áfram!
**13.24** Svampur Sveinsson
**13.49** Lalli
**13.55** Rasmus Klumpur
**14.00** Strumparnir
**14.25** Ævintýraferðin
**14.37** Hvellur keppnisbíll
**14.49** Gulla og grænjaxlarnir
**15.00** Tindur
**15.11** Nilli Hólmgeirsson
**15.25** K3
**15.38** Mæja býfluga
**15.47** Stóri og litli
**16.00** Könnuðurinn Dóra
**16.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**16.47** Doddi litli og Eyrnastór
**17.00** Áfram Diego, áfram!
**17.24** Svampur Sveinsson
**17.49** Lalli
**17.55** Rasmus Klumpur
**18.00** Strumparnir
**18.25** Ævintýraferðin
**18.37** Hvellur keppnisbíll
**18.49** Gulla og grænjaxlarnir
**19.00** Ribbit

## GOLFSTÖÐIN

**08.45** The CJ Cup @ Nine Bridges
**12.45** PGA Highlights
**13.40** Golfing World
**14.30** Swinging Skirts LPGA Taiwan Championship
**18.30** Inside the PGA Tour
**18.55** Champions Tour Highlights
**19.50** The CJ Cup @ Nine Bridges
**23.50** Inside the PGA Tour
**00.15** Champions Tour Highlights
**01.10** Golfing World
**02.00** The CJ Cup @ Nine Bridges

## STÖÐ 2 BÍÓ

**11.20** Dare to Be Wild
**13.05** Trip to Italy
**14.50** Roxanne
**16.35** Dare to Be Wild
**18.20** Trip to Italy
**20.10** Roxanne Bráðskemmtileg gamanmynd sem er eins konar nútímaútgáfa leikritsins um Cyrano de Bergerac. Sagan segir af slökkviliðsstjóranum C.D. Bales sem allir dýrka og dá en engin kona lætur sér detta í hug að elska því hann hefur afskaplega óvenjulegt og ljótt nef. Þegar gullfallegur kvenkyns stjörnufræðingur flytur í bæinn er C.D. fyrstur til að bjóða hana velkomna í plássið.
**22.00** Kingsman: The Secret Service Skemmtileg hasarmynd frá árinu 2014 þar sem Colin Firth og Samuel L. Jackson fara meðal annars með aðalhlutverk. Myndin fjallar um smáglæpamanninn Gary „Eggsy“ Unwin sem veit ekki að á sínum tíma tilheyrði faðir hans leyni- og sérveitinni Kingsman. Þegar einn meðlimur sveitarinnar fellur frá er ákveðið að finna staðgengil hans.
**00.10** 6 Bullets
**02.05** Our Brand Is Crisis
**03.55** Kingsman: The Secret Service

## RÚV

**15.05** Ronald Reagan
**16.00** Alþingiskosningar
**16.45** Alþingiskosningar
**17.10** Vesturfarar
**17.50** Táknmálsfréttir
**18.00** KrakkaRÚV
**18.01** Stundin okkar
**18.25** Hvergidrengir
**18.50** Krakkafréttir
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Kastljós og Menningin
**20.05** Vestfjarðavíkingurinn
**21.05** Berlínarsaga
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Alþingiskosningar 2017
**22.50** Skammhlaup
**23.45** Neyðarvaktin
**00.25** Kastljós og Menningin
**00.45** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.25** Dr. Phil
**09.05** 90210
**09.50** Royal Pains
**10.35** The Voice USA
**12.05** The Bachelorette
**13.40** Dr. Phil
**14.20** Life in Pieces
**14.45** Survivor
**15.30** Family Guy
**15.55** The Royal Family
**16.20** Everybody Loves Raymond
**16.45** King of Queens
**17.10** How I Met Your Mother
**17.35** Dr. Phil
**18.15** The Tonight Show
**18.55** The Late Late Show
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Biggest Loser - Ísland
**21.00** The Vow
**22.45** Shakespeare in Love
**00.50** The Tonight Show
**01.30** The Late Late Show
**02.10** 24
**02.55** Law & Order: Special Victims Unit
**03.40** Elementary
**04.25** Agents of S.H.I.E.L.D.
**05.10** The Exorcist
**05.55** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 89,5** Retro | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 99,4** Útvarp Saga | |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 95,7** FM957 | **FM 97,7** X-ið | **FM 100,5** K100 | |

AFSLÁTTUR

# 15%

## AF BLEK- OG DUFTHYLKJUM

## FYRIR MEÐLIMI Í A4 KLÚBBNUM

**19. – 29. október**

EPSON · Canon · DELL · hp · LEXMARK · KYOCERA · RICOH · maxtec · SAMSUNG · brother · KONICA MINOLTA · xerox







Canon PIXMA TS3150 er fjölnota Wi-Fi prentari á góðu verði sem skilar þér skörpum skjölum og líflegum og fallegum blæðandi (borderless) ljósmyndum. Prentaðu beint úr snjalltækinu, Wi-Fi myndavélini eða úr skýinu. Skannaðu og ljósritaðu með háþróuðum 3.8cm LCD skjá.

## TILBOÐ

Canon PIXMA TS3150 prentari

Tilboðsverð: **6.999** kr.

Fullt verð: 8.999 kr.

Erum með blek- og dufthylki í allar helstu gerðir prentara. Sjá nánar á www.a4.is

Afsláttur gildir ekki með öðrum tilboðum.
**Frí heimsending ef verslað er fyrir 5.900 eða meira á www.a4.is**

**A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi

**www.a4.is** / Þú getur einnig fylgt okkur á **Facebook** **pinterest.com/a4fondur** og **instagram.com/a4verslanir**

A4



„Eydís Blöndal, a.k.a. mama on the go, hjá Vinstri grænum fær mitt atkvæði. Hún er ekki bara smart heldur líka flott fyrirmynd. Stíllinn er klassískur og fágaður en á sama tíma er lúkkið afslappað og töff.“



„Kolbrún Birna Hallgrímsdóttir finnst mér vera best klædd því að hún er algjör töffari og er með allt á hreinu bæði í klæðaburði og mikilvægum málefnum.“

# Best klædda fólkið í framboði



„Baldur Borgþórsson er án efa með heiðarlegasta lúkkið í þessum kosningum. Við sjáum öll í gegnum jakkaföt Bjarna og Sigmundar, og okkur leiðast þau. Einkaþjálfaralúkkið sem Baldur hyggst koma með inn á Alþingi væri kærkomin breyting og merki um nýja tíma.“



„Óttarr Proppé er með baneitraðan og djarfan persónulegan stíl og ég sé ekki að hann hafi tónað hann neitt niður eftir að hann varð heilbrigðisráðherra, sem hann fær prik fyrir í mínum bókum. Ég kann vel að meta hvað hann er óhræddur við liti og hann er alveg að rokka haustlitapallettuna en mætti jafnvel bæta örfáum jökkum og rúllukrögum í safnið, svo hann sé ekki alltaf í sömu litunum.“

Það hefur fyrir löngu sýnt sig og sannað að klæðaburður og ásýnd fólks skiptir miklu máli þegar það vill ná góðum árangri í pólitík. Í tilefni þess að það styttist í kosningar leitaði Lífið til nokkurra álitsgjafa sem sögðu sína skoðun á því hvaða frambjóðendur væru flottastir í tauinu.



„Bjarni Benediktsson er alltaf stílhreinn og passar upp á lúkkið. Aldrei „overdressed“, neglir einhvern veginn alltaf rétta lúkkið. Að mínu mati er hann klassa fyrir ofan aðra þegar kemur að klæðaburði.“



„Björt Ólafsdóttir er formaður og oddviti tískunefndar Alþingis. Hún tryggði sér embættið endanlega með stóra kjólamálinu en hún nær á eitursvalan hátt að bæta smá rokki við annars frekar einsleitan þingmannastílinn.“

„Hún styður vel við íslenska hönnun án þess að vera með hrosshársnælur eða þvíumlíkt.“



„Katrín Jakobsdóttir er smekkleg, afslöppuð en alltaf viðeigandi.“

## AÐRIR SEM FENGU TÍSKUSTIG FRÁ ÁLITSGJÖFUM:



Logi Einarsson



Þorvaldur Þorvaldsson



Hildur Sverrisdóttir

**ÁLITSGJAFAR:** Margrét Erla Maack fjöllistakona, Sunna Sæmundsdóttir fréttakona, Jóhann Kristófer Stefánsson tónlistarmaður, Hilda Gunnarsdóttir fatahönnuður, Ólöf Rut, verkefnastjóri hjá Hönnunarmiðstöð, Kjartan Atli Kjartansson, útvarps- og sjónvarpsstjarna, Karin Sveinsdóttir, tónlistarkona


DÚNDURFRÉTTIR
PINK FLOYD
THE
DARK
SIDE OF
THE MOON
45
ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
ELDBORG 7. APRÍL | HOF 18 . APRÍL
MIÐASALA HEFST ÞRIÐJUDAGINN 24. OKTÓBER
Á HARPA.IS · TIX.IS · MAK.IS · 528 50 50

## Heilsan okkar



**Jóhanna E. Torfadóttir** næringarfræðingur og doktor í lýðheilsuvísindum.

### Hvernig er hægt að minnka líkur á brjóstakrabbameini?



Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein hjá konum á heimsvísu og á Íslandi. Þekktustu áhættuþættir brjóstakrabbameins tengjast erfðum, ungum aldri við upphaf blæðinga, hærri aldri við fæðingu fyrsta barns, tíðahvarfahormónum, ofþyngd og áfengisneyslu. Verndandi þættir eru að eignast mörg börn, að vera lengi með barn á brjósti og regluleg hreyfing.

Ýmsir lífsstílstengdir þættir geta haft áhrif á líkur á að fá krabbamein. Því hefur verið haldið fram að sojavörur auki líkur á brjóstakrabbameini. Það er hins vegar ekki rétt og fjöldi rannsókna sýnir að hófleg neysla á sojavörum eykur ekki hættu á brjóstakrabbameini. Aftur á móti eykur áfengisneysla hættu á brjóstakrabbameini og fleiri krabbameinum. Rannsóknir sýna að konur sem drekka eitt léttvínsglas á dag eða minna að jafnaði eru í aðeins aukinni hættu á greiningu miðað við konur sem ekki drekka áfengi. Sé drukkið meira en sem nemur glasi á dag þá eykst hættan samhliða.

> **ÞVÍ HEFUR VERIÐ HALDIÐ FRAM AÐ SOJAVÖRUR AUKI LÍKUR Á BRJÓSTAKRABBAMEINI. ÞAÐ ER HINS VEGAR EKKI RÉTT.**

Þá eru sterkar vísbendingar um að dagleg hreyfing í 30 mínútur á dag minnki líkur á brjóstakrabbameini. Regluleg hreyfing eftir greiningu hefur líka jákvæð áhrif á framþróun sjúkdómsins og minnkar dánarlíkur. Dæmi um hreyfingu er t.d. rösk ganga, garðvinna, sund, hjólreiðar og leikfimi.

Þó svo að lífsstíll geti haft áhrif á áhættuna á að greinast með krabbamein þá greinist fólk sem hefur lifað mjög heilbrigðu lífi stundum með krabbamein.

Að lokum er mikilvægt að hafa í huga að varast matvæli og drykki sem innihalda mikinn viðbættan sykur eins og kökur, kex, sælgæti og sykraða gosdrykki. Slíkar vörur ætti að nota í algeru hófi og má auðvitað sleppa.

**NIÐURSTAÐA:** Áfengisneysla og ofþyngd auka líkur á brjóstakrabbameini en regluleg hreyfing minnkar líkurnar.

Lesendum er bent á að senda sérfræðingum okkar spurningar tengdar heilsu og lífsstíl á **heilsanokkar@frettabladid.is.**

# Ekkert kjöt á matseðlinum

Einkaþjálfarinn og grænmetisætan **Þórdís Ása Dungal** hefur undanfarið vakið athygli fyrir að benda á að það sé óþarfi að borða kjöt til að byggja vöðvamassa og vera í góðu líkamlegu formi. Lífið leitaði til hennar og fékk að vita nákvæmlega hvað það er sem hún borðar.




Þjálfarinn Þórdís Ása er með meistaragráðu í íþrótta- og heilsufræði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Mataræði mitt byggist helst á fræjum, berjum, ávöxtum og grænmeti. Allar máltíðirnar mínar eru stórar því maður þarf að borða mikið ef maður ætlar að byggja upp vöðvamassa," segir þjálfarinn Þórdís Ása Dungal. Hún borðar ekki kjöt og segir það alls ekki há sér í líkamsræktinni.

## Morgunmatur

Ég fæ mér alltaf stóran morgunmat um leið og ég vakna sem er oftast mjög snemma. Ég undirbý hann alltaf kvöldið áður með því að setja chia-fræ, hörfræ, hampfræ og graskersfræ í vatn. Ég bæti svo frosnum hindberjum og brómberjum ofan á og læt það standa yfir nóttina. Þá eru fræin tilbúin og berin þiðin um morguninn. Ég borða þetta með ferskum vínberjum. Mér finnst gott að bragðbæta grautinn með vanillu- eða karamellustevíu.

Ef ég þarf að kenna eða æfa snemma þá borða ég minna og fæ mér þetta síðan eftir á. En ég hef vanið líkamann á það að fá mikinn mat þegar ég vakna. Að borða morgunmat kemur líkamsstarfseminni í gang og kemur jafnvægi á blóðsykurinn.



> **ÉG HEF VANIÐ LÍKAMANN Á ÞAÐ AÐ FÁ MIKINN MAT ÞEGAR ÉG VAKNA.**

## Hádegismatur

Þegar ég vakna mjög snemma þá borða ég hádegismatinn um tíuleytið. Hann er svipaður og morgunmaturinn; mikið af fræjum, berjum og svo bæti ég við próteini. Hér set ég aftur öll fræin út í vatn, skelli svo slatta af bláberjum og jarðarberjum út á og svo mysupróteini. Ef mann vantar eitthvað þá er í raun hægt að bæta hverju sem er út í þetta.





## Kvöldmatur

Ég borða síðustu máltíðina mína yfir daginn fyrir kl. 17.00. Hún inniheldur oftast mikið grænmeti. Eftir það fasta ég þar til næsta morgun og þess vegna er mikilvægt fyrir mig að borða mikið innan þessa tímaramma. Mér finnst rosalega gott að fá mér tortilla með grænmeti. Þá elda ég sveppi og lauk saman á pönnu og krydda. Svo skelli ég þessu í tortilla-pönnuköku með fersku spínati, papriku, tómötum og smá Sriracha-sósu. Sjálf er ég ekki hrifin af baunum en þær myndu henta vel í svona.

## Millimál

Í millimál fæ ég mér yfirleitt bara ferskan ávöxt eða próteinríkt brauð. Bananar eru í miklu uppáhaldi hjá mér, en mér finnst líka gott að grípa í tómat eða papriku. Ég er ekki hrifin af booztum eða neinum fljótandi mat. Að borða er vandmeðfarið ferli og maður á aldrei að drífa sig. Það fara af stað alls konar heilaboð við það að borða sem hafa áhrif á það hvernig líkaminn vinnur úr fæðunni. Svo er líka bara miklu betra að njóta matarins.

Ása bendir áhugasömum á að fylgjast með sér á Snapchat undir notendanafninu disadungal. „Þar er ég dugleg að gefa góð ráð og koma með hugmyndir að mataræði og æfingum." **gudnyhronn@365.is**



GIACOMO PUCCINI

# TOSCA



HÖNNUN: HGM

FRUMSÝND 21. OKTÓBER 2017
Í ELDBORG – HÖRPU

HLJÓMSVEITARSTJÓRI **BJARNI FRÍMANN BJARNASON** · LEIKSTJÓRI **GREG ELDRIDGE**
TOSCA **CLAIRE RUTTER** · CAVARADOSSI **KRISTJÁN JÓHANNSSON** · SCARPIA **ÓLAFUR KJARTAN SIGURÐARSON**

ANGELOTTI **ÁGÚST ÓLAFSSON** · SAGRESTANO **BERGÞÓR PÁLSSON**
SPOLETTA **ÞORSTEINN FREYR SIGURÐSSON** · SCIARRONE **FJÖLNIR ÓLAFSSON**
**KÓR OG HLJÓMSVEIT ÍSLENSKU ÓPERUNNAR** · **DRENGJAKÓR REYKJAVÍKUR**
LEIKMYND **ALYSON CUMMINS** · BÚNINGAR **NATALIA STEWART**
LJÓSAHÖNNUN **ÞÓRÐUR ORRI PÉTURSSON** · SVIÐSHREYFINGAR **JO MEREDITH**

**MIÐASALA Á OPERA.IS**

#islenskaoperan

ÍSLENSKA ÓPERAN

# METSÖLULISTI EYMUNDSSON
## 11.10.17 – 17.10.17




**1** **Með lífið að veði**
Yeonmi Park




**2** **Litla bókabúðin í hálöndunum**
Jenny Colgan




**3** **Blóðug jörð**
Vilborg Davíðsdóttir




**4** **Fjallið sem yppti öxlum**
Gísli Pálsson




**5** **Gagn og gaman**
Helgi E. / Ísak J.




**6** **Ósýnilegi verndarinn**
Dolores Redondo




**7** **Stúlkan sem gat ekki fyrirgefið**
David Lagercrantz




**8** **Kanínufangarinn**
Lars Kepler




**9** **Binna B - Sætasta gæludýrið**
Sally Rippin




**10** **Binna B - Skröksögur**
Sally Rippin

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUNDSSON UM LAND ALLT

Penninn Eymundsson




**Margrét Reynisdóttir, höfundur bókarinnar, bendir á að um 80 prósent vinni í einhvers konar þjónustustarfi og því upplifi margir þá erfiðu lífsreynslu að fá erfiða viðskiptavini á sig.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Þegar viðskiptavinir breytast í viðskiptaóvini

Út er komin bók þar sem fólki er ráðlagt hvernig eigi að tækla erfiða viðskiptavini. Höfundur bókarinnar, **Margrét Reynisdóttir**, segir að það sé hægt að undirbúa sig þegar reiði viðskiptavinar skellur á.

Sumir lenda í erfiðum viðskiptavinum oft á dag og ég held ég þori að fullyrða að allir lenda í slíkum viðskiptavinum einhvern tímann," segir Margrét Reynisdóttir sem hefur gefið út bókina Að fást við erfiða viðskiptavini – Fagmennska í fyrirrúmi.

Margrét segir að þegar fólk lendir í erfiðum viðskiptavinum þá geti slík lífsreynsla setið lengi í fólki. „Fólk þarf að undirbúa sig fyrir svona því þetta mun gerast. Þetta er eins og að manneskjan við hliðina á þér fær hjartaáfall og þú ert ekki búinn að fara á skyndihjálparnámskeið. Það er hægt að undirbúa sig þegar reiðin hellist yfir þig frá viðskiptavinum."

Hún segir að Íslendingar séu almennt mjög beinskeytt fólk og hvasst en ekki eru til neinar rannsóknir sem sýna fram á að þeir séu meiri dónar en aðrar þjóðir. „Bretar eru kurteisir og búa ekki til aðstæður sem við búum oft til. Þeir myndu koma sínum kvörtunum áleiðis skriflega. Það er búið að ala upp í þeim kurteisi á staðnum – en við getum gosið. Og ef starfsmaðurinn er undirbúinn er líklegra að hann afstýri því að eitthvað gerist."

Viðskiptavinur sem verður reiður hugsar ekki rökrétt, reiðin verður svo mikil að engin rökhugsun fyrirfinnst. „Við erum að reyna að fá fólk til að hætta á þessu andskotans, djöfulsins stigi. Þannig að það fari ekki að leika einhvern trúð. Viðskiptavinir sem haga sér svona eru yfirleitt komnir út í horn og finnst hafa verið brotið á sér. Það er búið að taka eitthvað sem fólk hélt að það hefði rétt á. En þá er sniðugt að bjóða fólki upp á val."

Hún segir að þetta sé algengt í ferðaþjónustunni enda sé fólk undir mjög miklu álagi þegar það ferðast. „Fólk er búið að bíða í röðum, gleyma kannski einhverju og búið að keyra á erfiðum vegum á Íslandi. Ef eitthvað fer úrskeiðis þá getur þetta komið fyrir hvern sem er en auðvitað eru til kverúlantar sem endurtaka tryllinginn. Þetta er fólk sem lendir í erfiðum aðstæðum og einfaldlega missir sig. Þá er betra að vera undirbúinn." **benediktboas@365.**

## DÆMISAGA ÚR ÍSLENSKUM RAUNVERULEIKA

Bandbrjálaður viðskiptavinur kom æðandi inn. Ég veitti honum fulla athygli á meðan hann „drullaði" yfir mig persónulega. Þegar hann var búinn að ausa úr sér bauð ég honum kurteislega að koma með mér á bak við, þar gætum við rætt saman í ró og næði og fundið lausn á málinu. Ég bauð honum kaffi og súkkulaði sem hann þáði. Við settumst niður og ég sagði að mér þætti leitt að hann hafi lent í þessum óþægindum. Ég byrjaði svo að spyrja spurninga. Ég endurtók svo það sem hann hafði sagt og spurði hvort ég hefði ekki örugglega skilið hann rétt. Sú aðferð svínvirkaði því við fundum farsæla lausn á vandamálinu. Undir það síðasta vorum við farin að hlæja saman. Áður en hann svo hélt sína leið baðst hann afsökunar á því hversu æstur hann hefði verðið þegar hann kom.

**VIÐ ERUM AÐ REYNA AÐ FÁ FÓLK TIL AÐ HÆTTA Á ÞESSU ANDSKOTANS, DJÖFULSINS STIGI. ÞANNIG AÐ ÞAÐ FARI EKKI AÐ LEIKA EINHVERN TRÚÐ. VIÐSKIPTAVINIR SEM HAGA SÉR SVONA ERU YFIRLEITT KOMNIR ÚT Í HORN OG FINNST HAFA VERIÐ BROTIÐ Á SÉR. ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ TAKA EITTHVAÐ SEM FÓLK HÉLT AÐ ÞAÐ HEFÐI RÉTT Á.**

## Góð ráð

1. Hlusta vandlega til að átta sig á því í hverju vandamálið felst. Það er nefnilega yfirleitt tilgangslaust að grípa fram í eða rökræða í upphafi samtals. Viðskiptavinurinn heyri í raun ekki í starfsmanninum fyrr en hann hefur fengið að tjá sig og losa sig við mesta tilfinningahitann. Sumir hafa fyrir reglu að bjóða háværum aðilum afsíðis. Þá er hægt að veita þeim óskipta athygli og fara yfir málið í ró og næði. Aðrir viðskiptavinir verða þá heldur ekki fyrir truflun eða áhorfendur að því þegar hegðunin fer út fyrir öll skynsemismörk.
2. Það getur haft góð áhrif á fólk að fá afsökunarbeiðni á almennu nótunum.
3. Stundum er líka gott að sýna skilning. Hér kemur dæmi um setningu: Ég átta mig á að þetta hefur tekið langan tíma. Þetta hlýtur að vera þreytandi.
4. Raddblærinn og líkamstjáningin verður að sýna að starfsmaðurinn meinti það sem hann sagði. Að vera ekki einlægur þegar afsökunarbeiðni er borin fram eða að þykjast sýna skilning og meina það ekki, er verra en að segja ekki neitt við reiðan viðskiptavin.
5. Reiðum viðskiptavinum finnst stundum eins og það hafi veri brotið á þeim. Þess vegna getur það haft áhrif á ánægju þeirra ef þeir fá eitthvað val (jafnvel þótt það sé ekki endilega merkilegt).

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

VAXTALAUS AFBORGUN

# Vaxtalaus afborgun af

# ÖLLUM ÚRUM OG SKARTGRIPUM

Gildir ekki með öðrum tilboðum

Raðgreiðslulán með Netgíró, Pei eða kreditkorti í allt að 12 mánuði.
Vaxtalausir dagar standa til og með 19. nóvember.

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR

Laugavegi 15 og Kringlunni – sími 511 1900 – www.michelsen.is

VAXTALAUS AFBORGUN

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir

**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**



Frosta Logasonar

# Bananalýðveldi

Já, lesandi góður. Það er orðið staðfest. Við búum í bananalýðveldi. Samkvæmt skilgreiningu alfræðivefsins Wikipedia er hugtakið nýyrði um lýðveldi sem hafa haft tíð ríkisstjórnarskipti og er í dag notað frjálslega um lönd þar sem stjórnmál eru í reiðuleysi. Þá eru fréttir sem sagðar voru í vikunni af aðför Sýslumannsins í Reykjavík að frjálsri fjölmiðlun í landinu einnig klæðskerasniðnar að hugtakinu.

Aðstæðurnar sem birtust okkur í kvöldfréttatíma mánudagsins voru eins og súrrealísk sena úr skáldsögu Kafka, þar sem skömmustulegir embættismenn létu eins og allt væri eðlilegt við komu þeirra á skrifstofur Stundarinnar. Ritstjóri blaðsins meinaði þeim inngöngu í vinnuaðstöðu blaðamanna, réttilega, en í staðinn varð uppákoman að allsherjar skrípaleik á kaffistofu blaðsins.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur margsinnis komist að þeirri niðurstöðu að fjölmiðlum beri að gæta hagsmuna almennings og að einungis sé hægt að skerða tjáningarfrelsi þeirra ef sú skerðing er nauðsynleg í lýðræðisþjóðfélagi. Ekkert í fréttaflutningi Stundarinnar bendir til að blaðamenn hafi farið illa með viðkvæmar upplýsingar eða yfirhöfuð birt eitthvað sem ekki hafi átt brýnt erindi við almenning. Það var nákvæmlega ekkert tilefni til að fallast á lögbannskröfu þrotabús Glitnis.

Nú nægir ekki að flagga skrúðmælgi um tjáningarfrelsi og mikilvægi fjölmiðla á tyllidögum eða þegar stjórnmálamenn eru komnir upp að vegg. Nú þurfa stjórnvöld og dómstólar að taka þessi mál alvarlega. Þangað til það gerist verðum við ekkert annað en bananalýðveldi.


OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ICELAND ENGIHJALLA, VESTURBERGI, ARNARBAKKA, GLÆSIBÆ OG STAÐARBERGI
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

HUMAR
3.900 kr/kg
STÆRÐ 30/40
Fiskikóngurinn
Sogavegi 3
Höfðabakka 1


